













# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

29. janúar 2010 — 24. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



**Vísindavefurinn tíu ára**

Unglingar spyrja flestra spurninga.

TÍMAMÓT 22



**Ólafur Ragnar verður Tommy**

Ameríska Næturvaktin er nokkuð frábrugðin þeirri íslensku.

FÓLK 38

**Dýr og volgur**

„Hvenær ætti þetta svigrúm til frekari hækkana áfengis í raun að vera uppurið?“, skrifar Pawel Bartoszek.



Í DAG 20



**Viktor Bjarki í KR**

Viktor Bjarki Arnarsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við KR.

ÍÞRÓTTIR 35

## VEÐRIÐ Í DAG




**Kólnar í veðri** Í dag verður hæglætisveður, norðlægar eða breytilegar áttir, 3-8 m/s. Víða verður bjart, sérstaklega inn til landsins. Él á stöku stað, einkum á Vestfjörðum og allra austast.

VEÐUR 4

# Rætt við Breta og Hollendinga í Haag

**Fjármálaráðherra og formenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks funda í Hollandi í dag með breskum og hollenskum ráðherrum um Icesave-málið.**

**STJÓRNMÁL** Þrír forystumenn í íslenskum stjórnmálum héldu í gær til Haag í Hollandi til að eiga í dag fund um Icesave- málið með Wouter Bos, fjármálaráðherra Hollands, og Paul Myners, bankamálaráðherra Bretlands.

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður Vinstri grænna, Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sitja fundinn af Íslands hálfu.

Ekki er um samningafund að ræða heldur er ætlunin að fara yfir málið og meta í framhaldinu hvort forsendur séu fyrir frekari viðræðum. Þá mun fundurinn ekki síst hugsaður svo íslenska stjórnarandstaðan geti átt milliliðalaus samskipti við breska og hollenska ráðamenn.

Til stóð – að vilja Breta og Hollendinga – að halda fundinum leyndum fyrir fjölmiðlum en gefa út sameiginlega fréttatilkynningu um efni hans að honum loknum.

Nokkur aðdragandi er að fundinum en á miðvikudag lá ljóst fyrir að af honum yrði. Ákveðið var af hálfu ríkisstjórnarinnar að Steingrímur sækti fundinn, enda Icesave-málið á forræði fjármálaráðherrans, en stjórnarandstaðan kom sér saman um að Bjarni og Sigmundur Davíð tækju þau tvö sæti sem henni bauðst að fylla.

Alþingi kemur saman í dag að loknu jólaleyfi. Hefst þingfundur klukkan tólf. **- bþs**

Organisti í dægurlagakeppni:

## Vann græjur fyrir milljónir

**FÓLK** Steingrímur Þórhallsson, organisti í Neskirkju, kom, sá og sigraði í alþjóðlegri lagakeppni á vefsíðunni Broadjam.com. Í sigurlaun fékk hann heilt bretti af græjum sem kosta samanlagt tæpar fjórar milljónir íslenskra króna eða þrjátíu þúsund dollara. Steingrímur segist ekki hafa sofið síðustu næturnar fyrir úrslitin enda amerísk keppni og tímamismunurinn átta tímar. Hann segir verðlaunin vera hvatningu til frekari lagasmíða. **- drg /** **sjá síðu 38**



STEINGRÍMUR ÞÓRHALLSSON




**UNDANÚRSLIT TVÖ MÓT Í RÖÐ** Strákarnir okkar tryggðu sér í gær sæti í undanúrslitum á EM í Austurríki með því að leggja Noreg að velli, 35-34. Hetjur Íslands í gær voru þeir Arnór Atlason og Björgvin Páll Gústavsson sem fagna hér ógurlega ásamt félögum sínum. Ísland mætir Frakklandi í undanúrslitum á laugardag. MYND/DIENER

Ferð á undanúrslit EM:

## Seldist upp á tíu mínútum

**HANDBOLTI Þjóðfélagið fór á annan endann í gær þegar strákarnir okkar tryggðu sér sæti í undanúrslitum á EM.**

**Ferðaskrifstofan VITA bauð í gær upp á sérferð á undanúrslitin þar sem farið verður út á laugardagsmorgun og komið heim á sunnudagskvöld.**

**Svo mikil var stemningin í þjóðfélaginu eftir leikinn að uppselt varð í ferðina innan við tíu mínútum eftir að sala hófst. Það hlýtur að vera fáheyrt.**

**Þar sem augljóslega komast færri en vilja í þessa ferð voru VITA-menn að vinna í því í gær að fá aðra vél til þess að flytja handboltaóða Íslendinga til Vínarborgar um helgina.**

**„Ég hef skipulagt ferðir á ýmsa íþróttaviðburði í gegnum tíðina en aldrei orðið vitni að öðru eins. Strax eftir að leiknum lauk urðu allar símalínur rauðglóandi,“ sagði Lúðvík Arnarson, framkvæmdastjóri VITA Sport.** **- hbg**

Starfsmenn Samkeppniseftirlitsins gera húsleit í höfuðstöðvum Íslandspósts:

# Rannsaka meinta misnotkun

**SAMKEPPNISMÁL** Starfsmenn Samkeppniseftirlitsins leituðu í höfuðstöðvum Íslandspósts á miðvikudagsmorgun vegna gruns um brot á samkeppnislögum. Húsleitin kom í kjölfar kvartana Pósthússins, sem er í samkeppni við Íslandspóst.

„Þetta er liður í rannsókn sem beinist að meintri misnotkun á markaðsráðandi stöðu,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Hann vill ekki upplýsa í hverju meint misnotkun Íslandspósts á að hafa falist, en tekur fram að rannsóknin beinist að fleiri atriðum en einu.

„Við teljum að þeir misnoti markaðsráðandi stöðu sína,“ segir Hannes Hannesson, framkvæmdastjóri Pósthússins. Fyrirtækið hafi sent Samkeppniseftirlitinu nokkrar ábendingar um meint brot Íslandspósts á samkeppnislögum.

„Þeir fengu gögn hjá okkur, en ég veit ekki hversu víðtæk leit þeirra var,“ segir Ingimundur. Hann segist aðspurður ekki telja að fyrirtækið hafi gerst brotlegt við samkeppnislög. **- bj /** **sjá síðu 4**





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.






## SPURNING DAGSINS



*Úlfar, eruð þið þá hættir að skeggræða stýrivextina?*

„Við förum að minnsta kosti ekki í hár saman út af þeim.“

Úlfar Eysteinsson og Tómas Tómasson veitingamenn fengu langþráðan rakstur í Seðlabankanum á miðvikudag, þegar stýrivextir voru lækkaðir í 9,5 prósent.



**BIRNAN FELLD** Ástand hennar var gott. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐJÓN

Hvítabjörninn í Þistilfirði:

# Reyndist vera vel á sig kominn

**NÁTTÚRA Birnan sem felld var í Þistilfirði á miðvikudag reyndist betur á sig komin en birnirnir tveir sem komu á land í Skagafirði sumarið 2008.**

**Birnan var flutt til Sauðárkróks í gær, þar sem hún var flegin. Feldurinn verður varðveittur þar en skrokkurinn sendur suður til rannsókna á Tilraunastöðinni á Keldum. Birnan vó um 136 kíló og virðist vera ung að árum. Feldurinn er fallegur og óskemmdur, engin nuddsár á skrokknum og hárin glansandi sem bendir til að hún hafi ekki verið langsoltin. - gb**

Rithöfundurinn J.D. Salinger:

# Látinn eftir áratuga einangrun

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríski rithöfundurinn J.D. Salinger lést á miðvikudag, 91 árs að aldri.



**J.D. SALINGER**

Salinger hafði áratugum saman forðast samneyti við fólk og neitað öllum viðtölum. Hann er einkum þekktur fyrir stutta skáldsögu sína, Bjargvætturinn í grasinu, sem kom út árið 1951 og fjallar um uppreisnargjarnan unglingspilt sem vill ekki láta steypa sig í sama mót og kynslóð foreldranna.

Bókin hafði mikil áhrif og kom út á íslensku í þýðingu Flosa Ólafssonar árið 1975. - gb

Tveir piltar innan við tvítugt ákærðir fyrir alvarleg brot:

# Börðu pilta með felgujárni

**DÓMSMÁL** Tveir tæplega tvítugir piltar hafa verið ákærðir fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Að auki er annar þeirra ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, þjófnað og fleira.

Piltunum er gefið að sök að hafa að kvöldi 25. júlí 2008 í Spönginni í Reykjavík, ráðist á tvo jafnaldra sína, slegið þá með krepptum hnefum í andlit og líkama, sparkað ítrekað í þá víðs vegar um líkama og slegið þá með felgujárni í hand- og fótleggi. Afleiðingar árásarinnar voru þær að fórnarlömbin voru með opin sár og aðra áverka, auk þess sem annað þeirra nefbrotnaði.

Þá er annar piltanna ákærður fyrir að hafa stolið bíl og ekið honum réttindalaus og undir áhrifum fíkniefna, þar til hann lenti í árekstri. Hann stakk af frá slysstað.

Sami piltur er ákærður fyrir innbrot í verslun og stuld á fartölvu.

Loks er honum gefið að sök að hafa kýlt starfsmann meðferðarheimilis í andlitið. Starfsmaðurinn marðist talsvert við höggið.

Aðstandendur piltanna, sem hinir ákærðu réðust á, gera skaðabótakröfu á hendur þeim upp á rúmlega eina milljón króna. - jss



**FELGUJÁRN** Piltarnir börðu tvo jafnaldra sína í handleggi og fætur með felgujárni.

Hlutafélög og einkahlutafélög:

# Nýskráningar fleiri í fyrra

**VIÐSKIPTI Nýskráningar einkahlutafélaga og hlutafélaga á síðasta ári voru 2.642 talsins, tæplega þremur prósentum fleiri en á árinu 2008, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands.**

**Nýskráningarnar á árunum 2008 og 2009 eru þó langtum færri en árin þar á undan. Flestar voru skráningarnar árið 2007, tæplega 3.700 talsins.**

**Eins og áður voru flestar nýskráningar í fyrra vegna starfsemi eignarhaldsfélaga og leigu á atvinnuhúsnæði. Rúmlega fimmtungur allra nýskráðra fyrirtækja var í þessum tveimur greinum, segir á vef Hagstofunnar. - bj**

# Heimildarmaður njóti nafnleyndar fyrir rétti

**Starfsmenn fréttastofu Stöðvar 2 krefjast þess að heimildarmaður fái að bera vitni einslega fyrir dómara í meiðyrðamáli fjögurra útrásarvíkinga á hendur þeim. Ekkert fordæmi er fyrir kröfu af þessu tagi til verndar heimildarmanni.**

**DÓMSMÁL** Lögmaður fréttastjóra og fréttamanns Stöðvar 2 hefur farið fram á það að heimildarmaður fréttastofunnar fái að gefa skýrslu einslega fyrir dómara í meiðyrðamálum nokkurra útrásarvíkinga gegn starfsmönnum fréttastofunnar. Eftir því sem næst verður komist á krafan sér ekkert fordæmi á Íslandi.

Magnús Þorsteinsson, Karl Wernersson og feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson hafa allir stefnt starfsmönnum fréttastofunnar fyrir meiðyrði vegna fréttar af meintum fjármagnsflutningi þeirra úr Straumi á erlenda bankareikninga um það leyti sem bankarnir féllu. Þeir krefjast allir einnar milljónar í skaðabætur. Stefna þeir ýmist Óskari Hrafni Þorvaldssyni fréttastjóra, Gunnari Erni Jónssyni fréttamanni, Telmu Tómasson fréttaþul eða þeim í sameiningu.

Tekist var á um kröfuna í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, en í grunninn snýst hún um að heimildarmaðurinn fái að mæta og gefa skýrslu einn fyrir dómara og votti, án þess þó að lögmenn viðskiptajöfranna fái að vita hver hann er eða að persónugreinanlegar upplýsingar birtist í dómskjalinu.

Daníel Isebarn Ágústsson flutti málin fyrir starfsmenn fréttastofunnar, og benti á að stefndu hefðu óumdeildan rétt samkvæmt lögum til að halda uppi vörnum í málinu eftir öllum tiltækum leiðum, en bæri að sama skapi að halda hlífiskildi yfir heimildarmönnum sínum. Meira að segja væri kveðið á um það í lögum að vitni í dómsmáli væri óheimilt að gefa upp nöfn heimildarmanna sinna.

Sagði Daníel að dómurinn þyrfti að finna leið til að samræma þetta tvennt, og besta leiðin til þess væri sú sem stungið væri upp á í kröfunni. Heimildarmaðurinn í þessu tilviki væri í viðkvæmri stöðu, og kynni að hafa brotið þagnarskyldureglur, til dæmis bankaleynd, með því að veita fréttastofunni upplýsingar. Engu máli skipti þótt ekki væri bein stoð fyrir því í lögum að fara svona að því ekkert bannaði það beinlínis heldur.

Lögmenn útrásarvíkinganna mótmæltu kröfunni. Þórunn Guðmundsdóttir, lögmaður Björgólfsfeðga, sagði lagaákvæðin sem Daníel vísaði til ekki eiga við í þessu tilviki. Lögmenn stefndu ættu rétt á að vera viðstaddir skýrslutökur af vitnum og engin rök væru fyrir því að fallast á „einhvern einkafund með dómara“. Sagði hún sönnunarbyrðina hvíla á stefndu, og að þegar hefðu komið fram gögn í málinu frá Straumi Burðaráss og þrotabúi Samsonar, sem sýndu að fréttaflutningurinn hefði verið rangur.

stigur@frettabladid.is



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** **BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** **MAGNÚS ÞORSTEINSSON** **KARL WERNERSSON**



**LEIÐTOGAR Á FUNDI** Hamid Karzai í hópi annarra fundargesta. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðstefna um Afganistan:

# Erlendur her áratug í viðbót

**BRETLAND, AP** Leiðtogar sjötíu ríkja komu saman í London í gær til að ræða framtíð Afganistans. Þar var samþykkt að alþjóðlegu hersveitirnar í Afganistan muni byrja að afhenda heimamönnum umsjón með öryggismálum í friðsamari héruðum landsins öðru hvoru megin við næstu áramót.

Reiknað er með að afganski herinn geti innan þriggja ára tekið að sér megnið af hernaðaraðgerðum í þeim héruðum landsins, þar sem ástandið er hvað ótryggast. Hamid Karzai, forseti Afganistans, tók þó fram að væntanlega þurfi erlent herlið að vera áfram í landinu næstu tíu til fimmtán árin. - gb

Minni vatnsgufa í heiðhvolfi:

# Talin geta skýrt hægari hlýnun

**VÍSINDI, AP Minni vatnsgufa í heiðhvolfi gufuhvolfsins gæti verið skýringin á því að hægt hefur á hlýnun jarðar síðustu árin.**

**Þetta kemur fram í nýrri skýrslu bandarískra vísindamanna, sem sagt er frá í nýjasta hefti vísindatímaritsins Science.**

**Rannsóknir sýna að vatnsgufa í heiðhvolfinu, sem nær frá 10-17 km hæð frá jörðu upp í 50 km hæð, hefur minnkað síðan um aldamótin. Ástæða þess er óþekkt, en þetta gæti verið skýringin á því að hlýnunin hefur verið hægari. - gb**






Ásbjörn Óttarsson þingmaður Sjálfstæðisflokks víkur úr bankahrunsnefnd:

# Vill tryggja frið um nefndina

**STJÓRNMÁL** Ásbjörn Óttarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði sig í gær úr níu manna þingmannanefnd sem er ætlað að bregðast við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

„Að undanförnu hafa mál er mér tengjast verið til umfjöllunar í fjölmiðlum,“ segir Ásbjörn í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær.

Hann segist hafa ákveðið að segja sig frá störfum nefndarinnar „til að tryggja að friður ríki um störf hennar. Þau mál sem hún mun hafa til umfjöllunar eru þess eðlis að ekkert má verða til að draga athyglina frá þeirri mikilvægu vinnu sem nefndinni er ætla að inna af hendi, þar með talin persónuleg mál einstakra nefndarmanna.“

Fram hefur komið að Ásbjörn hefur játað á sig lögbrot opinberlega með því að greiða sjálfum sér tuttugu milljónir króna úr fyrirtæki sínu, Nesveri. Ásbjörn segist hafa greitt féð til baka, lögbrotið hafi verið óviljandi.

Sigurður Líndal lagaprófessor segir mikilvægt að mál hans verði rannsakað og hann dragi sig í hlé á meðan: „Þótt maður sé enginn sérfræðingur í bókhaldi verður maður að vita hvað er að gerast í fyrirtækinu,“ segir Sigurður.

Annar virtur lögspekingur, sem ekki vill láta nafns síns getið, segir að brot sé brot, hvort sem Ásbjörn greiddi peningana til baka eða ekki. - gb / kóþ



**ÁSBJÖRN Á ALÞINGI** Telur rétt að persónuleg málefni sín dragi ekki athyglina frá hinu mikilvæga starfi nefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# SKJÁR*EINN* FÆRIR ÞÉR SVO MIKLU MEIRA



**SkjárEinn** býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldsþættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú búið til þinn eigin pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.

**Fáðu þér áskrift á skjareinn.is**

EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP




SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

ENNEMM / SIA / NM40679

## GENGIÐ 28.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,74 | 128,34 |
| Sterlingspund | 207,40 | 208,40 |
| Evra | 178,91 | 179,91 |
| Dönsk króna | 24,028 | 24,168 |
| Norsk króna | 21,842 | 21,970 |
| Sænsk króna | 17,521 | 17,623 |
| Japanskt jen | 1,4152 | 1,4234 |
| SDR | 198,78 | 199,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,8488

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skiptastjóri þrotabús Fons stefnir Pálma Haraldssyni og krefst milljarða til baka í bú félagsins:

# Segist sofa áhyggjulaus á nóttunni

**VIÐSKIPTI** Óskar Sigurðsson, lögmaður og skiptastjóri þrotabús Fons, ætlar að stefna Pálma Haraldssyni og Jóhannesi Kristinssyni, eigendum Fons, vegna arðgreiðslu upp á 4,2 milljarða króna frá Fons til Matthew Holding árið 2007, félags sem tvímenningarnir áttu. Óskar vill rifta arðgreiðslunni auk tólf samninga sem Fons gerði, svo sem lána- og gjaldmiðlaskiptasamninga við Glitni.



**PÁLMI HARALDSSON**

„Ég hef engar áhyggjur og sef rólegur á nóttunni. Ég hef fengið, að mínu viti færustu lögmenn landsins, til að fara yfir málið. Þeir telja af og frá að arðgreiðslunni verði rift,“ segir Pálmi í samtali við Fréttablaðið.

Á meðal annarra samninga sem skiptastjóri vill rifta er sala á breska flugfélaginu Astreus til Fengs, félags í eigu Pálma skömmu fyrir gjaldþrot Fons um mitt síðasta ár. Fengur keypti félagið á fimmtíu þúsund pund, jafnvirði 10,5 milljóna króna, úr búinu. Mat skiptastjóra hljóðar upp á sjö til sautján milljónir punda, jafnvirði um 3,5 milljarða króna á núvirði.

Pálmi segir þrotabú Fons að mörgu leyti sérstakt. Hann spáir því að kröfur í búið, sem hljóði upp á fjörutíu milljarða króna, verði lækkaðar um helming. Þá eigi félagið á fimmta milljarða upp í þær í lausu fé. „Þetta er peningur sem liggur inni á bankabók,“ segir Pálmi. **- jab**

### SÉR EFTIR KAUPUM Í FL GROUP

Glitnir lánaði Fons tæpa 10,3 milljarða króna vegna kaupa á 6,87 prósenta hlut Gnúps í FL Group 5. desember 2007. Veðið fyrir láninu voru bréfin sjálf, rúmir 635 milljónir hluta í FL Group. Andvirði sölutryggingar Glitnis á Skeljungi, sem Fons átti í gegnum félagið Uppsprettu, gekk upp í kröfuna í september ári síðar og gerir bankinn kröfu um það sem út af stendur, 3,4 milljarða króna með vöxtum, á búið. Pálmi viðurkennir að það hafi verið mistök að taka þátt í hrunadansinum í kringum fall Gnúps og FL Group um áramótin 2007. „Gnúpur leitaði logandi ljósi að kaupanda og ég gerði þau stóru mistök að kaupa bréfin,“ segir hann.



**ARCTIC PRINCESS** Gasflutningaskipið er 121 þúsund tonn, 288 metra langt og 49 metrar að breidd. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Skipaumferð við landið:

## Á 15 mílum í 5 metra ölduhæð

**ÖRYGGISMÁL** Áhöfn Sifjar, flugvélar Landhelgisgæslunnar, flaug í gær yfir norska risaflutningaskipið Arctic Princess þar sem það var á siglingu. Haft var samband við rússneskan skipstjóra skipsins. Gasflutningaskipið öslaði þá áfram suður af Dyrhólaey á fimmtán mílna hraða þrátt fyrir þungan sjó, en fimm metra ölduhæð var mæld af LHG í ferðinni.

LHG hefur síðastliðna sólarhringa fylgst með siglingu skipsins sem er á leið frá Hammerfest í Noregi til Cove Point í Bandaríkjunum. **- shá**

### LEIÐRÉTT

Vegna greinar í sérblaði um hesta síðastliðinn þriðjudag skal tekið fram að það er einkafyrirtækið Skógarafurðir ehf. í Gunnarsholti, í samstarfi við Landgræðsluna, sem er með framleiðslu á spónum.

Í frétt um skeggjuðu kokkanna Tómas Tómasson og Úlfar Eysteinsson var sagt að Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, hefði hringt í þá á mánudagskvöld. Hann hringdi að sjálfsögðu í þá á þriðjudagskvöld.

Flugstoðir birta tölur um flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu en ekki Flugmálastjórn eins og kom fram í blaðinu í gær.

# Samkeppniseftirlitið leitar hjá Íslandspósti

**Grunur leikur á að Íslandspóstur hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Samkeppniseftirlitið lagði hald á gögn í húsleit á miðvikudagsmorgun. Rannsókn beinist meðal annars að samningum við samkeppnisaðila um magnpóst.**

**SAMKEPPNISMÁL** Starfsmenn Samkeppniseftirlitsins gerðu húsleit í höfuðstöðvum Íslandspósts á miðvikudagsmorgun vegna gruns um brot á samkeppnislögum.

„Þetta er liður í rannsókn sem beinist að meintri misnotkun á markaðsráðandi stöðu,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Hann vill ekki upplýsa í hverju meint misnotkun Íslandspósts á að hafa falist, en tekur fram að rannsóknin beinist að fleiri en einu atriði. Samkeppniseftirlitið hafi verið að fylgjast með þessum markaði í nokkurn tíma.

Húsleitin gekk vel og lagt var hald á bæði tölvugögn og pappíra, segir Páll Gunnar. Hann vildi ekki segja til um hvenær niðurstöður úr rannsókn Samkeppniseftirlitsins væru væntanlegar.

„Við teljum að þeir séu að misnota markaðsráðandi stöðu sína í tilboðum í skjóli þess að þeir eru með einkarétt á bréfum upp að 50 grömmum. Við teljum að þeir séu að nýta það kerfi til að niðurgreiða samkeppnisflutning,“ segir Hannes Hannesson, framkvæmdastjóri Pósthússins.

Hann segir Pósthúsið hafa sent nokkrar ábendingar til Samkeppniseftirlitsins vegna atriða sem talið sé að varði við samkeppnislög.

Meðal þess sem kvartað var yfir er túlkun Íslandspósts á samningum um magnflutninga, segir Hannes. „Þeir vildu meina að það sem við værum að senda félli ekki innan þess samnings, og yfir því kvörtuðum við til Samkeppniseftirlitsins þar sem við töldum að þeir væru að mismuna okkur,“ segir Hannes.





**PÓSTUR** Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir að fylgst hafi verið með póstmarkaði í nokkurn tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslandspóstur er meðal annars með einkarétt á dreifingu á bréfum undir 50 grömmum. Íslandspóstur keppir við Pósthúsið, sem dreifir meðal annars Fréttablaðinu, og Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, á öðrum sviðum.

Starfsmenn Samkeppniseftirlitsins komu í höfuðstöðvar Íslandspósts við opnun á miðvikudagsmorgun, og voru þar við leit fram að hádegi, segir Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts.

„Þeir fengu gögn hjá okkur, en ég veit ekki hversu víðtæk leit þeirra var,“ segir Ingimundur. Hann segist aðspurður ekki telja að fyrirtækið hafi gerst brotlegt við samkeppnislög. **brjann@frettabladid.is**

RÚV tekur saman upplýsingar:

## Ætlar að birta gögn yfir aðkeypt efni

**FJÖLMIÐLAR** Ríkisútvarpið vinnur nú að því að safna saman upplýsingum um aðkeypt sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum. Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri RÚV, segir þeirra upplýsinga að vænta innan skamms, vonandi fyrir helgi.

Fyrr í vikunni óskaði Fréttablaðið eftir sundurliðuðum upplýsingum frá RÚV um aðkeypt efni frá sjálfstæðum framleiðendum undanfarin ár. Þau svör fengust að þær upplýsingar væru ekki til reiðu og ekki hægt að taka þær saman að sinni. Fulltrúar kvikmyndagerðarmanna funduðu með útvarpsstjóra á miðvikudag. Þeir óskuðu eftir sams konar upplýsingum og fengu þau svör að þær yrðu teknar saman og veittar við fyrsta tækifæri. **-bs**

Frambjóðandi Samfylkingar:

## Icesave hafi borgað Hörpu

**EFNAHAGSMÁL Innlán sem Landsbankinn fékk í gegnum Icesave-reikningana borguðu að hluta til fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhúsið, sem nú heitir Harpa.**

**Svo segir útvarpsmaðurinn Hjálmar Sveinsson, sem nú er í framboði til borgarstjórnar, á síðu sinni. Hann hefur þetta eftir Helga S. Gunnarssyni, þá framkvæmdastjóra Portus.**

**En Helgi segir ekkert hæft í þessu. Hann hafi oft rætt við Hjálmar en aldrei sagt þetta.**

**„Þetta er bara fyndið. Ég hef ekki hugmynd um hvaðan fjármagnið kom,“ segir Helgi. - kóþ**


SÉRSMÍÐI ÚR PARKETI

Gólfþjónustan er með sérlausnir í smíði borða fyrir fyrirtæki og heimili. Við smíðum borð algjörlega eftir þínu máli svo sem borðstofuborð, sófaborð og fundarborð.



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is


## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Veðurhorfur helgarinnar eru ágætar. Horfur eru á nokkuð björtu veðri og frosti. Á laugardaginn verður bjart vestantil en él austanlands en á sunnudaginn léttir til austanlands en búast má við éljum eða slyddu norðvestan- og vestan til.





| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 0° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | 3° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | -1° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 5° |
| Mallorca | 12° |
| New York | -1° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | -7° |
| París | 4° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is




KALKÚNA BRINGUR
**1.947** kr/kg.
Merkt verð 2.995.-

Kkal: 344/ 17% RDA
Prótín: 18 g/ 36% RDA
Fita: 11 g/ 17% RDA
Kolvetni: 44 g/ 15% RDA
Járn: 3.4 mg/ 19% RDA
C vítamín: 9 mg/ 15% RDA
Sínk: 1.4 mg/ 9% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.

# BBQ KALKÚNASAMLOKA MEÐ HRÁSALATI fyrir 4-6

*að hætti Rikku*

1 msk Ítalía ólífuolía
1 laukur, saxaður
2 hvítlauksrif, pressuð
300ml Ítalía tómat passata
1 dl vatn
½ dl eplaedik
5 msk muscovado sykur
2 msk tómatmauk
2 msk HP sósa
½ tsk Tabasco sósa
½ tsk nýmalaður pipar
400 g kalkúnabringa, elduð og rifin í bita
4-6 hamborgarabrauð
Lambhagasalat

Steikið laukinn upp úr ólífuolíunni þar til að hann verður mjúkur í gegn, bætið hvítlauknum út í og steikið áfram í mínútu. Hellið tómatsósunni út í ásamt vatninu, edikinu, sykrinum, tómatmaukinu, HP sósunni og Tabasco sósunni, hrærið saman og piprið. Látið malla í 15 mínútur. Bætið kalkúnakjötinu út í og látið malla áfram við meðalhita í 10 mínútur. Grillið brauðin í 180°C heitum ofni í 5 mínútur, raðið fersku salati ofan á brauðin og setjið kjötið ofan á.

SALAT
1 dl grískt jógúrt
1 msk majónes
1 msk eplaedik
1 msk hunang
Salt og nýmalaður pipar
½ grænt epli, afhýtt, kjarnhreinsað og skorið í lita bita
Hollt & gott garðsalat
Handfylli rauð vínber

Hrærið saman jógúrtinu, majónesinu, edikinu og hunanginu og kryddið með salti og pipar. Hrærið saman við salatið, eplin og vínberin. Berið fram með kalkúnasamlokunni.




TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
**1.816** kr/kg.
Merkt verð 2.595.-

**Kalkúnalundir**
ferskar




ÓDÝRT Í HAGKAUP

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, langskorinn
- Frampartur sagaður í súpukjöt
- Heil slög

**699** kr/kg.

**1/2 Lambaskrokkur**
frosinn, haustslátrun 2009



TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
**1.949** kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

**Piparsteik**
Nautaat



TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
**1.494** kr/kg.
Merkt verð 2.298.-

**Nautagúllas**
Nautaat




TILBOÐ KONFEKTÍS
**367** kr/stk.




JÓI FEL PIZZADEIG
**299** kr/stk.




KJÚKLINGA SPJÓT 2 TEG.
**899** kr/pk.

*þarf aðeins að hita*




ALOE VERA DRYKKUR
**199** kr/stk.




EPLALENGJA
**299** kr/stk.




JÓI FEL OSTAKAKA
**1099** kr/stk.




A&W ROOTBEER
**99** kr/stk.




SALERNISRÚLLUR 12 STK.
**469** kr/pk.



RISABRAUÐ 1 KG.
**199** kr/stk.

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 31. janúar á meðan birgðir endast.

50 ára **HAGKAUP** *fyrir Íslendinga í 50 ár*

KJÖRKASSINN



*Ætti að reyna að forðast að drepa ísbirni?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,9% |
| Nei | 57,1% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Hafa sérstök úrræði dugað þér til að standa í skilum með lán?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Sjálfskuldarábyrgð Magnúsar Þorsteinssonar úrskurðuð góð og gild:

# Magnús þarf að borga milljarð

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt athafnamanninn Magnús Þorsteinsson til að greiða Straumi-Burðarási tæpan milljarð króna vegna sjálfskuldarábyrgðar hans á láni bankans til eignarhaldsfélags hans, BOM ehf.

Lán upp á rúman einn og hálfan milljarð var veitt BOM í október 2005 fyrir kaupum á fimm prósenta hlut í Icelandic Group. Magnús skrifaði svo undir sjálfskuldarábyrgð á 930 milljónum af þeirri upphæð í ársbyrjun 2008.

Magnús mótmælti kröfunni á þeirri forsendu að hann hefði aðeins skrifað upp á sjálfskuldarábyrgðina af greiðasemi við Straum, og að honum hefði verið talin trú um að aldrei yrði gengið að honum vegna skuldarinnar. Ákvörðunin um sjálfskuldarábyrgðina hafi bara verið „hluti af því að bjarga ýmsum málum fyrir marga aðila, sem hefði verið öllum til hagsbóta,“ og nefndi í því sambandi reglur um yfirtökuskyldu.

BOM er jafnframt dæmt til að greiða afganginn af láninu, rúman hálfan milljarð.

Magnús var úrskurðaður gjaldþrota í maí í fyrra, fyrstur íslensku útrásarvíkinganna, og nam gjaldþrotið tæpum milljarði. Straumur mun því gera kröfu í búið sem nemur skuldinni. - sh



**GJALDÞROTA** Magnús sagðist hafa staðið í þeirri trú að ekki yrði gengið að honum vegna skuldarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Höfðar mál gegn tannlækni:

# Með bor í gómi í ellefu mánuði

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk kona hefur stefnt tannlækni í borginni Tampa í Flórídaríki fyrir læknamistök. Hún heldur því fram að hún hafi verið með 2,5 sentímetra bor frá tannlækninum fastan í gómnum í ellefu mánuði.

Í stefnu konunnar, Donnu Delgao, segir að hún hafi þjáðst af blæðingum úr nefi, sýkingum og svima vegna aðskotahlutarins.

Konan hefur ekki tilkynnt hverjar skaðabótakröfur hennar verða, en gera má ráð fyrir að þær verði háar. Tannlæknirinn vildi ekki tjá sig um kæru konunnar þegar eftir því var leitað. - bj

Karlmaður ákærður:

# Spókaði sig í lögreglubol

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann um fertugt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Manninum er gefið að sök að hafa notað einkennisbúning íslensku lögreglunnar opinberlega en slíkt er ólöglegt.

Maðurinn klæddist einkennisbol lögreglunnar við veitingastaðinn Kaffi Viktor í Hafnarstræti í Reykjavík.

Atvikið átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 17. maí í fyrra. Vegna þessa er maðurinn ákærður fyrir fyrir brot gegn valdstjórninni. - jss

SVISS

## Lestarslys í Ölpunum

Enginn slasaðist þegar tvær flutningalestir skullu saman framan á hvor aðra í svissnesku Ölpunum í gær. Nokkurt rask varð hins vegar á lestarumferð milli Sviss og Ítalíu vegna óhappsins. Lestirnar fóru út af sporinu í grennd við Simplon-ganganna við Alpanna.

FRAKKLAND

## De Villepin sýknaður

Dominique de Villepin, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, var í gær sýknaður af ásökunum um að hafa tekið þátt í rógsherferð gegn Nicolas Sarkozy árið 2007, þegar þeir báðir þóttu líklegir til að sækjast eftir forsetaembætti Frakklands. Sarkozy er nú forseti en var þá ráðherra.



**BEÐIÐ EFTIR LÆKNI** Nýr lagabókstafur er sagður geta bylt stjórnun innan heilbrigðiskerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

# Varað við breytingu á heilbrigðislögum

**Varað er við fyrirhuguðum breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu. Á málþingi um öryggi sjúklinga í gær var því haldið fram að í stjórnarfrumvarpi, sem flogið hafi lágt, víki fagleg sjónarmið fyrir þörfinni til að hagræða.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Fátt hefur ógnað öryggi sjúklinga jafn mikið í langan tíma og þetta litla frumvarp um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu sem nú liggur fyrir Alþingi,“ sagði Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, á málþingi félagsins um öryggi sjúklinga í gær.

Hér vísar Elsa í frumvarp þar sem lagðar eru til tvær breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Lögin eru frá árinu 2007 og byggja á heildarendurskoðun laganna sem fór fram á árunum 2003 til 2006. Ein meginbreyting laganna eftir endurskoðun var hversu skýrt er kveðið á um ábyrgð stjórnenda í hjúkrun og lækningum og fagstéttir hafa talið mjög til bóta.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að ákvæði um faglega ábyrgð yfirlækna sérgreina eða sérdeilda á læknisþjónustu og



**ELSA B. FRIÐFINNS-DÓTTIR**

faglega ábyrgð deildarstjóra hjúkrunar á hjúkrunarþjónustu falli brott. Hins vegar er lagt til að ákvæði um heilsugæslustöðvar sem gerir ráð fyrir að forstjórar og framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana hafi samráð við yfirlækni og yfirhjúkrunarfræðing heilsugæslustöðvar verði fellt niður og þar með verði ekki lengur skylt samkvæmt lögum að á öllum heilsugæslustöðvum skuli vera yfirlæknir og yfirhjúkrunarfræðingur.

„Það eru ekki fagleg rök fyrir þessari breytingu heldur eingöngu fjárhagsleg,“ sagði Elsa. Hún sagðist ekki skilja hvernig tryggja ætti þjónustu og öryggi með því að snarfækka millistjórnendum á sama tíma og með sameiningum er hverri heilbrigðisstofnun gert að starfa á mun stærra svæði en áður var. „Hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins þýðir þetta að ef gripið verður til þess ráðs að fella út yfirlækna og yfirhjúkrunarfræðinga þá stýrir til dæmis framkvæmdastjóri hjúkrun fyrir 200 þúsund manns á fimmtán heilsugæslustöðvum í sex sveitarfélögum.“ Elsa sagði að margir héldu því fram að svo langt verði aldrei gengið eins og frumvarpið gefur tilefni til. Hins vegar verði þetta örugglega það sem horft verði til við sparnaðaraðgerðir næstu ára, og reyndar megi sjá þess stað að uppsagnir í anda frumvarpsins séu þegar hafnar.

Það sjónarmið kom einnig fram að það væri afturför að sameina Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð, eins og ráðgert er.

svavar@frettabladid.is

Landlæknisembættið svarar gagnrýni á úttekt á öryggismálum á Landspítala:

# Réttmæti gagna verið staðfest

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið hefur brugðist við gagnrýni Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga á mati embættisins á stöðu öryggismála varðandi mönnun á Landspítalanum. FÍH sendi frá sér yfirlýsingu þar sem efast er um að matið sé byggt á áreiðanlegum eða réttmætum gögnum. Fréttablaðið fjallaði um málið í gær.

Gagnrýni FÍH snýr að gögnum úr sjúklingaflokkunarkerfi sem nýtt voru í úttektinni. Er efast um að þau séu nothæf þar sem gagnagrunnurinn hefur ekki verið uppfærður síðan 2004 og hefur verið tekinn úr notkun.

Á heimasíðu landlæknis segir að sjúklingaflokkunarkerfið hafi verið notað á LSH allt frá árinu 1987 í þeim tilgangi að fylgjast með hjúkrunarþörfum sjúklinga og reikna út æskilega mönnun í samræmi við þær. Landlæknisembættið telur þessi gögn mjög mikilvæg fyrir eftirlit með hjúkrunarþjónustu á LSH.



**ANNA BJÖRG ARADÓTTIR** Yfirhjúkrunarfræðingur Landlæknisembættisins svarar gagnrýni Félags hjúkrunarfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Samkvæmt upplýsingum frá LSH hefur verið fylgst reglulega með áreiðanleika gagnanna jafnframt því sem réttmæti þeirra hefur verið staðfest hérlendis meðal notenda,“ segir á heimasíðunni. „Landlæknisembættið hefur enga ástæðu til að efast um áreiðanleika eða réttmæti gagna úr sjúklingaflokkunarkerfi LSH og stendur við þær upplýsingar sem fram koma í greinargerð til ráðherra um mat á stöðu öryggismála varðandi mönnun á LSH.“ - shá

BÓKAMARKAÐUR 2010



Árlegur Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda verður Í Perlunni 19. febrúar til 7. mars næstkomandi.
Útgefendur sem vilja bjóða bækur sínar á markaðinum er bent á að hafa samband við Félag íslenskra bókaútgefenda sem fyrst, eða eigi síðar en 5. febrúar nk., í síma 511 8020 eða á netfangið baekur@simnet.is
Aðeins verður tekið á móti bókum sem komu út 2008 eða fyrr.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

OPINN FUNDUR

verður á kaffihúsinu Sólon Bankastræti á morgun föstudaginn 29. janúar kl. 20:00 um ábyrgð og skyldur frambjóðenda og kjörinna fulltrúa. Sérstök hliðsjón verður höfð af kynningarfundi Samfylkingarinnar í Reykjavík mánudaginn 25. janúar sl. á frambjóðendum í prófkjöri vegna komandi borgarstjórnarkostninga. Prófkjörsframbjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavík eru sérstaklega boðnir velkomnir.

*Frummælendur:*



*Gunnar H. Gunnarsson*



*Örn Sigurðsson*

*Að lokinni stuttri framsögn verða fyrirspurnir og almennar umræður.*

*Fundarboðendur*




**Chiro Collection heilsurúm**

30% janúar-afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm svæðaskipt gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

**Tempur Spring heilsurúm**

25% janúar-afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

**Stillanleg heilsurúm**

20% janúar-afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Eitt landsins mesta úrval af botnum og mismunandi heilsudýnum sem henta hverjum og einum.
Settu þig í stellingar !

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir nýja græjan frá Apple?
2. Hvaða þingmaður Sjálfstæðisflokks hefur viðurkennt lögbrot í vikunni?
3. Hvert var aflaverðmæti íslenskra skipa fyrstu tíu mánuði síðasta árs?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Unglingsstúlka fannst í rústum húss á Haítí fimmtán dögum eftir jarðskjálftann:

# Læknar segjast vera furðu lostnir

**HAÍTÍ, AP** Læknar og björgunarfólk hafa vart trúað sínum eigin augum síðustu daga þegar fólk hefur enn fundist á lífi í rústum húsa á Haítí, hálfum mánuði eftir að sjö stiga jarðskjálfti reið þar yfir.

Á miðvikudagskvöld fannst sextán ára stúlka, Darlene Etienne, á lífi í rústum húss þar sem hún hafði legið bjargarlaus í fimmtán daga. Líðan hennar var stöðug í gær, hún hafði drukkið vatn og fengið jógúrt og stappað grænmeti að borða. Læknar töldu yfirgnæfandi líkur á því að hún myndi lifa af, þrátt fyrir að hafa verið í afar slæmu ástandi þegar hún fannst.

„Við getum eiginlega ekki útskýrt þetta, því þetta gengur þvert á líffræðilegar staðreyndir,“ sagði Evelyne Lambert læknir, sem hefur haft umsjón með stúlkunni. „Við vorum afar hissa á að hún skyldi vera á lífi.“

Afar sjaldgæft er að fólk lifi lengur en þrjá sólarhringa án vatns, hvað þá hálfan mánuð. Hún gæti þó hafa komist í vatn úr baðherbergi hússins og eitthvað muldraði hún um að hafa verið með kókflösku í rústunum.

Á þriðjudaginn fannst maður á lífi í rústunum, en hann sagðist hafa lokast inni þegar eftirskjálfti varð en ekki í stóra jarðskjálftanum 12. janúar. **- gb**



**DARLENE ETIENNE** Yfirgnæfandi líkur þykja á að hún lifi af. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmælendum refsað:

## Tveir teknir af lífi í Íran

**ÍRAN, AP** Tveir mótmælendur voru teknir af lífi í Íran í gær. Þeir voru dæmdir fyrir að reyna að steypa klerkastjórninni í mótmælum í júní fyrra. Þeir kváðu vera fyrstu mótmælendurnir sem teknir hafa verið af lífi frá því að mótmælin voru kveðin niður.

Réttað hefur verið yfir rúmlega 100 mótmælendum og pólitískum róttæklingum í Íran frá því í ágúst. Þar af hafa fimm verið dæmdir til dauða en um 80 dæmdir í sex mánaða til fimmtán ára fangelsi. **- bs**

Um samgöngumiðstöðina:

## Fleiri mæta á Kaffi París

**SAMGÖNGUR Fámennur hópur landsbyggðar hefur „óheyrilegt vald gegnum ólýðræðislegt kosningakerfi“ til að ná fram vilja sínum á kostnað annarra, að sögn Þórs Saari, þingmanns Hreyfingarinnar.**

**Hann nefnir sem dæmi Vaðla- og Héðinsfjarðargöngin, sem njóti forgangs umfram brýnni verkefni.**

**Eitt dæmið til sé væntanleg samgöngumiðstöð. Nú fari, um kostnaðarsaman flugvöll inn í Reykjavík, um 300 þúsund manns á ári. Sem sé minna en gestagangur á meðalkaffihúsi, svo sem Kaffi París. - kóþ**

**VESTMANNAEYJAR**

### Aukin fjárhagsaðstoð

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyjabæjar hefur ákveðið að hækka grunnupphæð fjárhagsaðstoðar bæjarins úr 113.455 krónum á mánuði fyrir einstakling í 125.540 krónur, og úr 181.528 krónum fyrir hjón og fólk í sambúð í 200.864.

# Mótmæla staðarvali fyrir Landsmót hestamanna 2012

**Óánægja er með að Landsmóti hestamanna 2012 skuli hafa verið valinn staður í Reykjavík. Sagt er skjóta skökku við að eyða tugmilljónum í uppbyggingu á nýjum stað, þegar aðstaða sé til staðar á Hellu.**

**TÓMSTUNDIR** Hafin hefur verið söfnun undirskrifta meðal hestamanna til að mótmæla ákvörðun um að Landsmót hestamanna 2012 skuli haldið í Reiðhöllinni í Víðidal í Reykjavík. Undanfarin ár hafa landsmót verið haldin til skiptis á Norður- og Suðurlandi, á Vindheimamelum í Skagafirði og á Gaddstaðaflötum við Hellu.



**KRISTINN GUÐNASON**

„Við undirrituð lýsum furðu okkar á staðarvali fyrir Landsmót hestamanna 2012. Í okkar huga er Landsmót hestamanna fjölskylduhátíð sem nýtur sín best í dreifbýli,“ segir meðal annars í yfirskrift undirskriftasöfnunarinnar. Forsvarsmenn hestamannafélaga á Suðurlandi hittust á mánudagskvöld til að ræða stöðuna sem upp er komin og eru að ganga frá sameiginlegri ályktun þar sem staðarvalinu er mótmælt.

Kristinn Guðnason, formaður Félags hrossabænda, sem jafnframt er formaður Rangárhallarinnar ehf., rekstraraðila Gaddstaðaflata, segir almenna óánægju með ákvörðun stjórnar Landssambands hestamanna um að halda næsta Landsmót í Reykjavík. „Og víðar en á Suðurlandi einu, þótt ef til vill sé skiljanleg óánægja þeirra sem að svæðinu hér standa,“ bætir hann við. „Enda verið að færa þetta af fari sem fólk hefur verið ánægt með.“

Kristinn segir að fyrir síðasta Landsmót á Hellu hafi verið ráðist í miklar endurbætur á mótssvæðinu sem miðað hafi við að þar yrðu haldin mót næstu árin og rekstrarfélag svæðisins hafi lagt í töluverðar skuldir vegna þessa. „Um leið þykir okkur skjóta skökku við að til séu á þessum tímum svo miklir peningar í Reykjavík að byggja eigi upp svæðið í Víðidal,“ segir hann og telur nokkuð ljóst að Reykjavíkurborg muni þurfa að hlaupa undir bagga við endurbætur þar, miðað við þær kröfur sem gerðar hafi verið til mótssvæðisins við Hellu. Með þær kröfur í huga telur Kristinn að kostnaður við endurbætur í Víðidal verði vart undir 100 milljónum króna. „Sem kann nú að standa í einhverjum á sama tíma og skorið er niður í skólum og leikskólum.“

Kristinn segir ágætislandsmót hafa verið haldið í Reykjavík árið 2000, þótt ekki hafi orðið til sú stemning sem margir vilji tengja við mótið. Þá hafi verið ólíku saman að jafna mætingu þá, sem numið hafi sölu upp á 6.300 miða, þegar fjölmennast var og sölu upp á um 12.000 aðgöngumiða á Gaddstaðaflötum 2008, en þá hafi verið metaðsókn. **olikr@frettabladid.is**



**FRÁ GADDSTAÐAFLÖTUM ÁRIÐ 2008** Þegar Landsmót hestamanna var síðast haldið á Gaddstaðaflötum við Hellu var slegið aðsóknarmet á mótið, en um 12 þúsund aðgöngumiðar eru sagðir hafa verið seldir inn á svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*




KJÚKLINGABRINGUR
900gr

1.398 kr/pk

# Velkomin í Nettó

KJÚKLINGALÆRI
KRYDDLEGIN

39% afsláttur



499 kr/kg
áður 820 kr/kg

LAMBALÆRI
TYTTEBERJA

30% afsláttur



1.528 kr/kg
áður 2.183 kr/kg

GOÐI

PÍTUBUFF/BRAUÐ
6stk

30% afsláttur



699 kr/pk
áður 998 kr/pk

GOÐI

ÞORRABAKKI

34% afsláttur



989 kr/pk
áður 1,498 kr/pk

GOÐI

ÞORRAMATUR
Í 2,5 ltr. fötu

30% afsláttur



1.679 kr/stk
áður 2.398 kr/stk

GOÐI

SVÍNALUNDIR
1kg



30% afsláttur

1.399 kr/pk
áður 1998 kr/pk

EMERGE
ORKUDRYKKUR
250ml

30% afsláttur




69 kr/stk
áður 99 kr/stk

JARÐABER
FROSIN, 1,2 kg




498 kr/pk

VATNSMELÓNA



50% afsláttur

95 kr/kg
áður 189 kr/kg

www.markhonnun.is

Tilboðin gilda 29. - 31. janúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ



**Á VERGANGI** Afgönsk stúlka frá Helmand-héraði horfir út úr heimatilbúnu skýli sínu í einu úthverfa höfuðborgarinnar Kabúl. NORDICPHOTOS/AFP

Barack Obama flutti fyrstu stefnuræðu sína í fyrrakvöld:

# Heitir því að stokka upp fjármálakerfið

**BANDARÍKIN, AP** „Stjórn okkar hefur beðið nokkra pólitíska ósigra þetta ár, og suma þeirra voru verðskuldaðir,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti í stefnuræðu sinni, sem hann flutti í fyrrinótt, þeirri fyrstu sem hann flytur á forsetaferli sínum.

Hann hét því þó að halda ótrauður áfram að vinna að stefnumálum sínum, svo sem heilbrigðistryggingum og uppstokkun á fjármálakerfinu, en benti á að hann hafi tekið við mjög erfiðu og skuldsettu búi af forvera sínum, sem hann nefndi þó ekki á nafn.

Hann gagnrýndi jafnt andstæðinga sína í Repúblikanaflokknum sem samherja sína í Demókrataflokknum fyrir að setja flokkshagsmuni ofar þjóðarhagsmunum.

Megnið af ræðunni snerist um efnahagsmál og þær áhyggjur sem almenningur hefur af þeim. Hann sagðist skilja áhyggjur fólks af því að stóru bönkunum hafi verið bjargað með stórfé úr ríkissjóði, en sagðist sannfærður um að sú aðgerð hafi skipt sköpum við að koma efnahagslífinu í gang á ný.

Aðaláherslа stjórnar hans á þessu ári verður hins vegar að draga úr atvinnuleysi í landinu, og það verði gert með öðrum ráðum en fyrri stjórn brúkaði. - gb



**Í RÆÐUSTÓL Á ÞINGI** Barack Obama flytur í fyrsta sinn hina árlegu stefnuræðu forseta. NORDICPHOTOS/AFP

Ýsuflök hækka í verði:

## 26% hækkun á milli ára

**NEYTENDUR Verðhækkun á ýsuflökum milli ára eru að meðaltali 26 prósent ef niðurstöður verðkönnunar Fréttablaðsins eru bornar saman við upplýsingar um meðalkílóverð á ferskum ýsuflökum í febrúar í fyrra á vef Hagstofunnar. Meðalkílóverð á roðlausum og beinlausum ýsuflökum var vitlaust reiknað í verðkönnum Fréttablaðsins, sagt vera 1.330 krónur en átti að vera 1.430 krónur.**

**Meðalverðið hækkaði þannig ekki um 17 prósent á milli ára eins og sagt var, heldur um 26 prósent sem fyrr segir. Ef farið er aftur til ársins 2008 nemur hækkunin á ferskum ýsuflökum 32 prósentum. Áréttað skal að í grunni Hagstofunnar eru líka matvöruverslanir en eingöngu var hringt í fiskbúðir í könnun Fréttablaðsins. Samanburðurinn gefur því aðeins vísbendingu um verðhækkun.** - sbt

Forseti Suður-Afríku:

## Elskar allar eiginkonurnar

**SVISS, AP.** Jakob Zuma, forseti Suður-Afríku, segir að fjölkvæni sé partur af sinni þjóðmenningu og biður engan afsökunar á því að eiga þrjár eiginkonur.

Zuma, sem 67 ára gamall og fylgir hefðum og siðum Zulumanna, kvæntist nýlega þriðju eiginkonu sinni. Hann var spurður um fjölkvænið við pallborðsumræður á Heimsþinginu um efnahagsmál í Davos í gær. Zuma sagðist trúa á jafnrétti kynjanna og fullyrti að hann elskaði allar konurnar sínar jafnmikið. - pg

# Sameiginlegt mat ekki nauðsynlegt

**Niðurstaða umhverfisráðherra um framkvæmdir vegna Suðvesturlínu liggur fyrir. Hindrun rutt úr veginum, segir talsmaður Norðuráls. Stjórnkerfi umhverfismála virkar ekki, segir formaður Náttúruverndarsamtakanna.**

**ORKUMÁL** Umhverfisráðuneytið hefur staðfest ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda við Suðvesturlínu.

Suðvesturlínu á að leggja til að styrkja orkuflutningskerfið á Suðvesturlandi. Línan er meðal annars forsenda orkuflutninga til álvers í Helguvík. Umhverfisráðuneytinu bárust kærur frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands sem kröfðust þess að hugsanlegar framkvæmdir sem eru háðar Suðvesturlínu yrðu teknar til umhverfismats sameiginlega. Auk Helguvíkur gæti þar verið um að ræða stækkun Reykjanesvirkjunar, kísilmálmverksmiðju í Helguvík, Bitruvirkjun, Hverahlíðavirkjun og jarðhitanýtingu við Gráuhnúka.

Ráðuneytið hafnaði sameiginlegu mati með úrskurði gærdagsins og komst að þeirri niðurstöðu að áform um hinar ólíku framkvæmdir væru á svo misjöfnu stigi og sum þeirra svo langt frá því að vera nægilega skýr eða mótuð að ekki væri löglegt að skylda framkvæmdaaðila til að gangast allir undir sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum. Auk þess væru sumar framkvæmdirnar ekki matsskyldar yfirleitt, til að mynda gagnaver Verne á Ásbrú í Reykjanesbæ.

Ágúst Hafberg, talsmaður Norðuráls, sem stendur fyrir framkvæmdum við álverið í Helguvík, fagnaði úrskurðinum í samtali við Fréttablaðið. „Það er ágætt að þetta mál er frá,“ sagði hann. „Okkur fannst það óþarft frá upphafi. Þessari hindrun er þá rutt úr veginum og við höldum okkar vinnu áfram.“ Hann sagði að hægt hefði verið á ýmsum framkvæmdum við álverið meðan úrskurðar var beðið. Nauðsynlegt sé að koma verkefninu á fulla ferð á næstu mánuðum ef takast á að hefja framleiðslu um áramótin 2011-2012 eins og stefnt er að.

„Stjórnkerfi umhverfismála er ekki að virka,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, einn kærendanna í málinu. Hann segir að enginn viti hvaðan orkan, sem flytja á um línuna á að koma. „Ekki einu sinni þegar VG er við völd tekst ráðherra að úrskurða umhverfinu í hag.“ peturg@frettabladid.is



**HELGUVÍK** Sextíu til hundrað manns starfa að álversframkvæmdum í Helguvík. „Þetta og handboltinn eru bestu fréttir vikunnar,“ sagði Kristján G. Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, eftir úrskurð umhverfisráðherra í gær.



**VIÐ UNDIRRITUN** Stefán Garðarsson, frá GSÍ, og Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar. MYND/GSÍ

Kylfingar rækti líkamann:

## Hreyfing og GSÍ í samstarf

**HEILSA** Golfsamband Íslands og Hreyfing heilsulind hafa gert með sér samstarfssamning með það að markmiði að fjölga kylfingum sem stunda reglulega líkamsrækt.

Afrekshópar GSÍ munu njóta góðs af samningnum, hluti af æfingum hópanna mun fara fram í Hreyfingu. Íslenskir afrekskylfingar hafa fyrir löngu áttað sig á samhengi árangurs og góðs líkamlegs ástands. Framför íslenskra kylfinga gerir það að verkum að kylfingar þurfa að leggja meira og meira á sig til að ná að halda sér meðal þeirra bestu. - shá

### SENDIHERRANS MINNST

Minningarbók um sendiherra Þýskalands á Íslandi, dr. Karl-Ulrich Müller, liggur nú frammi í sendiráðinu að Laufásvegi 31. Sendiherrann lést í umferðarslysi í Skagafirði, á dögunum. Þeir sem vilja votta samúð sína vegna fráfalls hans geta komið í sendiráðið klukkan 9-12 og 14-16 í dag, á mánudaginn og þriðjudaginn.


# Fjármagnstekjuskattur




**■ 15% staðgreiðsla**

Frá 1. júlí 2009 bar bönkum og öðrum fjármálastofnunum að reikna og halda eftir 15% staðgreiðslu af vaxtatekjum ársfjórðungslega. Sama gilti um arð sem greiddur var til eigenda af eignarhlutum í félögum. Af fjármagnstekjum sem til féllu fyrir 1. júlí reiknaðist 10% skattur.

**■ Aðrar fjármagnstekjur**

Sem fyrr eru tekjur af söluhagnaði skattlagðar eftirá, sem og leigutekjur. Frá 1. júlí til 31. desember 2009 gilda sérstakar reglur um leigutekjur, en á þeim tíma mynda 70% þeirra skattstofn en 30% eru skattfrjálsar.

**■ Uppgjör við álagningu 2010**

Við álagningu ákvarðast 15% skattur á fjármagnstekjur sem til féllu á tímabilinu júlí-desember 2009 og voru umfram 250.000 kr. (eða 500.000 kr. hjá hjónum). Á tekjur undir þeim mörkum, svo og á allar fjármagnstekjur á tímabilinu janúar-júní verður lagður 10% skattur.

**■ Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts árið 2010**

Fjármagnstekjuskattur er 18% frá 1. janúar 2010.
Gjalddagar afdreginnar staðgreiðslu eru 20. apríl, 20. júlí og 20. október 2010 og 20. janúar 2011.
Eindagi er 15 dögum síðar.

**Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á tímabilinu 1. október til 31. desember 2009 var 20. janúar 2010 en eindagi er 4. febrúar n.k.**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

# ÚTSALA

# 50%

afsláttur af öllum vörum

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
SAND
strellson
POLO RALPH LAUREN
CANALI
PAL ZILERI
bugatti
LLOYD
eterna
Van Gils
gardeur
FINUCCI collezione



## „ORÐRÉTT“

### Lögmál lögspekinnar

**„Síðan tók ég á endanum, þegar ég þurfti að komast að ákveðinni niðurstöðu, annan pól í hæðina.“**

PETER GOLDSMITH, LÖGFRÆÐIRÁÐGJAFI BRESKU RÍKISSTJÓRNARINNAR, UM AÐ HANN HAFI HÆTT VIÐ AÐ TELJA ÍRAKSSTRÍÐIÐ ÓLÖGLEGT.
**Fréttablaðið, 28. janúar**

### Datt nokkrum það í hug?

**„Við höfum ekki játað nein brot enda hafa engin brot verið framin.“**

ÁGÚST GUÐMUNDSSON BAKKAVARARBRÓÐIR UM YFIRHEYRSLUR HJÁ SÉRSTÖKUM SAKSÓKNARA VEGNA RANNSÓKNAR Á FJÁRMÁLUM EXISTU.
**Fréttablaðið, 28. janúar**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGA SIGRÚN HARÐARDÓTTIR, FYRRVERANDI ÞINGMAÐUR

## *Byrjuð að skipuleggja stangveiðina*



„Það er allt glimrandi fínt að frétta,“ segir Helga Sigrún Harðardóttir, fyrrverandi alþingismaður Framsóknarflokksins. Hún leggur nú stund á laganám við Háskólann í Reykjavík og er búin með hálft annað ár – hálfa BA-gráðu, hvorki meira né minna.

„Þetta hefur gengið ofsalega vel,“ segir Helga Sigrún. „Þetta er eitthvað það skemmtilegasta sem ég gert í mínu lífi, fyrir utan það að verða amma,“ bætir hún við. „Ég fann fjölina mína algjörlega á degi þrjú. Þetta er frábært fag, sérstaklega þegar maður hefur margvíslega reynslu af lífinu þá tengist það svo mörgu af því sem maður hefur gert. Ég tala nú ekki um þegar maður hefur unnið í þinginu og setið þar inni. Þetta er bara svo ofboðslega mannlegt fag.“

Helga Sigrún saknar ekki stjórnmálanna. „Það er svo ótrúlega margt í stjórnkerfinu sem maður rak sig á og hefur rekið sig á í gegnum tíðina, sem er í svo miklu ólagi að fyrir mína parta þá er þetta umhverfi alveg skelfilegt,“ útskýrir hún. „Ég sakna þess ekki neitt og er ekki á leiðinni til baka.“

Helga Sigrún segir laganámið taka mikinn toll og því sé ekki mikið pláss fyrir annað í hennar lífi þessi misserin. Hún er þó byrjuð að huga að næsta sumri og farin að skipuleggja stangveiðiferðir með manni sínum og fleiri veiðifélögum.

„Það verður að skipuleggja það strax,“ segir hún, en þau reyna að komast í urriðaveiði í Laxárdal á hverju sumri.

### HANDBOLTI
#### SPILAÐ AÐ ÓSK HITLERS



Íþróttir líkar handbolta hafa verið spilaðar víða um heim í aldanna rás. Nútímaútgáfan er þó yfirleitt talin upprunin í Danmörku. Fyrstu reglurnar voru skjalfestar af dönskum íþróttakennara árið 1898. Þýskar reglur voru útgefnar árið 1917, og fyrsti landsleikurinn var leikinn eftir þeim reglum árið 1925 milli Þýskalands og Austurríkis. Íþróttin var spiluð á Ólympíuleikunum í Berlín árið 1936 samkvæmt sérstakri ósk frá Adolf Hitler. Handbolti var ekki með á leikunum 1940, og komst ekki á dagskrá aftur fyrr en árið 1976.



**DUGNAÐARKRAKKAR** Nemendur Birkimelsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/FANNEY

Góðverk á Barðaströnd:

## Söfnuðu fyrir ungan dreng

Nemendur Birkimelsskóla á Barðaströnd tóku til hendinni fyrir jólin og efndu til söfnunar fyrir ungan dreng, sveitunga sinn, sem á við erfiðan sjúkdóm að stríða.

„Þau föndruðu bæði engla og kort. Svo keyrði ég þau um sveitina að selja. Þetta var ljómandi gott framtak hjá þeim,“ segir Ragnar Guðmundsson, bóndi á Brjánslæk, sem er afi fjögurra barna í skólanum.

Hefð er fyrir því að börnin í skólanum efni til söfnunar af þessu tagi fyrir jólin. Að þessu sinni söfnuðust 32 þúsund krónur.

Keran Stueland Ólason fékk ágóðann af sölunni. Hann er með taugahrörnunarsdjúkdóminn SMA1, sem hefur í för með sér vöðvarýrnun og skerta hreyfigetu. **- gb**




# Með hugann við 19. öldina

**Halaleikhópurinn frumsýnir í næstu viku leikritið Sjöundá-Svartfugl Gunnars Gunnarssonar sem fjallar um eitt þekktasta sakamál Íslandssögunnar, morðin á Sjöundá og réttarhöldin yfir þeim Bjarna Bjarnasyni og Steinunni Sveinsdóttur. Ágústa Skúladóttir leikstýrir verkinu sem er þriðja verkefnið í röð sem hún tekur að sér og gerist á 19. öldinni.**



**Á LEIÐ Á ÆFINGU** Ágústa Skúladóttir leikstjóri, þriðja frá vinstri í aftari röð, stillti sér upp ásamt leikurum í Halaleikhópnum þegar Fréttablaðið leit inn á æfingu í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ágústa segir það vera tilviljun að hún hafi fengist við svona mörg verkefni tengd nítjándu öldinni undanfarið. „En ég hef mjög gaman af þessu og verkin eru öll skemmtilega ólík,“ segir Ágústa sem er á kafi í undirbúningi fyrir leikritið um morðin á Sjöundá og eftirmála þeirra, réttarhöldin yfir þeim Bjarna Bjarnasyni og Steinunni Sveinsdóttur en þeim var gefið að sök að hafa lagt á ráðin og banað mökum sínum. „Leikgerðin upp úr verki Gunnars er ný en ég gerði hana í samvinnu við Þorgeir Tryggvason og leikhópinn,“ segir Ágústa. Þorgeir er einn meðlima í hljómsveitinni Ljótu hálfvitarnir en einn eða fleiri úr þeirri sveit koma við sögu í þessum verkefnum sem öll gerast á nítjándu öldinni. „Í fyrra setti ég upp leikprógramm um Jörund hundadagakonung eftir handriti tveggja, meðlimir úr sveitinni sömdu handrit að verki um Bólu-Hjálmar sem ég leikstýri,“ segir Ágústa og lætur vel af þessu samstarfi sem reyndar hefur oftar en einu sinni hlotið verðlaun, sýningin um Bólu-Hjálmar hlaut Grímuverðlaunin sem barna og unglingaleiksýning ársins 2009 og sýningin Klaufar og kóngsdætur sömuleiðis þar sem Þorgeir var einn höfunda.

Í leikgerð Halaleikhópsins um morðin á Sjöundá er mikil áhersla lögð á réttarhöldin yfir Bjarna og Steinunni. „Við bjuggum til tvo nýja karaktera, stelpur sem líta um öxl og rifja atburðina upp. Annars erum við trú texta Gunnars sem auðvelt reyndist að setja í díalóga. Þetta voru dramatísk réttarhöld sem lauk með játningu þeirra beggja,“ segir Ágústa en þess má geta að Steinunn dó í fangelsi hér á landi en Bjarni var tekinn af lífi í Kaupmannahöfn.

Halaleikhópurinn er áhugaleikhópur fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga sem hefur verið mjög virkur frá stofnun 1992. Ágústa hefur ekki unnið með þeim áður og segir það mjög skemmtilegt og áhugavert. „Við erum með mjög flotta leikara á öllum póstum.“

**sigridur@frettabladid.is**

### LEIKLIST FYRIR ALLA

„Halaleikhópurinn var stofnaður 27. september 1992 með það að markmiði að „iðka leiklist fyrir alla“ og hefur starfað óslitið síðan. Við höfum sett upp veglega leiksýningu á hverju ári, stundum fleiri en eina, sjö leikrit hafa verið frumsamin fyrir leikhópinn og hafa þær jafnan vakið mikla athygli. Þar sem leikhópurinn er samansettur af ólíkum einstaklingum, fötluðum sem ófötluðum, verður fjölbreytnin meiri og þar af leiðandi túlkunin.

Þannig hefur hópurinn opnað augu almennings fyrir því að fatlað fólk getur einnig, þrátt fyrir ýmsar hindranir, leikið á sviði eins og allir aðrir. Þetta áhugaleikfélag hefur lyft grettistaki í að eyða fordómum og styrkja einstaklinga til að taka skref, sem annars hefðu verið ófarin og styrkir því marga Halafélaga á einn eða annan hátt. Fötlun er eitthvað sem gleymist í þessu áhugaleikfélagi.“
www.halaleikhopurinn.is




Mikill áhugi á nýjum samtökum um heilsuferðaþjónustu:

## Íslandi áfangi í heilsuferðamennsku

Á annað hundrað manns mættu á stofnfund samtaka um heilsuferðarþjónustu sem haldinn var í gær á kaffi Nauthól í Nauthólsvík. Markmið samtakanna er „að stuðla að fagmennsku og gæðum í heilsuferðaþjónustu og kynna sérstöðu landsins, náttúru og hreinleika í tengslum við heilsu og vellíðan … og auka verulega markaðshlutdeild heilsuferðaþjónustu í íslenskri ferðaþjónustu fyrir árið 2015 og auka tekjur af heilsuferðaþjónustu sem er afar arðsöm undirgrein ferðaiðnaðarins,“ segir í fréttatilkynningu.

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðar- og ferðamálaráðherra tilkynnti um fjögurra milljóna króna fjárveitingu til verkefnisins á fundinum en aðstandendur þess vonast eftir fjölgun ferðalanga í heilsuferðum þegar næsta haust.

Að fundi loknum voru gestir lóðsaðir um Nauthólsvíkina á reiðhjólum af þeim Stefáni Helga Valssyni og Ursulu Spitzbart sem stofnuðu fyrirtækið Reykjavík Bike Tours síðastliðið sumar. **- sbt**



**HJÓLUÐU Í NAUTHÓLSVÍKINNI** Að loknum fundi um heilsuferðamennsku hjóluðu fundargestir í Nauthólsvíkinni undir leiðsögn meðal annars Stefáns Helga Valssonar sem hér sést ásamt Katrínu Júlíusdóttur, iðnaðar- og ferðamálaráðherra, og Ólöfu Ýrr Atladóttur ferðamálastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


SPRENGIVIKA
hefst í dag!
TILBOÐ UM ALLA BÚÐ!
LOFTLJÓS
Verð 49.900 kr.
TILBOÐ 25.000 kr.
LOFTLJÓS
Verð 24.900 kr.
TILBOÐ 14.000 kr.
LOFTLJÓS
Verð 45.900 kr.
TILBOÐ 20.000 kr.
ÚTILJÓS
Verð 19.900 kr.
TILBOÐ 9.000 kr.
VEGGLAMPI
Verð 12.900 kr.
TILBOÐ 7.000 kr.
KASTARI
Verð 13.900 kr.
TILBOÐ 6.000 kr.
LOFTLJÓS
Verð 16.900 kr.
TILBOÐ 8.000 kr.
LOFTLJÓS
Verð 18.900 kr.
TILBOÐ 10.000 kr.
GÓLFLAMPI
Verð 24.900 kr.
TILBOÐ 14.000 kr.
GÓLFLAMPI
Verð 17.900 kr.
TILBOÐ 10.000 kr.
GÓLFLAMPI
Verð 24.900 kr.
TILBOÐ 14.000 kr.
BORÐLAMPI
Verð 17.900 kr.
TILBOÐ 10.000 kr.
LESLJÓS
Verð 14.900 kr.
TILBOÐ 7.000 kr.
BORÐLAMPI
Verð 9.900 kr.
TILBOÐ 5.000 kr.
PFAFF
Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Hundrað þúsund dósir af mais í boði: 39 kr.stk

EUROSHOPPER MAISKORN Í DÓS 340g / Best fyrir júlí 2010

39 KR.DS

359 KR.PK
E.S FROSIÐ BROCCOLI OG BROCCOLI MIX 1 KG

498 KR.PK
E.S FROSIN JARÐARBER 1 KG

268 KR.KG
K.S FROSIN LAMBASVIÐ

898 KR.KG
NN FROSNIR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR

259 KR.STK
E.S HAFRAMJÖL 1,5 KG

198 KR.STK
BÓNUS ÞRIGGJAKORNA BRAUÐ 500g

198 KR.FL
FROOSH MAGNÓ
250ml

198 KR.STK
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ HVÍTT 770g

398 KR.PK
EMMESS ÍSBLÓM 6 STK Í PAKKA
DAIM OG JARÐARBERJA

139 KR. 1 LTR
COKE OG COKE LIGHT 1 ltr.

149 KR. 3 FERN

149 KR. 3 FERN
BÓNUS 100 % HREINN SAFI 3 X 250ml
EPLA EÐA APPELSÍNU

159 KR. 2 LTR
SPRITE OG SPRITE ZERO 2 ltr.

498 KR. 6 FL
EGILS KRISTALL 6 FL./500ml
SÍTRÓNU

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
998 KR.PK
ÍSLANDSNAUT FROSIÐ ALVÖRU LASAGNA 850 GR
1298 KR.PK
ÍSLANDSNAUT FROSNIR HAMBORGARAR 10 STK./100 GR
40% AFSLÁTTUR
ÍSLANDSGRÍS SNITSEL Í RASPI
MERKT VERÐ 1898 KR.KG 40% AFSLÁTTUR 1139 kr.kg.
998 KR.PK
ÍN.F FROSIN GRÆNMETISBUFF 1 KG
598 KR.STK
K.F FROSIÐ NAUTAHAKK 620g
398 KR.KG
K.F NÝTT KJÖTFARS
898 KR.KG
NV FERSKT NAUTAHAKK
40% AFSLÁTTUR
ÍSLANDSGRÍS KÓDILETTUR Í RASPI
MERKT VERÐ 1898 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR 1139 kr.kg.
498 KR.PK
N.V FERSKIR 80g NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI
598 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1698 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
598 KR.KG
K.S LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
ALLIR BESTU BITARNIR
698 KR.KG
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
Kjúklingalundir 1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR/FILET
Sælgætisbarinn 50% afsláttur alla daga 100g poki 90 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

**FBL-GREINING:** ÍSBIRNIR

# *Ekki í hættu öfugt við almannaróm*

Í þriðja skiptið á tveimur árum hefur ísbjörn, einnig nefndur hvítabjörn eða sjávarbjörn upp á latínu, gengið á land, nú síðast norður í Þistilfirði á miðvikudag. Mönnum er í fersku minni þegar tvö dýr gengu á land, einnig fyrir norðan, hversu miklum úlfaþyt það olli í samfélaginu. Var rætt um að eðlilegt væri að fanga dýrin og flytja þau til heimkynna sinna á Grænlandi. Nokkuð langt hefur verið seilst til að láta þessa flutninga verða að veruleika, þótt tvennum sögum fari að því hversu gáfulegt það sé. Það má jú ekki gleyma því við hvað er að eiga. Ísbjörninn er nefnilega stærsta landrándýr jarðar og óútreiknanlegur eins og gefur að skilja.

### ■ Hvað verður ísbjörninn stór?

Ísbjörninn er stærsta núlifandi rándýr sem fyrirfinnst á landi. Hann er um tvisvar sinnum þyngri en Síberíutígrar og ljón. Flest karldýrin eru um 400 til 600 kíló að þyngd, en geta náð allt að 800 kíló að þyngd. Stærsti hvítabjörn sem vigtaður hefur verið var veiddur í Alaska árið 1960. Hann var um 880 kíló og uppreistur var hann 3,38 metrar.

Birnan er um það bil helmingi minni en karldýrið eða um 200 til 300 kíló. Skrokklengd karldýra er að jafnaði um 2,6 metrar en kvendýra 2,1 metri. Húnarnir vega um 600 til 700 grömm við fæðingu.

### ■ Er algengt að ísbjörn gangi á land á Íslandi?

Ísbirnir hafast við með ströndum og á hafís á norðurskautssvæðinu. Stundum reika þeir langt inn í land eða fljóta mörg hundruð kílómetra til hafs á ís. Þeir mynda ákveðna stofna, ætíð á sömu slóðum. Dýrin eru mjög víðförul og leggja oft upp í langferðir, að því er virðist án þess að hafa nokkurn sérstakan ákvörðunarstað, og fara þeir til dæmis í ferðum sínum milli Alaska, Svalbarða og norðurstranda Síberíu.

Ísbirnir hafa ætíð verið gestir á Íslandi og borist hingað með rekís frá Svalbarða, Jan Mayen og Austur-Grænlandi. Á seinni tímum hefur þessum heimsóknum farið fækkandi því lítið hefur verið um hafís. Tölur eru nokkuð á reiki hvað varðar ísbjarnakomur en tölunni 500 hefur gjarnan verið slegið fram. Á 19. öld komu ár þar sem mörg dýr gengu á land á stuttum tíma. Til gamans má segja frá því að Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur unnið að heimildaöflun um ísbirni á Íslandi, en sú bók hefur verið sett á ís rétt á meðan öðrum verkum er sinnt.

### ■ Er ísbjörninn í útrýmingarhættu?

Þvert á algengar fullyrðingar um stöðu ísbjarnarstofnsins þá er dýrið ekki í útrýmingarhættu. Er stofninn talinn vera um tuttugu þúsund dýr í dag.

Ísbjörninn er hins vegar alfriðaður en um miðja 20. öldina voru þeir réttdræpir hvar sem þeir fundust og voru stundaðar miklar veiðar á ísbjörnum. Var stofninn kominn niður í um fimm þúsund dýr áður en Sovétmenn friðuðu ísbirni fyrstir manna árið 1956. Fylgdu svo fleiri þjóðir í kjölfarið þangað til björninn var loks alfriðaður 1966.






Hljómsveitin 5 Á RICHTER og LÍSA EINARS

leika þorraskotið þungarokk á

CLASSIC ROCK - Ármúla 5 föstudags- og laugardagskvöld kl. 23:15 til 03:00

Aðgangseyrir kr 1.000,-

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki


**FRÉTTASKÝRING:** Samkeppnismál

# Yfirtaka banka á fyrirtækjum skilyrðum háð

**Vikugamall úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála hefur beint athyglinni að stöðu samkeppnismála nú þegar fjöldi fyrirtækja er kominn í eigu bankanna, eða mun komast undir þeirra væng á næstunni. Deilt er um hvort almannahagsmunir kalli á að skuldsettum fyrirtækjum verði bjargað eða hvort setja eigi fyrirtækin í þrot.**




**SAMKEPPNI** Húsasmiðjan er aðeins eitt dæmi um stórfyrirtæki sem tekin hafa verið yfir af bönkunum. Skuldir Húsasmiðjunnar voru miklar og fyrirtækið því ekki söluhæft að svo stöddu, að mati Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eitt þeirra stóru mála sem segja má að fallið hafi milli skips og bryggju í endalausum umræðum um Icesave er yfirtaka bankanna á fyrirtækjum. Þar togast á ýmsir hagsmunir.

Bankarnir þurfa fyrst og fremst að hámarka verðmæti fyrirtækjanna áður en þau fara í endursölu. Þeir vilja síður þurfa að selja fyrirtækin strax, enda markaðurinn að mörgu leyti óhagstæður. Með því að halda fyrirtækjunum gangandi vilja bankarnir koma í veg fyrir að verðmæti tapist og sjá fram á að selja fyrirtækin með meiri hagnaði þegar betur árar.

Þeir sem reka fyrirtæki í samkeppni við félög sem komin eru undir væng bankanna óttast að bankarnir skeyti lítt um jafnvægi á markaði og samkeppnisleg sjónarmið. Þannig geti bankarnir beitt fjárhagslegum styrk sínum til að gera stöðu síns fyrirtækis sem allra besta svo sem að mest fáist fyrir fyrirtækið þegar það verður á endanum selt.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála virðist að einhverju leyti deila áhyggjum af samkeppni fyrirtækja í eigu banka með þeim sem keppa við slík félög á markaði.

Vestia, dótturfélag Landsbankans, tók á síðasta ári yfir rekstur Teymis, móðurfélags fjarskiptafyrirtækisins Vodafone. Samkeppniseftirlitið gerði ekki athugasemdir við samrunann, og kærði Síminn, sem er í samkeppni við Vodafone, þá niðurstöðu til áfrýjunarnefndarinnar.

Í úrskurði nefndarinnar, sem kom út 22. janúar, felur hún Samkeppniseftirlitinu að fjalla aftur um málið, og setja skilyrði fyrir samrunanum. Nefndin hafnaði þó raunar aðalkröfu Símans um að nefndin gripi til íhlutunar vegna samrunans. Hún féllst á varakröfu Símans og vísaði málinu aftur til Samkeppniseftirlitsins.

#### Tímamótaúrskurður

Þessi úrskurður, og þó sérstaklega rökstuðningur áfrýjunarnefndarinnar, þykir raunar marka nokkur tímamót. Fram hefur komið að Samkeppniseftirlitið hafi hreinlega ekki talið sig hafa heimildir til að setja slík skilyrði fyrir yfirtöku banka á fyrirtæki á samkeppnismarkaði.

Skýrt þykir að þessi niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála um samruna Teymis og Vestia hafi mikið fordæmisgildi. Líklegt er að Samkeppniseftirlitið líti til raka nefndarinnar í hvert skipti sem yfirtaka banka á fyrirtæki á samkeppnismarkaði ratar á borð eftirlitsins í framtíðinni.

Í rökstuðningi áfrýjunarnefndarinnar segir meðal annars að séu ekki settar skorður við langvarandi eignarhaldi banka á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði skapist ýmiskonar hætta á röskun á samkeppni.

Þannig er það sagt geta strítt gegn markmiði samkeppnislaga, og þar með hagsmunum neytenda, ef fyrirtæki geti athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánardrottnum sínum.

Þar verði að telja að fjárhagslegur styrkur eigandans, í þessu tilviki banka, skipti máli. Þar með talið þol hans til að bíða með að fá fjármagn sitt til baka þar til önnur fyrirtæki á sama markaði hafi eftir atvikum veikst eða helst úr lestinni, samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndarinnar.

Þá sé ljóst að hagsmunir banka liggi víða og ýmis vandamál skapist vegna þeirra miklu upplýsinga sem bankarnir búi yfir um samkeppnisaðila, og eftir atvikum viðskiptamenn á markaði.

#### Beðið eftir Samkeppniseftirlitinu

Áfrýjunarnefndin nefnir nokkrar leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum af eignarhaldi banka. Til dæmis megi skylda fyrirtækin til að starfa eins sjálfstætt og unnt er, og skylda bankana til að selja fyrirtækin innan eðlilegs tíma.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, hefur sett fram fleiri hugmyndir. Ein þeirra er að fyrirtæki sem yfirtekin eru af bönkum þurfi að undirgangast einhvers konar upplýsingaskyldu, svipaða þeirri sem á við um fyrirtæki í kauphöllinni. Einnig komi til greina að starfsmenn bankanna fái ekki að sitja í stjórnum slíkra fyrirtækja.

Nú þarf að bíða nýrrar niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í málinu til að sjá hversu langt eftirlitið telur sig geta gengið, og þurfa að ganga, til að tryggja að sem minnst röskun verði á samkeppni þrátt fyrir þær erfiðu aðstæður sem nú eru hjá mörgum fyrirtækjum.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins mun varla gera öllum til hæfis. Ásmundur Stefánsson, bankastjóri Landsbankans, varar til að mynda við því að gengið sé of langt og bönkunum gert of erfitt fyrir að reka fyrirtækin sem þeir þurfi á annað borð að taka yfir.

Ásmundur bendir á að því meiri sem aðgreiningin milli bankanna og fyrirtækjanna sem þeir reka þurfi að vera, því ólíklegra verði að bankarnir haldi of skuldsettum en lífvænlegum fyrirtækjum gangandi. Þá sé líklegra að slík fyrirtæki verði sett í gjaldþrot eða í stutt söluferli. Þar getur bankinn innheimt mun minna af skuldum fyrirtækisins við bankann.

#### Vill að fyrirtækin fari í þrot

Ekki eru allir þeirrar skoðunar að það væri óheppileg þróun. Baldur Björnsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að réttara væri út frá samkeppnissjónarmiðum að setja yfirskuldsett fyrirtæki beint í þrot, eða selja þau strax.

Langvarandi eignarhald bankanna á fyrirtækjum í samkeppni veldur tortryggni. Baldur segir, í nýlegu bréfi til Samkeppniseftirlitsins, að bönkunum sé alls ekki treystandi til þess að reka fyrirtæki þar sem þeir stefni á það eitt að hámarka verðmæti fyrirtækisins, sama hvað það kosti.

Verðmætið myndi óneitanlega geta aukist verulega ef fyrirtæki bankans næði yfirburðastöðu á samkeppnismarkaði. Baldur segir Samkeppniseftirlitið hafa litla aðstöðu til að fylgjast með þessu.

Hann óttast að fyrirtæki í eigu bankanna geti í skjóli sterkra bakhjarla „vaðið á skítugum skónum yfir keppinauta sína“. Þær áhyggjur heyrast víðar úr atvinnulífinu, enda mörg fyrirtæki komin undir væng bankanna frá hruninu haustið 2008, og eflaust fleiri sem bætast munu í þann hóp á næstunni.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

## ÓLÍK AÐFERÐAFRÆÐI VIÐ YFIRTÖKU FYRIRTÆKJA

Nokkur munur virðist vera á aðferðafræði viðskiptabankanna við yfirtöku á fyrirtækjum. Þannig hefur Íslandsbanki þegar selt tvö stór fyrirtæki í opnu ferli. Annars vegar Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, og hins vegar Steypustöðina. Þá er Skeljungur nú í söluferli hjá bankanum, og reiknað með að hann verði seldur fljótlega.

Landsbankinn hefur tekið yfir ýmis fyrirtæki í gegnum eignarhaldsfélögin Vestia og Regin. Framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar fullyrti í Fréttablaðinu í gær að Landsbankinn hefði hafnað því að selja félagið áhugasömum kaupendum nýverið. Ekki fékkst staðfesting á því í gær að það væri rétt.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segja forsvarsmenn Landsbankans það firru að kaupendur að fyrirtæki á borð við Húsasmiðjuna standi í röðum. Fyrirtækið sé einfaldlega ekki söluhæft sem stendur.

Spyrja má hversu söluhæf fyrirtæki á borð við Árvakur, Steypustöðina og Skeljung hafi verið þegar Íslandsbanki ákvað að setja þau í söluferli. Forsvarsmenn Landsbankans benda þó á að einnig megi spyrja hvort það sé hollt samkeppninni að selja fyrirtæki í samkeppni fyrir lítið fé. Slíkur gjafageringur myndi varla auðvelda stöðu keppninauta.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Fjórréttað framundan!

Það er nóg um að vera hjá Sinfóníuhljómsveitinni um þessar mundir. Aukatónleikum með **Carmina Burana** hefur verið bætt við auk þess sem **Víkingur Heiðar** leikur á tvennum tónleikum, vegna gríðarlegrar eftirspurnar. Þá rekur hvert stórvirkið annað þessa dagana og hægt að finna eitthvað fyrir alla: **Ravel, Mozart, Dvorák, Schubert, Chopin, Prokofíev...**

Tryggðu þér miða á **www.sinfonia.is** eða í síma **545 2500**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN Morgunblaðið

## CARMINA BURANA

Fim. 11.02.10 » 19:30
Fös. 12.02.10 » 19:30

- **Maurice Ravel:** *Bolero*
- **Alexander Borodin:** *Dansar frá Polovetsíu*
- **Carl Orff:** *Carmina Burana*

- **Rumon Gamba** hljómsveitarstjóri
- **Hallveig Rúnarsdóttir** einsöngvari
- **Mark Tucker** einsöngvari
- **Jón Svavar Jósefsson** einsöngvari

## TÓNAR ÚR NÝJA HEIMINUM

Fim. 18.02.10 » 19:30

- **Ígor Stravinskíj:** *Scherzo a la Russe*
- **Antonín Dvorák:** *Sellókonsert*
- **Béla Bartók:** *Konsert fyrir hljómsveit*

- **Susanna Mälkki** hljómsveitarstjóri
- **Sæunn Þorsteinsdóttir** einleikari

Einn fremsti einleikari landsins af yngri kynslóðinni leikur ástsælasta sellókonsert allra tíma.

## VÍKINGUR SPILAR CHOPIN

Fim. 25.02.10 » 19:30
Fös. 26.02.10 » 19:30

- **Frédéric Chopin:** *Píanókonsert nr. 1*
- **Anton Bruckner:** *Sinfónía nr. 7*

- **Pietari Inkinen** hljómsveitarstjóri
- **Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari

Víkingur spreytir sig á konserti Chopins í fyrsta sinn, í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins.

## HILARY SPILAR PROKOFÍEV

Fim. 04.03.10 » 19:30

- **W.A. Mozart:** *Sinfónía nr. 39*
- **Sergei Prokofíev:** *Fiðlukonsert nr. 1*
- **Franz Schubert:** *Sinfónía nr. 5*

- **Benjamin Shwartz** hljómsveitarstjóri
- **Hilary Hahn** einleikari

Fiðlustjarnan og Grammy-verðlaunahafinn Hilary Hahn leikur á Íslandi í fyrsta sinn.

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Konur eru nú 36% sveitarstjórnarfulltrúa.

## Fjölgar jafnt en ekki nógu þétt

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Þessar vikur eru flokkar og stjórnmálasamtök að stilla upp listum sínum til sveitarstjórnarkosninga. Aðferðirnar eru mismunandi en einhver útfærsla prófkjörs eða forvals er algengust.

Nú eru aðeins 36 prósent kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum konur og í síðustu kosningum leiddu konur 22 prósent framboðslista á landinu. Í sveitarstjórnum minni sveitarfélaga er hlutur kvenna enn rýrari en í þeim sem stærri eru og ömurleg er sú staðreynd að enn eru til sveitarstjórnir á Íslandi, fimm talsins, sem eingöngu eru skipaðar körlum. Af 76 sveitarstjórnum á landinu eru konur í meirihluta í 11 sem er einni sveitarstjórn meira en á kjörtímabilinu á undan.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum hefur vissulega vaxið jafnt undanfarna áratugi en alls ekki nógu þétt. Því verða allir að leggjast á eitt til að jafna hlut kynjanna í sveitarstjórnum landsins. Þarna reynir á þátttakendur í prófkjörum því röðun á framboðslista skiptir höfuðmáli.

Í forvalsreglum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor er ákvæði þess efnis að ef hallar á konur í niðurstöðum forvals á sex fyrstu sætum lista, skuli uppröðun leiðrétt með fléttulista. Því miður tíðkast þessi beinskeytta aðferð óvíða.

Viðhorf til kynjakvóta og fléttulista eru mismunandi en það hlýtur þó að teljast algert lágmark að framboð setji sér markmið varðandi kynjaskiptingu á framboðslistum og tryggi það að karl og kona skipi fyrsta og annað sæti.

Jafnréttisstofa og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hafa gefið út ritlinginn Eflum lýðræðið – konur í sveitarstjórn og er honum ætlað að hvetja konur til að bjóða sig fram til starfa í sveitarstjórnum. Þar bendir Kristján Möller, samgönguráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála, meðal annars á að í yfirlýsingu Evrópuráðsins um jafnrétti kynjanna segi að markmiðið sé jöfn staða kynja sem leiði til aukins réttlætis og styrki þar með lýðræði. Hann ítrekar að þetta markmið sé skýrt í stefnuyfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr sem leggur áherslu á mikilvægi lýðræðis og jafnréttis.

Ráðherrann ítrekar einnig að þessi markmið endurspeglist í störfum hans sem ráðherra sveitarstjórnarmála. Markmið ráðherrans mun vera að hlutfall kynjanna í sveitarstjórnum landsins verði sem næst því að vera jafnt eftir kosningar í vor. Svo og að engin sveitarstjórn verði eingöngu skipuð fulltrúum annars kynsins.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að samstarf beggja kynja í tengslum við stjórnun er til muna farsælla en stjórnun þar sem viðhorf karla ráða að mestu ríkjum, hvort heldur sem er í fyrirtækjum, stofnunum eða á vettvangi stjórnmálanna. Rekstur verður betri og sköpun meiri þar sem bæði kynin koma að.

Allt veltur á því hvernig til tekst með röðun á listana því sveitarfélögin í landinu hafa hreinlega ekki efni á að njóta ekki krafta kvenna til jafns við karla næstu fjögur árin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óháður eða ekki óháður

Ögmundur Jónasson segir að Már Guðmundsson seðlabankastjóri sé kominn í pólitík þegar hann blandar saman lækkun stýrivaxta og stöðu Icesave-málsins. „Er það þetta sem óskað er eftir af „óháðum“ Seðlabanka?” spyr hann á heimasíðu sinni. Það er ágæt spurning. Á hinn bóginn má minna á að Ögmundur er enginn sérstakur talsmaður „óháðs“ seðlabanka. Í viðtali við Fréttablaðið í júní í fyrra færði Ögmundur rök fyrir því að Seðlabankinn yrði „færður undir lýðræðislegt ákvörðunarvald“. Ef hugmyndir Ögmundar næðu fram að ganga væri Seðlabankinn einmitt kominn í pólitík og talaði þar með væntanlega máli ríkisstjórnarinnar. Sem í þessu tilfelli væri með Icesave-samningunum.



### Fjör í stúkunni

Löngum hefur því verið haldið fram að fjölmiðlafólk sé sjálfhverfast allra stétta. Frammistaða Adolfs Inga Erlingssonar íþróttafréttamanns í landsleiknum á móti Noregi í gær, var ekki til þess fallin að kveða þessa fullyrðingu í kútinn. Þegar ljóst var að Ísland hefði sigrað í leiknum voru hans fyrstu viðbrögð á þá leið að segja að það væri allt að verða vitlaust hjá íslenskum blaðamönnum í stúkunni. Hér er kannski ástæða til að snúa upp á gamalt orðatiltæki og segja: Maður, líttu þér fjær.

### Fyrir hvern?

Stjórnarandstaðan tekur dræmt í hugmyndir um að fresta þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave til að gefa fólki ráðrúm til að kynna sér skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið. Bjarni Benediktsson benti á í fréttum Stöðvar 2 á miðvikudag að þingmenn stjórnarflokkanna hefðu afgreitt ríkisábyrgð fyrir Icesave án þess að hafa rannsóknarskýrsluna fyrir framan sig. Það eru hins vegar engin rök í málinu. Þjóðaratkvæðagreiðslan er nefnilega ekki haldin fyrir þingmenn stjórnarflokkanna, heldur fyrir þjóðina. Eins og orðið þjóðaratkvæðagreiðsla gefur kannski til kynna.



**bergsteinn@frettabladid.is**

## Dýr og volgur



PAWEL BARTOSZEK

**Í DAG** | Íslenska áfengisstefnan

Þegar lög um bann við smásölu áfengis kl. 20 á kvöldin voru afnumin í Danmörku á einn stuðningsmaður breytinganna að hafa sagt: „Hvers vegna að banna að selja áfengi einmitt á þeim tíma sem menn þurfa mest á því að halda?“ Á Íslandi er þessu þveröfugt farið. Sama hvar menn standa í flokki, virðast allir sammála um að því torfundnara og dýrara sem áfengi er því betra.

Íslendingar feta auðvitað engan meðalveg með áfengislöggjöf sinni. Af íbúum OECD ríkja búa einungis um það bil tíu prósent á svæðum þar sem ríkið fer með einhvers konar einokun á áfengissölu. Aðeins á Íslandi, í Svíþjóð, Utah og á nokkrum stöðum í Kanada er einokunin nær alger, á flestum hinna staðanna má engu að síður kaupa bjór í matvörumörkuðum og víða léttvín einnig. Sé litið til áfengiskaupaaldurs á þessum svæðum er það einungis Utah-fylki sem getur státað af hærra aldursmarki til áfengiskaupa en þar, líkt og annars staðar í Bandaríkjunum, er aldurinn 21 ár. Áfengisskattar á Íslandi eru síðan í algjörum sérflokki. Hérlend áfengisstefna er því, þegar á heildina er litið, ein sú allra íhaldssamasta meðal vestrænna ríkja, en einungis tvö prósent Vesturlandabúa búa við strangari löggjöf um þessi mál. Það er því nánast ótrúlegt að tekist hefur að snúa umræðunni á þann veg að öfgarnar séu þeirra sem vilji færa stefnuna örfá skref inn á miðjuna, en ekki þeirra sem standa vörð um sannkallaða jaðarpólitík.

Menn eru kallaðir öfgamenn og klæddir í stuttbuxur af andstæðingum sínum fyrir þá afar hófsömu skoðun að ríkiseinokun sé ekki forsenda ábyrgrar smásölu áfengis. Menn eru sagðir vera popúlistar og vega að barnæsku landsins fyrir það eitt að telja ekki rétt að banna ákveðnum hluta fullorðins fólks að neyta löglegrar vöru. Stærsti sigur orðræðunnar er að tekist hefur að sannfæra stóran hluta frjálslyndra Íslendinga um að skoðanir þeirra séu í raun afar barnalegar eða í besta falli ótímabærar. Stuðningsmenn breytinga halda sig því til hlés á meðan andstæðingarnir sitja ekki á skoðunum sínum.

Í vikunni mátti heyra fréttir af því að starfshópur á vegum fjármálaráðherra muni leggja til enn frekari hækkanir á áfengisverði, enda sé enn talsvert „svigrúm“ til þess að mati nefndarmanna.

Nefndarmenn eiga raunar dálítið hrós fyrir að hafa tekist að láta jafnóvísindalega og merkingarlausa fullyrðingu hljóma jafnfaglega og raun ber vitni. Hvenær ætti þetta svigrúm til frekari hækkana áfengi í raun að vera uppurið? Hvenær mun ekki vera hægt að rökstyðja, með vísan til aukinna tekna ríkissjóðs og „lýðheilsusjónarmiða“, að áfengisgjaldið sé hækkað? Bara um nokkrar krónur til viðbótar.

En það eru sem betur fer ekki aðeins vondar fréttir sem berast frá umræddum starfshópi. Í fréttum vikunnar mátti einnig heyra að hugsanlega stæði til að endurskoða áfengiskaupaaldur í samræmi við önnur réttindi. Þýði þetta lækkun áfengiskaupaaldurs niður í 18 ár eru það jákvæðar fréttir en auðvitað ber að forðast of mikla bjartsýni.

Varla er til það góða framfaramál sem íhaldsmenn allra flokka geta ekki stöðvað eða svæft í meðförum þingsins.

Á öðrum vígstöðvum er ekki margs nýs að vænta. Standa á vörð um einokunarhlutverk ÁTVR, og raunar áformað að „styrkja stöðu ÁTVR“.

Pistlahöfundi liggur raunar mikil forvitni á að vita hvernig unnt sé að styrkja enn frekar stöðu opinbers einokunarrisa sem verslar með vörur sem flest fólk kaupir sama hvað. Þau tíðindi að ekki standi til að leyfa sölu á bjór og léttvínum í matvöruverslunum geta hins vegar ekki kallast sérstök vonbrigði í ljósi þess hvernig valdahlutföll á Alþingi eru nú um stundir. Vonbrigðin eru þau að á þeim hartnær tveimur áratugum sem hægrimenn sátu við völd hafi þeir ekki haft dug til að stíga þetta sjálfsagða skref. Hefði það verið gert væri að minnsta kosti hægt að vísa í einn jákvæðan og varanlegan ávinning af valdatíð Sjálfstæðisflokksins.

Setningin „áður en Davíð Oddsson komst til valda, þurfti að sýna flugmiða til að kaupa gjaldeyri“ hefur nefnilega glatað sínum fyrri gljáa.

## Jákvæð teikn

UMRÆÐAN

Jón Gunnarsson skrifar um atvinnumál



JÓN GUNNARSSON

Jákvæð teikn hafa komið fram í atvinnulífinu að undanförnu þrátt fyrir bölmóð ríkisstjórnarinnar vegna Icesave. Á sama tíma og fulltrúar ríkisstjórnarinnar keppast við að tala hér allt atvinnulíf niður og stunda hræðsluáróður af mikilli elju eru öflugir aðilar búnir að taka ákvörðun um miklar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi á næstu mánuðum.

Stærsti fjárfestingasjóður Bretlands kemur að milljarða fjárfestingu vegna uppbyggingar gagnavers á Suðurnesjum. Ágreiningur um Icesave-málið við bresk stjórnvöld hefur engin áhrif á ákvörðun þessa viðurkennda sjóðs um að fjárfesta hér á landi. Það eina sem þeir þurftu til að geta tekið ákvörðun var trygging fyrir rekstrarlegu umhverfi sínu næstu tuttugu árin. Þar skiptir skattaumhverfi fyrirtækisins, orkuverð og afhendingaröryggi raforku öllu máli. Reiknað er með að uppbyggingin fari strax af stað og að fyrsti áfangi verði tekinn í notkun strax í haust. Rio Tinto tilkynnti í síðustu viku að framkvæmdir við stækkun álversins í Straumsvík færu af stað fljótlega. Það er milljarða fjárfesting sem mun skapa mörg atvinnutækifæri á uppbyggingatímanum og skila um 40% framleiðsluaukningu með tilheyrandi verðmætaaukningu útflutnings. Uppbyggingin hangir að vísu saman við annað mjög atvinnuskapandi verkefni; byggingu Búðarhálsvirkjunar. Þar segja stjórnvöld að fjármögnun sé erfið en unnið sé að henni. Ég skil ekki hvað þarf að dvelja við þann þátt. Þjóð sem á 1.500 milljarða í lífeyrissjóðum gerir ekkert þarfara en að nota hluta þess fjár til uppbyggingar á atvinnu- og verðmætaskapandi verkefnum. Það kostar 25 milljarða að ljúka þessari virkjun og hún er tilbúin í útboð. Hver er skynsemin í því að bíða með það fram á sumar þegar við þurfum á þessu að halda núna?

Þessi ánægjulegu tíðindi sýna svo ekki er um að villast að það er hagkvæmt fyrir erlenda aðila að fjárfesta í íslensku atvinnulífi eins og staðan er núna. Icesave-málið truflar ekki þá ákvarðanatöku. Það sem þarf að tryggja er traust rekstrarumhverfi og þar er víða pottur brotinn af hálfu ríkisstjórnarinnar sem getur haft alvarlegar afleiðingar.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


10 stk
Túlipanar
999kr
ÚTSÖLULOK
í Blómavali
Alparós
699k
50%
afsláttur
af öllum
pottaplöntum
föstud - sunnud
Perluburkni
499kr
Blómaval Skútuvogi
Græna torgið
...heilsa er lífstíll
Orkidea
1240kr
Jukka
1790kr
10-20%
afsláttur
af öllu á
Græna torginu
Soldis
Silkitré & silkiblóm
30%
AFSLÁTTUR
ALLAR VÖRUR
Fræin eru komin
sjá úrvalið á blomaval.is
EGG
30%
AFSLÁTTUR
ALLAR
ÚTSÖLUVÖRUR
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík





# Kyrrstaða kostar 75 milljarða á mánuði

**UMRÆÐAN**
Gunnlaugur H. Jónsson skrifar um Icesave


GUNNLAUGUR H. JÓNSSON

Í morgunútvarpinu á Rás 2 26. janúar, var viðtal við tvo fjölskyldumenn, prest og fjölmiðlafræðing sem eru að flytja úr landi til Noregs á næstu mánuðum. Þeir sjá ekki framtíð í því að búa á Íslandi við þá óvissu og kyrrstöðu sem nú ríkir í efnahagsmálum.

Kyrrstaðan veldur því að stöðugt bætist við þá 15.329 sem skráðir voru atvinnulausir um áramótin. Þeir sem þó eru með vinnu eru á skertum launum. Meðan þetta ástand varir eiga einstaklingar og fyrirtæki erfitt með að ná endum saman og greiða því lítið upp í skuldir og mun minni skatta en ella. Ríkið er rekið með tapi og safnar skuldum og upp safnast vaxtakostnaður hjá einstaklingum, fyrirtækjum og ríkissjóði, sjóði allra landsmanna. Undirritaður hvetur fjölmiðla til þess að afla sér upplýsinga frá fremstu hagfræðingum um það hvað þessi kyrrstaða kostar og hvernig má rjúfa hana. Hér á eftir er gerð tilraun til þess að svara þessum spurningum sem mikilvægt er að fá svar við.

Að jafnaði vex íslenska hagkerfið um 3% á ári. Þjóðarframleiðslan er nú um 1.500 milljarðar kr. á ári. Að öðru jöfnu mætti því búast við því að þjóðarframleiðslan á næsta ári yrði 1.545 M.kr. ári síðar 1.591 M.kr. og svo framvegis eins og kemur fram í meðfylgjandi töflu og línuriti. Ef kyrrstaða ríkir þá er ekki vöxtur í þjóðarframleiðslu. Standi þessi kyrrstaða í eitt ár (12 mánuði) þá verður þjóðarframleiðsla næsta árs 45 M.kr. minni en vænta mætti við venjulegar aðstæður. Sama á við um öll árin sem á eftir fylgja. Þjóðarframleiðslan er á hverju ári 3% minni en hún hefði verið ef kyrrstaða hefði ekki ríkt í eitt ár. Reiknað til núvirðis nemur töpuð framtíðarþjóðarframleiðsla af kyrrstöðu í eitt ár 900 til 2.250 M.kr. eftir því með hvaða ávöxtun er reiknað (5% til 8%). Kostnaðurinn af kyrrstöðu nemur því að lágmarki 75 M.kr. á mánuði miðað við ofangreindar einfaldar forsendur.

Ofangreind rök sýna að kyrrstaða er þjóðinni dýr í atvinnuleysi, landflótta og tapaðri þjóðarframleiðslu. Miklu er því fórnandi til þess að rjúfa hana. Undir þetta taka Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og væntanlega allir Íslendingar sem láta sér annt um framtíð þessarar þjóðar og þeirra einstaklinga sem mest líða fyrir atvinnuleysi og kyrrstöðu.

Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og ríkisstjórn Íslands hafa sagt að sátt við alþjóðasamfélagið og samningur við Norðurlöndin og alþjóðlegar fjármálastofnanir, þar á meðal AGS, sé forsenda fyrir því að fjármagn fáist til þess að endurfjármagna skuldir ríkissjóðs, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og sveitafélaganna. Þetta fjármagn er síðan forsenda fyrir því að leiðrétta gengi krónunnar til hækkunar og lækka vexti innanlands og jafnframt bæta þau vaxtakjör sem Íslandi bjóðast erlendis. Þessar fjárhagslegu forsendur eru nauðsynlegar til þess að ná hagvexti á ný og rjúfa kyrrstöðuna sem við erum í.

Margir hafa bent á að lausn á Icesave-deilunni sé forsenda fyrir sátt við alþjóðasamfélagið. Það er beisk pilla að kyngja. Hafa verður þó í huga að það eina sem þarf til þess að ná samkomulagi í Icesave-deilunni er að skrifa upp á skuldabréf sem reiknað hefur verið að núvirði til 189 milljarða króna. Með öðrum orðum lausnin snýst um peninga. Hvað kostar að skrifa upp á skuldabréfið og hvað kostar að skrifa ekki upp á skuldabréfið. Sé sú tilgáta rétt að lausn á Icesave-deilunni sé forsenda fyrir því að rjúfa kyrrstöðuna og ná 3% hagvexti á ný þá er rökrétt ákvörðun auðveld. Hver mánuður sem líður án þess að eðlilegum 3% hagvexti sé náð kostar þjóðina 75 milljarða króna Icesave-skuldbréfið kostar minna en þriggja mánaða kyrrstaða. Náum sátt við alþjóðasamfélagið, eyðum óvissu, rjúfum kyrrstöðu og stuðlum að hagvexti, minnkandi atvinnuleysi og hærri launum.

*Höfundur er rekstrarhagfræðingur.*

| Ár | Stöðugur hagvöxtur 3% | Kyrrstaða í eitt ár | Töpuð framleiðsla |
|---|---|---|---|
| 0 | 1.500 | 1.500 | 0 |
| 1 | 1.545 | 1.500 | 45 |
| 2 | 1.591 | 1.545 | 46 |
| 3 | 1.639 | 1.591 | 48 |
| 4 | 1.688 | 1.639 | 49 |
| 5 | 1.739 | 1.688 | 51 |
| 6 | 1.791 | 1.739 | 52 |
| 7 | 1.845 | 1.791 | 54 |
| 8 | 1.900 | 1.845 | 55 |
| 9 | 1.957 | 1.900 | 57 |
| 10 | 2.016 | 1.957 | 59 |
| 11 | 2.076 | 2.016 | 60 |
| 12 | 2.139 | 2.076 | 62 |
| 13 | 2.203 | 2.139 | 64 |
| 14 | 2.269 | 2.203 | 66 |
| 15 | 2.337 | 2.269 | 68 |
| 16 | 2.407 | 2.337 | 70 |
| **Samtals M.kr.** | **32.642** | **31.735** | **907** |

**Þjóðarframleiðsla í milljörðum króna**




# Sameiginleg sóknaráætlun

**UMRÆÐAN**
Dagur B. Eggertsson og Katrín Jakobsdóttir skrifa um sóknaráætlun fyrir Ísland


DAGUR B. EGGERTSSON


KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Ísland þarf á sameiginlegri framtíðarsýn að halda. Sú sýn verður ekki, og á ekki eingöngu að vera hugsuð og sett fram af nokkrum stjórnmálamönnum. Framtíðarsýn þjóðar verður að byggjast á sameiginlegum grunni og hana verður að móta á lýðræðislegan hátt.

Á næstu vikum verða haldnir 8 þjóðfundir um allt land undir merkjum Sóknaráætlunar fyrir Ísland. Á þessum fundum verður, með aðferðafræði þjóðfundar Mauraþúfunnar, rætt um leiðir fyrir landið allt og einstaka landshluta til að sækja fram og einnig til að styrkja innviði samfélagsins. Líkt og á þjóðfundinum sjálfum er hér farin ný leið til að leiða saman hagsmunaaðila og einstaklinga af viðkomandi svæði sem valdir verða af handahófi úr þjóðskrá. Sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta verða byggðar á niðurstöðum þessara funda, á grundvelli greiningar á stöðu hvers landshluta, mati á lykilstyrkleikum svæðanna, brýnustu viðfangsefnum þeirra og tækifærum til framtíðar.

**Ólíkar raddir – ólíkar hugmyndir**

Strax eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri-grænna vorið 2009 var hafist handa við undirbúning sóknaráætlunar sem miðar að því að styrkja innviði samfélagsins og finna þeim krafti sem býr í þjóðinni farveg. Ein helsta krafa Íslendinga eftir hrunið er að raddir allra fái að hljóma og að ólíkar hugmyndir, til dæmis um verðmætasköpun, fái notið sín. Íslendingar þurfa á því að halda að allir kraftar séu virkjaðir, bæði fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild. Til þess að það megi verða þurfa innviðir samfélagsins að vera sterkir. Sóknaráætlun er ætlað að forgangsraða fjárfestingum framtíðarinnar til að tryggja að svo verði og tryggja að uppbygging samfélagsins byggist á stoðum lýðræðis, jafnréttis og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

**Uppbygging samfélagsins**

Á síðustu áratugum hefur íslenskt samfélag verið í hraðri mótun. Við höfum byggt upp fjölmargar áætlanir, til dæmis í atvinnu- og byggða- og samgöngumálum. Um margt hafa þessar áætlanir reynst okkur vel. Hins vegar er ljóst að áherslur í atvinnumálum og nýtingu auðlinda hafa verið umdeildar, fjölbreytni hefur skort og að nú þarf sérstakt afl til að ná okkur út úr kreppunni. Við núverandi aðstæður er því mikilvægara en nokkru sinni að allar ákvarðanir byggi á skýrri framtíðarsýn og miði að því markmiði að stuðla að ábyrgri uppbyggingu, minnka atvinnuleysi og bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Samþætting áætlana stjórnvalda og hugmyndafræði þeirra er stórt verkefni og mikilvægur hluti af Sóknaráætlun fyrir Ísland. Aðrar þjóðir sem hafa horfst í augu við mikla efnahagslega erfiðleika, til dæmis Írar, hafa lagt mikla áherslu á að búa til áætlanir um hvernig fjármunum ríkisins sé best varið þegar kemur að uppbyggingu samfélagsins. Það er nauðsynlegt að allar áætlanir stjórnvalda, hvort sem er atvinnustefna, jafnréttisáætlun, umhverfisáætlun, samgönguáætlun eða menntastefna stefni að sama marki og leggi þannig farsælan grunn að uppbyggingu og framþróun í samfélaginu.

**Takið þátt**

Á næstunni verður nánar kynnt hvernig staðið verður að þjóðfundum um land allt. Við hvetjum alla til að fylgjast vel með og minnum á mikilvægi þess að að sem flestar raddir heyrist í vinnunni við mótun Sóknaráætlunar fyrir Ísland.

*Höfundar eru varaformenn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.*

**FOOD & FUN** hátíðin verður haldin dagana 24. til 28. febrúar. Heiðursgestur verður René Redzepi, yfirmatreiðslumaður NOMA í Kaupmannahöfn.





FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447




Aðeins 790 kr.

Snitzel samloka

*Kaffitería Perlunnar á 4. hæð*

Snitzel samloka með súrsuðum rauðlauk, fersku káli og piparrótarsósu

Allt í steik
*4ra rétta veisla frá 4.990 kr.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is


;ALLT HEILSA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



Kristján í essinu sínu að elda ofan í fjölskylduna. Með honum á myndinni eru börnin hans Rannveig með Þóreyju Ingvarsdóttur á handleggnum og Víkingur sem heldur á Völu Ingvarsdóttur, eiginkonan Sigurjóna sem heldur á Júlíu Ingvarsdóttur og tengdadóttirin Katia sem heldur á Kristjáni litla Ingvarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Börnin elska afamatinn

**Þótt stórtenórinn Kristján Jóhannsson sé önnum kafinn flesta daga við sitt fag þá tekur hann sér líka tíma til að elda. Hér gefur hann lesendum Fréttablaðsins smá nasasjón af því sem hann ber á borð.**

„Ég er nú sennilega þekktastur fyrir bragðsterkan ítalskan mat,“ segir Kristján brosandi og kveðst ekki í neinum vandræðum með að ná sér í það hráefni hér á landi sem til þurfi í slíkan mat. Hann segir íslenskan fisk líka oft á borðum og lýkur lofsorði á fiskbúðina í Hófgerði í Kópavogi.

Þennan daginn ætlar hann samt að elda kjúkling. „Þessi réttur er afar vinsæll hjá dóttur minni og afastelpunum mínum tveimur sem eru ekki enn þá komnar upp á lagið með að borða mat með pepperoncino (chilipipar). Þau minnstu eru líka of ung fyrir krydd.“ Hann segir réttinn einfaldan en góðan og hafa komið öllum á óvart sem hafi smakkað hann. „Þeir sem vilja auka bragðið geta sett rönd af sojasósu yfir kjötið,“ tekur hann fram.

Kristján byrjar á að setja hrísgrjónin af stað, kveðst oftast nota basmati-grjón en hverjum og einum sé frjálst að nota það sem best þyki.

*gun@frettabladid.is*

## KJÚKLINGUR KRISTJÁNS OG EPLAKAKA SVÖNU

Léttur réttur **FYRIR FJÖLSKYLDUNA**

**Kjúklingur með sítrónu**
Kjúklingabringur 1-2 pakkar eftir fjölda í mat.
Smjör
Ólífvuolía, ljós
1 sítróna

*Ég sker bringurnar í þunnar sneiðar og ber þær létt, þannig að þær verði þunnar. Salta og pipra sneiðarnar áður en ég steiki þær á pönnu upp úr samblandi af bræddu smjöri og léttri ólívuolíu. Þegar kjúklingurinn er steiktur bæti ég smjöri á pönnuna (saman við kjúklinginn) og þegar það er vel bráðið kreisti ég eina sítrónu yfir dásemdina – ed ecco tutto é pronto! Sítrónan gerir kjúklinginn gullinbrúnan og sítrónusmjörsósan er fín ofan á hrísgrjónin.*

**Fennikusalat**
1 fennika
1 appelsína
Salt
Pipar
1 pk. Snowpeas (sykurbaunir)

*Fennikan er skorin í hárfínar sneiðar, sett í skál og krydduð létt með salti, pipar og grænni ólívuolíu. Appelsínan er afhýdd og líka skorin í þunnar sneiðar og blandað saman við fennikuna. Sykurbaunirnar eru steiktar upp úr smjöri, svo skelli ég smá hvítvíni yfir og læt malla.*

**Eplakaka Svönu**
*Í desert er uppáhaldskakan mín. Jóna fékk uppskriftina hjá kvenskörungnum Svönu, systurdóttur minni.*

125 g sykur
125 g smjölíki
125 g hveiti
2 stk. egg
1/2 tsk. lyftiduft
2 msk. mjólk eða rjómi
1 tsk. vanilludropar
2 epli

*Hrært í vél, eplin skorin í sneiðar og raðað ofan á, kanilsykri stráð yfir og bakað við 200° C í 20-30 mín. Borin fram volg með þeyttum rjóma eða ís.*




# GJAFAVÖRUR

**GJAFAPAKKI** er skemmtileg hugmynd sem Office 1 býður upp á. Þar er hægt að kaupa umslag með gafabréfi að flugi, dekri, hestaferð, matreiðslunámskeiði og fleira.













Sigríður Ásta Árnadóttir textílhönnuður og Kristín Sigfríður Garðarsdóttir keramíker unnu saman afar skemmtilegt stell sem kallast Flökkukind.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Stellið er úr steyptu postulíni þannig að formið er afskaplega hreint.



Glænýir endurunnir treflar eftir Sigríði Ástu eru einnig til sýnis í bakherberginu.









# Stell úr steyptu postulíni og ull

**Þær Sigríður Ásta Árnadóttir textílhönnuður og Kristín Sigríður Garðarsdóttir leirkerasmiður eru nýbúnar að opna sýningu á afar skemmtilegu stelli sem þær unnu saman.**

Samtökin Handverk og hönnun efndu til þemasýningar í fyrra þar sem þau fengu nokkra hönnuði til að velja annan hönnuð með sér til samstarfs. Skilyrðin voru að hönnuðurinn sem fyrir valinu yrði, væri að vinna með ólíkt efni og væri á ólíkum aldri. Sigríður segist alltaf hafa verið mikill aðdáandi verka Kristínar og hún hafi því beðið hana um að vinna með sér. „Í svona samstarfi skiptir líka máli að hönnuðir eigi skap saman og ég vissi vel hvað Kristín er skemmtileg af samstarfi okkar í Kirsuberjatrénu. Ég varð því mjög glöð þegar hún var til í að vinna þetta með mér,“ segir Sigríður.

Að sögn Sigríðar var mikil áskorun að koma leir og ull saman í eitthvað sem myndi virka en þær stöllur enduðu með því að útbúa stell sem samanstendur af bollum, skálum og boxum, þar sem litaglaðar kúlur úr þæfðri ull skreyta postulínið. Stellið kölluðu þær Flökkukindastell og bjuggu til skemmtilega þjóðsögu í kringum það. Upplagið af stellinu sem er til sölu er lítið enda var það fyrst og fremst gert fyrir sýningu Handverks og hönnunar. Stellið er til sýnis í bakherbergi í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu.

*- jma*






**EL BULLI**, spænski veitingastaðurinn, sem hefur margsinnis verið valinn sá besti í heimi, verður lokaður í tvö ár frá og með 2012. www.freisting.is



# Landflóttasjóðurinn var notaður í Núðluskálina

**Þegar Sigurður Jónas Eysteinsson missti starfið haustið 2008 stefndi hugur hans til útlanda. Hins vegar varð gömul hugmynd um núðlubar til þess að breyta fyrirætlunum hans.**



Sigurður gæðir sér á girnilegri núðlusúpu í Núðluskálinni á Skólavörðustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Hingað kemur fjölbreyttur hópur fólks, allt frá iðnaðarmönnum til ráðherra og rektora," segir Sigurður Jónas Eysteinsson, eigandi Núðluskálarinnar á Skólavörðustíg 8, þegar blaðamaður stelur honum stundarkorn frá súpupottunum. Sigurður opnaði Núðluskálina í nóvember síðastliðnum en hafði verið með hugmyndina að staðnum í maganum í fjölda ára. Fyrir rúmu ári var stefna hans í lífinu þó allt önnur en sú að gerast súpukokkur.

„Ég var að vinna sem ráðgjafi hjá Capacent ráðningum og var nýtekinn við nýju starfi sem sérfræðingur í ráðningum erlendra sérfræðinga, aðallega í bankageirann. Í október 2008 var þeirri vinnu sjálfhætt," segir Sigurður glettinn.

Í framhaldi af hruninu ákváðu hann og maður hans, Kristján Hannesson, að setja til hliðar peninga í sjóð sem þeir ætluðu að grípa til ef stefnan yrði sett út fyrir landsteinana, sumsé hálfgerðan landflóttasjóð. „Á sama tíma vorum við þó að velta fyrir okkur öðrum möguleikum. Ég hafði til dæmis í fimmtán ár beðið eftir því að einhver myndi opna núðlubar og velt fyrir mér hvernig ég myndi útfæra slíkan stað," segir Sigurður. Hann tók síðan að sér kennslu í prismanámi og í þeirri skapandi orku sem þar ríkti ákvað hann að útfæra núðlubarshugmyndina fyrir alvöru.

Í Núðluskálinni eru aðeins í boði soðnar núðlur. „Hér er ekkert brasað, aðeins fersk og saðsöm hollusta," segir Sigurður glaðlega en hann sækir bragðheiminn til Taílands þar sem hann var skiptinemi átján ára gamall. Hugmyndina að framsetningu matarins sækir hann hins vegar til Hong Kong.

Sigurður stendur sjálfur yfir pottunum en fær hjálp frá eiginmanninum á kvöldin. Hann eldar fjölbreyttar súpur, sumar aðeins með grænmeti en aðrar með kjúklingi og kalkúnabollum. „Kjötinu má svo alltaf skipta út fyrir tófú og þannig henta allir réttirnir grænmetisætum," segir Sigurður súpukokkur. *solveig@frettabladid.is*



Vínsmakkarinn er vefsíða sem Stefán Guðjónsson og Sævar Már Sveinsson halda úti. Þar eru þeir með vínumfjöllun, smökkun og fróðleik.

**www.smakkarinn.is**


EINSTAKT KVÖLD Á GRILLINU




Ljúffengur matur og víðáttumikið útsýni gera kvöldið einstakt.

Borðapantanir í síma: 525 9960 • www.grillid.is




Í tilefni áttræðisafmælis Hótels Borgar býður Silfur upp á tilboðsmatseðil með ljúffengum afmælisréttum þar sem val er milli tveggja forrétta og tveggja aðalrétta og endað á gómsætum eftirrétti sem hæfir svo virðulegu afmælisbarni.

Matskrá

Í gegnum tíðina ° Throughout the years

**Forréttir ° Starters**
Lax „í gegnum tíðina" með eggjaböku, aspas, engifer og sítrónusnjó
*Salmon with quiche, asparagus, ginger and lemon snow*

Skelfisksupplifun með rjómaostakremi og þúsundeyjasósu
*Shellfish fantasy with cream cheese and thousand island dressing*

**Aðalréttir ° Main Courses**
Folaldalund með tómatböku, Waldorf-salati og sveppagljáa
*Tenderloin of foal with tomato pie, Waldorf salad and mushroom glaze*

Ostafyllt grísalund með rúsínum, rósakáli, hrásalati og sinnepsgljáa
*Cheese stuffed tenderloin of pork with raisins, brussels sprouts, cold slaw and mustard glaze*

**Eftirréttur ° Desserts**
Kyrrfryst hnetu- og karamelluísterta með appelsínulofti og marengs
*Nut and caramel parfait with orange air and merengue*

**3 réttir ° 3 courses ISK 4.950**







restaurant silfur

www.silfur.is info@silfur.is Pósthússtræti 11 Reykjavík Borðapantanir: 578 2008



**FURÐUVERUR** verða í fyrirrúmi á sýningunni Ljóslitlífun í Hafnarhúsi um helgina. Í þessari fjölskyldudagskrá verður leitað að furðuverum, dýrum og plöntum sem birtast á ólíklegustu stöðum á sýningunni og kannað hvernig málverkin flæða út fyrir ramma, mörk og venjuleg rými.


ÚTSALA

20-50% afsláttur

Úlpur - Kápur - Jakkar - Peysur - Húfur

Topp HÚSIÐ

Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16

Mörkinni 6 - Sími 588 5518




Vinkonurnar Hildur Tryggvadóttir Flóvenz og Eyrún Ellý Valsdóttir opnuðu nýverið aðdáendasíðu Eurovision. Síðan inniheldur ógrynni af fróðleik um söngvakeppnina vinsælu. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

# Opna Eurovision-síðu

**Þær Hildur Tryggvadóttir Flóvenz og Eyrún Ellý Valsdóttir hafa nýlega opnað aðdáendasíðu fyrir Eurovision, sem er full af ýmsum fróðleik um keppnina. Draumur þeirra er að komast til Noregs í vor.**

„Við höldum því að sjálfsögðu statt og stöðugt fram að allir séu Eurovision-aðdáendur inni við beinið," segir Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, sem opnaði nýverið vefsíðuna Allt um Júróvísjon ásamt Eyrúnu Ellý Valsdóttur vinkonu sinni. Á síðunni er að finna ógrynni af fróðleik um hina sívinsælu söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, sem verður haldin í 55. skipti í Noregi í vor.

Að sögn Hildar er um alls kyns fróðleik að ræða, bæði nytsamlegan og gagnslausan. Á síðunni verður fjallað um lögin í íslensku forkeppninni sem fram fer á RÚV, en einnig lögin sem keppa í sjálfri lokakeppninni, í forkeppni annarra landa, önnur mál tengd Eurovision og hvað sem þeim stöllum dettur í hug varðandi keppnina.

Hugmyndin að síðunni kom til vegna þess að Hildi og Eyrúnu þótti sárlega vanta alvöru Eurovision-aðdáendasíðu í íslenskum netheimum. „Við erum báðar miklir áhugamenn um keppnina og höfum til að mynda bloggað linnulítið um Eurovision á okkar eigin bloggsíðum í gegnum tíðina. Því þótti okkur gráupplagt að skella þessu öllu saman á eina síðu og höfum verið að dunda okkur við það undanfarið."

Hún segir viðbrögðin við síðunni hafa verið mjög góð. „Við fengum hundruð heimsókna fyrstu dagana, enda vitum við um ótalmarga sem fylgjast grannt með keppninni. Við höfum ekki enn ferðast til útlanda til að fylgjast með lokakeppni í návígi en það er á stefnuskránni. Draumurinn er að komast út til Noregs í vor, en við sjáum hvað setur," segir Hildur.

Spurð um eftirlætis Eurovisionlögin í gegnum tíðina segist Hildur eiga í nokkrum erfiðleikum með að telja til sérstök lög. „Þau eru svo rosalega mörg góð. Af þessum erlendu held ég mikið upp á partílagið Wild Dancers sem hin úkraínska Ruslana sló í gegn með árið 2004 og hef einnig dálæti á ítalska laginu Eres Tu frá 1973. Af þeim íslensku finnst mér Is it true hreinlega vera með þeim flottari sem gerð hafa verið og Nína er alltaf gott. Svo eru það þessir gullmolar sem heyrast lítið eftir að þau detta úr keppni, eins og Skot í myrkri sem Ragnheiður Gröndal söng í undankeppninni árið 2007. Það er eitt af mínum uppáhalds lögum."

Slóðin á síðuna er jurovision.wordpress.com og ættu flestir Eurovision-fíklar að finna eitthvað við sitt hæfi þar. *kjartan@frettabladid.is*



Wild Dancers með Ruslönu og Is it true með Jóhönnu Guðrúnu eru meðal uppáhalds Eurovision-laga Hildar.




MC PLANET

OUTLET – LAUGAVEGI 94

LOKADAGAR ÚTSÖLUMARKAÐS

STÓRLÆKKAÐ VERÐ

3000 kr.
5000 kr.
7000 kr.
9000 kr.

Nýjar vörur á útsölu

Opnunartími:
mán. til fös. 11:00–18:00.
Laug. 11:00–16:00.

MC PLANET Outlet • Laugarvegur 94 • 101 Reykjavík. • Sími 552 8090



HANSKADAGAR

30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM RÚSSKINNSHÖNSKUM

Stendur í 1 viku frá laugardeginum 23. jan. til 30. jan.



( 2.800.- kr.)
Nú 1.960. kr.

Tösku og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is


# Út í garð að telja fuglana

**Landsmenn eru hvattir til að skoða og skrá fjölda og tegundir fugla í görðum sínum frá og með deginum í dag til 1. febrúar.**

Fuglavernd gengst fyrir garðfuglaskoðun nú um helgina sem felst í því að sem flestir greini og skrái niður þá fugla sem stoppa í görðum þeirra á einum klukkutíma. Markmiðið er að afla upplýsinga um hvaða tegundir eru til staðar og fjölda innan tegunda en einnig að vekja áhuga á fuglum og töfrum þeirra," að sögn Hólmfríðar Arnardóttur, framkvæmdastjóra Fuglaverndar. Hún segir gott að hæna fuglana að með því að gefa þeim. „Við viljum líka fá fólk til þess að fóðra fugla reglubundið, það er uppbyggjandi tómstundagaman og mikil aðstoð við garðfugla í oft harðri lífsbaráttu," segir hún og tekur fram að misjafnt sé hvaða fóður henti hverri tegund en upplýsingar um það sé að finna á www.fuglavernd.is. Þar geta þátttakendur fuglatalningarinnar einnig skráð niðurstöður sínar og sent þær inn rafrænt.

Í tilefni af þessu átaki Fuglaverndar býður hún upp á fuglaskoðun á morgun, laugardag, klukkan tvö. Hist verður á bílastæðinu við Fossvogskirkjugarð. *- gun*



Skógarþröstur og svartþröstur. Sá síðarnefndi er tiltölulega nýr landnemi sem þiggur fúslega matargjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


vísir.is

"...ég sá það á vísi"

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

29. janúar 2010



Ívar Örn Sverrisson leikstjóri setur Thriller á svið

## STÚDERAÐI LÍF MICHAELS JACKSON

+ KARL BERNDSEN HERJAR Á BRETLANDSMARKAÐ + FABELHAFT FLYTUR YESMINE OLSEN MEÐ MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ





FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Aspire One 532H-2DS

- 1.66GHz Intel Atom N450
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA harðdiskur
- 10,1" TFT breiðskjár
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Innbyggð VGA myndavél í skjá
- Windows 7 Starter stýrikerfi
- Li-ion rafhlaða (allt að 8 tímar)
- 3x USB 2.0, 10/100 Ethernet og VGA tengi
- Aðeins 1.25 kg

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ nýtt og ferskt

## REBECCA ERIN MORAN, LISTAKONA

Ég ætla að æpa yfir handboltaleikjum, borða beikon í morgunmat og drekka svo viskí á Bakkusi á meðan ég hlusta á Einar Sonic þeyta skífum á föstudagskvöldið. Svo ætla ég að leika mér með nýju 16 mm tökuvélina mína.




### 160 manns þrá að finna ástina

Skráning stefnumótaþáttarins Djúpu laugarinnar hefur farið gríðarlega vel af stað en yfir 160 manns hafa skráð sig á fyrstu vikunni. Sýningar hefjast 12. febrúar en fólk verður að hafa náð 20 ára aldri til þess að geta skráð sig. Ragnhildur Magnúsdóttir og Tobba Marinósdóttir eru einnig farnar af stað með leit að skemmtilegum pörum sem kynntust á óvenjulegan máta og spyrja spurninga eins og hvað virkar og hvað ekki.



### Lærisveinn Nerdrums sýnir

Þrándur Þórarinsson hefur vakið athygli fyrir málverk sín en hann nam málaralistina hjá Íslandsvininum fyrrverandi, Oddi Nerdrum. Þrándur sýnir nú verk sín í veitingahúsinu Geysi í Aðalstræti og verkin eru hluti af sýningu Þrándar sem nefndist Áfangar og haldin var í 101 Gallerí. Þrándur tók bílpróf á síðasta ári og ætlaði að láta gamlan draum rætast, ferðast um landið og mála einhverja merkisstaði. En draumurinn endaði þar sem hann hófst, á vinnustofu listamannsins í miðbæ Reykjavíkur, þar sem hann málaði tólf olíumálverk upp úr Áföngum, ferðakvæði Jóns Helgasonar frá 1939.



### Jón á leikskólanum

Jón Gnarr ætlar að sópa til sín væntanlegum atkvæðum en eins og hefur ekki farið framhjá neinum stefnir hann á að komast í borgarstjórn fyrir Besta flokkinn sinn. Fyrir helgina sást hann spranga um lóð leikskóla í miðbæ Reykjavíkur, þar sem hann heilsaði upp á börnin með bros á vör og flutti fóstrunum framboðsræður. Sagðist hann meðal annars lofa því að gefa mörg loforð í aðdraganda kosninga. Hins vegar ætli hann að brjóta hvert eitt og einasta. Með Jóni voru tveir fyndnir karlar, þeir Auddi og Sveppi, og tökulið sem náði öllu saman á filmu.



þetta
HELST

Karl Berndsen herjar á Evrópumarkað með kennslumyndband sitt:

# TIL SÖLU Á BRESKUM SJÓNVARPSMARKAÐI

Hinn vinsæli sjónvarpsþáttur Nýtt útlit, með hárgreiðslu- og förðunarmeistaranum Karl Berndsen, er væntanlegur aftur á skjáinn. „Ég er að byrja að taka upp 8. febrúar. Við ætlum að hafa þáttinn með svolítið öðru sniði, því ekki viljum við ekki vera með neinar gamlar lummur. Ég ætla nú ekki að uppljóstra um breytingarnar strax, en þarna verður dálítið af einstaklingum sem fólk ætti að kannast við,“ segir Karl, þar sem hann var staddur á stofunni sinni, Beauty barnum.

Fyrir jólin gaf Karl út ítarlegt kennslumyndband í förðun, sem mæltist vel fyrir hjá íslenskum konum og seldist í meira en 4.000 eintökum. Frést hefur af útrás myndbandsins til Austur-Evrópu en nú hafa fleiri lönd bæst í hópinn, meðal annars Bretland, Grikkland og Kýpur. „Myndbandið mitt verður til sölu í sjónvarpsmarkaði í Bretlandi. Það er stærsta sjónvarpsstöðin í Bretlandi sem vill fá hann þýddan,“ segir Karl, sem er ekkert undrandi yfir vinsældum myndbandsins, þar sem ekki sé fátt sé um fína drætti á þeim markaði í Evrópu. „Það er hægt að fletta kennslubók um förðun, en það er einhvern veginn ekki eins sterkt og þetta sjónræna. Og svona kennslumyndbönd eru ekki til Evrópu, nema þá í tengslum við ákveðin snyrtivörumerki.“

Annars hefur komið Karli á óvart hvaða konur voru opnastar fyrir disknum hér heima. „Hugmyndin með þessu hjá mér var að ná til kvenna frá þrítugu og upp í fimmtugt. En það kom mér á óvart að það voru einmitt þær yngri og þær eldri sem voru spenntastar fyrir hugmyndinni. Mér finnst eins og margar konur hugsi „æ, ég er búin að gera þetta svo lengi, ég þarf ekkert að læra neitt úr þessu!“. En flestar konur hefðu gott af því að öðlast meiri þekkingu og sjá að þær gætu gert þetta svo miklu betur. Þetta snýst um að ná fram fegurðinni, og hvað hver og ein getur gert til að endurbæta sjálfa sig.“ *- hhs*



**Karl Berndsen** Segir konur á milli þrítugs og fimmtugs halda að þær þurfi ekki að læra að farða sig úr þessu. Það sé misskilningur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Köflóttir dagar

**Aðdáendur hönnuðarins Bernhards Wilhelm munu taka gleði sína í Kron Kron nú um helgina en þar verður slegið upp sérstökum Bernhard Wilhelm-dögum þar sem flíkur eftir hann eru á hálfvirði en meðal annars er hægt að festa kaup á hium frægu köflóttu og víðu kjólum og skyrtum sem hafa verið afar vinsælar í vetur. Tilboðið stendur yfir fram á næsta miðvikudag og heitt kaffi á könnunni.**





**Nýjar línur væntanlegar í vor.** Thelma og Dúsa flytja sig um set eftir að útsölu lýkur.

# Fabelhaft flytur af Laugaveginum

Útsalan er á síðustu metrunum í verslunninni Fabelhaft á Laugaveginum og lýkur nú um helgina. Þá taka við flutningar hjá hönnuðunum Thelmu Björk og Dúsu en þær ætla að flytja sig um set og fara aftur á Miðstrætið þar sem þær eru einnig með vinnustofu. „ Okkur gafst bara svo lítill tími til að hanna og sauma á meðan búðin var á Laugaveginum. Þetta eru langir vinnudagar og við vorum bara að afgreiða. Með því að færa okkur aftur á gamla staðinn verður þetta auðveldara og skemmtilegra fyrir okkur,“ segir Thelma. Fatnaður frá merkinu Go With Jan eftir Guðjón Tryggvason verður áfram fáanlegur hjá Fabelhaft ásamt Thelmu Design og Skaparanum. Nýjar línur munu svo líta dagsins ljós á Reykjavík Fashion Festival nú í mars. Fabelhaft flytur á Miðstræti 12 Skálholtsstígsmegin á mánudaginn. *- amb*

✻ augnablikið



**SMART OG SÆT** Rússneska leikkonan Olga Kurylenko var glæsileg á sýningu Chanel á tískuvikunni í París sem nú stendur yfir.




föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson Ritstjórn Anna M.Björnsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


snyrtivörur
15-50%
afsláttur
Silkiblóm
70%
afsláttur
Skart
70%
afsláttur
Útsala
70% afsláttur
áður 790,-
nú 237,-
70% afsláttur
áður 790,-
nú 237,-
70% afsláttur
áður 890,-
nú 267,-
70% afsláttur
áður 890,-
nú 267,-
70% afsláttur
áður 1.590,-
nú 477,-
PIER
70% afsláttur
áður 690,-
nú 207,-
50% afsláttur
áður 24.900,-
nú 12.450,-
70% afsláttur
áður 990,-
nú 297,-
50% afsláttur
áður 13.990,-
nú 6.995,-
70% afsláttur
áður 4.990,-
nú 1.497,-
70% afsláttur
áður 2.990,-
nú 897,-
70% afsláttur
áður 990,-
nú 297,-
40% afsláttur
áður 34.900,-
nú 20.940,-
40% afsláttur
áður 29.900,-
nú 17.940,-
40% afsláttur
áður 19.900,-
nú 11.940,-
70% afsláttur
áður 690,-
nú 207,-
70% afsláttur
áður 1.790,-
nú 537,-
40% afsláttur
áður 44.900,-
nú 26.940,-
70% afsláttur
áður 2.490,-
nú 747,-
70% afsláttur
áður 3.990,-
nú 1.197,-
70% afsláttur
áður 990,-
nú 297,-
70% afsláttur
áður 1.990,-
nú 597,-
70% afsláttur
áður 1.990,-
nú 597,-
the PIER
Útsalan í fullum gangi
allt á 15-70% afslætti
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# STÚDERAÐI LÍF MICHAELS JAC

**Nemendamót Verzlunarskóla Íslands frumsýnir söngleikinn Thriller í Loftkastalanum næsta miðvikudag. Höfundur handritsins og leikstjóri verksins, *Ívar Örn Sverrisson*, þekkir væntingarnar sem nemendur skólans bera til hinnar árlegu sýningar af eigin raun.**

*Viðtal:* Hólmfríður H. Sigurðardóttir
*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson

Ég var ráðinn til þess að leikstýra söngleiknum síðastliðið sumar og við byrjuðum strax að velta fyrir okkur hvað við ættum að setja á svið. Í þeim pælingum miðjum féll poppkonungurinn sjálfur frá og okkur fannst ekki annað hægt en að halda minningu þessa merka listamanns á lofti með splunkunýjum söngleik,“ segir Ívar Örn, sem fór þá beint í að semja handritið.

Margir bíða árlegra söngleikja Verzló með eftirvæntingu, ekki einungis nemendur skólans heldur fólk á öllum aldri úr öllum krókum og kimum samfélagsins. Sýningarnar eru alltaf metnaðarfullar og að sjálfsögðu kapp lagt á að gera betur en á síðasta ári. Ívar Örn tók sjálfur þátt í uppfærslu Mambó Kings, þegar hann var nemandi við skólann. Hann segir það hafa verið mjög gaman að taka þátt í því á sínum tíma og ekki síður núna sem leikstjóri. „Það komu yfir 400 manns í prufur fyrir sýninguna og ég og Jón Ólafsson, tónlistarstjóri sýningarinnar, gátum valið úr stórum hópi hæfileikafólks. Stella Rósenkranz, sem semur dansana, sá svo um dansprufurnar og hópurinn styrktist enn frekar með innkomu dansaranna.“

Sýningin er fjölmenn, með 28 persónur og tólf dansara. Nokkur atriði eru unnin í spuna á æfingum, þannig að leikendur eiga mikið í sýningunni. Nemendur skólans sjá raunar sjálfir um allt sem að sýningunni snýr, svo sem að byggja leikmynd, markaðssetja og sauma búninga.

### BAD OG MAN IN THE MIRROR

Þetta er í annað sinn sem Verzló setur upp söngleik undir nafninu Thriller. Söngleikirnir tveir eru þó ekkert líkir, að öðru leyti en því að stuðst er við svipað lagaval.

„Við bættum þó við nokkrum nauðsynlegum lögum, eins og Bad og Man in the Mirror,“ segir Ívar, sem veit vel hvað hann syngur, því hann hefur sjálfur verið mikill Jackson-aðdáandi frá árinu 1995, þegar History kom út. „Michael Jackson var flottur listamaður og það sem gerði hann ekki síst spennandi var þessi sterki stíll sem hann bjó til í söng og dansi. Það eru fáir í heiminum sem geta apað það eftir, ef þá nokkrir. Við gerum okkar besta og eru langflest lögin í upprunalegri tóntegund hjá okkur. Í söngleiknum okkar segir af ungum manni að nafni Jackson M. Thriller. Hann kemur nýr inn í ónefndan menntaskóla í ónefndum bæ. Hann er ekki eins og fólk er flest og mætir strax andstöðu fyrir að vera öðruvísi. Sögusagnir fara á kreik, yfirnáttúrulegir hlutir fara að gerast í bænum og auðvitað liggur Jackson undir sök þegar allt fer úr böndunum. Svo fléttast inn í ástarsaga og átök verða milli tveggja gengja. Lögin túlka tilfinningar Jacksons og annarra persóna í sögunni. Við leggjum mikið upp úr stórum dansatriðum og snörpum leiknum senum.“

Til að sækja sér innblástur fyrir söguna stúderaði Ívar líf Jacksons, myndböndin hans og tónlist. Sagan er ekki æviágrip en skrifuð undir áhrifum frá tónlistinni hans og hvernig manneskja hann ímyndaði sér að Jackson hefði verið.

### PLÚSAR OG MÍNUSAR

Ívar er menntaður leikari og útskrifaðist úr leiklist við Listaháskóla Íslands árið 2002. Síðan hefur hann meira og minna unnið sem leikari og nú nýverið er hann byrjaður að leikstýra. „Ég hef bæði upplifað að vera fastráðinn hjá Þjóðleikhúsinu og svo sjálfstætt starfandi og hvort fyrir sig hefur sína plúsa og mínusa. Maður er ekki eins listrænt frjáls á samningi og hefur ekki eins mikinn tíma og orku til að sinna eigin hugðarefnum. Og svo eru það stundum ótryggar tekjur þegar maður er sjálfstætt starfandi. Mér finnst hins vegar ágætt að blanda þessu saman.“



**Fjölhæfur** Ívar Örn er leikari en líka liðtækur dansari. Hann verður einn átta karlmanna sem koma fram í verkinu Bræður, eftir þær Ástrós Gunnarsdóttur og Láru Stefánsdóttur, sem verður sýnt í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð í vor.

Um tveggja ára skeið var Ívar í hlutverki Stígs í Stundinni okkar og lék þar á móti Ísgerði Elfu Gunnarsdóttur, sem var í hlutverki Snæfríðar.

„Á þeim árum var sonur minn þriggja til fjögurra ára og ég hélt að ég myndi aldeilis skora stig hjá honum fyrir að leika í Stundinni okkar. En það varð ekki úr því. Honum fannst þetta bara hálfskrítið, að sjá mig svona lítinn inni í sjónvarpinu á sama tíma og ég sat við hliðina á honum í sófanum. En það kom þó fyrir að hann varð stoltur af mér, sérstaklega þegar einhverjir krakkar voru að heilsa mér úti á götu.“




## * bak við tjöldin



**Hvaða dagdrauma áttu?**
Ég er ekki mikill dagdreymari. Fæ útrás fyrir hugmyndir mínar spontant uppi á sviði.

**Leikverk sem þig langar að setja upp?**
Væri til í að setja upp gamanleik eftir Shakespeare og annan söngleik jafnvel.

**Listamaður í uppáhaldi?**
Kvikmyndagerðarmaðurinn Federico Fellini er í miklu uppáhaldi.

**Falin íslensk perla?**
Elliðaárdalurinn.



**Fallegasti staður sem þú hefur heimsótt?**
Japan. Þar eru borgirnar svo hreinar og fólkið svo fallegt.

**Lífsmottóið þitt?**
Just do it!

**Ef ekki leikari, þá hvað?**
Ljósmyndari, kvikmyndagerðarmaður, leikstjóri, málamiðlari, leynilögreglumaður.



# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • JANÚAR 2010



FRIÐRIK DÓR!

ÚTIDÚR 12 MANNA SAMFÉLAG

KOSTIR OG GALLAR IPAD

STURLUÐ HEIDI MONTAG

MÖGNUÐUSTU TÓNLISTARHÁTÍÐIRNAR

ÖRLYGUR SMÁRI OG GRÆJURNAR

ÚTSALA!
ÞÚSUNDIR TITLA MEÐ ALLT AÐ
80% AFSLÆTTI
TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD
SKÍFAN
Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is



**HLUSTA Á TÓNLIST FRÁ ÞVÍ Í FYRRA** Party Zone og Breakbeat.is verða með árslista sína í beinni á laugardaginn, Party Zone á Rás 2 og Breakbeat.is á Xinu 977. Þegar þetta er skrifað er óljóst hvar Party Zone-drengirnir ætla að halda partí, en strákarnir á Breakbeat.is senda þáttinn sinn út í beinni frá Prikinu. Fortíðarþrá getur fengið nýja merkingu ef einhver nær að hlusta á báða þættina án þess að fara að gráta.

**Útvarpsþátturinn Party Zone hefur hins vegar verið færður á fimmtudagskvöld þótt stjórnendur þáttarins hafi lýst því yfir að Party Zone „hefur alltaf verið, er og verður alltaf laugardagsprógramm“.**

# ÞAÐ ER EKKI ORÐIÐ OF SEINT AÐ...

**Nýtt ár og allt það. Síðasta ár var náttúrulega algjört klúður og þú laukst ekki neinu sem þú ætlaðir að ljúka. Þú ert enn þá feitur, latur og ljótur, en í byrjun síðasta árs ætlaðir þú að stefna að því að vera orðinn grannur, duglegur og sætur í byrjun árs 2010. Það er samt ekki öll von úti. Það er enn þá hægt að gera ýmislegt og svo er hægt að setja ný markmið – sem eiga auðvitað ekki eftir að nást.**



**SÆKJA UM VINNU** Það er ekki vinna í boði alls staðar í dag, en nú styttist í að Simmi og Jói opni Hamborgarafabrikkuna. Þeir auglýsa nú eftir fólki og hafa fengið gríðarlegan fjölda umsókna. Það er þó enn hægt að fara inn á fabrikkan.is og sækja um. Vantar ekki annars alla sumarvinnu?



**STOFNA HLJÓMSVEIT** Nú styttist í Músíktilraunir, en það er enntími til að stofna hljómsveit og stefna á sigur. Ef þig dreymir um að minnsta kosti 15 mínútna frægð skaltu fara á Netið og finna heitustu tónlistarstefnuna í dag. Hóaðu svo í vini þína og saman semjið þið nokkur lög. Þau þurfa ekki að vera frumleg, bara nógu góð til að plata dómnefndina. Ef þið sigrið bíða ykkar yndislegar 15 mínútur með blaða- og sjónvarpsviðtölum, athygli og nafn ykkar verður skráð í sögubækurnar..



**SJÁ AVATAR** Avatar er ekki besta mynd heims, en hún er rosalega flott. Í vikunni varð myndin aðsóknarmesta mynd allra tíma og sökkti þar með Titanic (mest notaði brandari vikunnar). Ef þú ert ekki búinn að sjá hana er málið að drífa í því til þess að vera viðræðuhæfur. Flestir eru búnir að sjá myndina og hafa á henni skoðun. Þannig að það er hætta á því að þeir sem hafa ekki séð hana muni einangrast að eilífu og neyðast til að búa með köttum það sem eftir er. Ekki viljum við það.



**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Sölustjóri auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.




# LITLAR LÍKUR Á SIGRI JÓGVANS

Spennan er í algleymingi fyrir úrslitaþátt Söngvakeppni Sjónvarpsins 6. febrúar. Vefspilavítið Betsson býður notendum sínum upp á að veðja á sigurvegara og samkvæmt því er Hera Björk líklegust, en stuðullinn er 1,45. Athygli vekur að söngvarinn vinsæli Jógvan Hansen er ekki sigurstranglegur. Stuðullinn byrjaði í heilum 15, en það þýðir að það séu nánast engar líkur á því að Jógvan sigri – að mati Betsson.

Samkvæmt Lárusi Páli, markaðsstjóra Betsson, er fyrirtækið með fagfólk í vinnu sem hefur áralanga reynslu að því að spá fyrir um Eurovision. „Sérfræðingar fyrirtækisins fyrir Norðurlöndin voru ekki lengi að komast að niðurstöðu,“ segir Lárus. „Eftir nokkur rennsli á Youtube og RÚV, þar sem atriðin eru mæld eftir ýmsum leynilegum og háþróuðum aðferðum veðbankans, var niðurstaðan sú að Hera Björk væri langsigurstranglegust.“ Lárus er sjálfur hissa á því að veðbankinn telji svona ólíklegt að Jógvan sigri. „Jógvan nýtur mikils stuðnings sem söngvari á Íslandi. Metsöluplata Jógvans um jólin er líkleg til að bakka hann upp í kosningu á landsvísu,“ segir Lárus.



**VINSÆLL** Þrátt fyrir gríðarlegar vinsældir telur Betsson að Jógvan sigri ekki í undankeppni Eurovision.

# POPP PUNKTAR

## ● KATTARKONAN



**Jocelyn Wildenstein er varla þekkt fyrir annað en að hafa farið í óteljandi lýtaaðgerðir, sem hafa gjörsamlega rústað andlit hennar. Talið er að hún hafi eytt meira en fjórum milljónum dollara, meira en hálfum milljarði íslenskra króna, í lýtaaðgerðir og þær virðast ekki hafa skilað miklum árangri. Hún var myndarleg kona áður en hún byrjaði, en það er átakanlegt að sjá hvað hún hefur gert sér í dag með hjálp lækna.**

## ● BÓTOX

**Undralyfið bótóx er það sem stjörnurnar láta sprauta í andlit sitt til að virðast unglegri. Lyfið er baneitrað og því alltaf sprautað í agnarsmáum skömmtum í andlit fólks. Það deyfir taugarnar í andlitinu og eyðir þannig hrukkum – sem eru versti óvinur Hollywood-stjarna sem neita að eldast. Flestar stjörnur sem komast á fertugsaldurinn hafa verið orðaðar við bótoxnotkun enda líta þær yfirleitt aðeins of vel út.**



## ● HEIMSMETHAFINN

**Heimsmethafinn í lýtaaðgerðum ku vera hin breska Sarah Burge. Hún er 49 ára gömul og hefur farið í meira en 100 lýtaaðgerðir í viðleitni til að líta út eins og Barbie-dúkka. Fyrra metið átti Barbie Cindy Jackson, en eins og nafnið gefur til kynna vinnur hún að sama takmarki og núverandi methafi.**







**POPPSKÝRING:** HEIDI MONTAG STURLAST

# MEÐ ÞRÁHYGGJU FYRIR FULLKOMNUN

**Sjónvarpsstjarnan Heidi Montag er aðeins 23 ára gömul. Þrátt fyrir það skellti hún sér í tíu lýtaaðgerðir á einum degi seint á síðasta ári. Hún skreið úr felum á dögunum og hefur verið harðlega gagnrýnd.**

Sjónvarpsstjarnan Heidi Montag er lítt þekkt á Íslandi. Hún kom fyrst fram í raunveruleikaþáttunum The Hills, sem hófu göngu sína á MTV-sjónvarpsstöðinni árið 2006, en hafa ekki verið sýndir í íslensku sjónvarpi. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og Heidi er bæði elskuð og hötuð í Bandaríkjunum. Hún hefur sent frá sér tónlist, tískulínur og í rauninni hvað sem er til að auka frægð sína. Síðasta uppátæki hennar var að fara í tíu lýtaaðgerðir á einum degi, en hún er aðeins 23 ára gömul – fædd árið 1986.

Hinn 20. nóvember í fyrra fór Heidi Montag undir hnífinn í orðsins fyllstu merkingu. Hún lét lagfæra nefið, minnka kinnarnar, lyfta augabrúnum, dæla bótoxinu í ennið og önnur svæði, laga varirnar, sjúga fitu úr hálsinum, mjöðmunum, mittinu og lærunum, festa eyrun aftur, laga rassinn og stækka brjóstin.

Hún ætlar ekki að láta þar við sitja og hefur heitið því að láta lagfæra það sem þarf á næstu árum og viðhalda þannig útliti sínu. Þá segist hún vera byrjuð að undirbúa aðra brjóstastækkun, þrátt fyrir að vera kominn upp í stærð DDD (eða 3D?). Hún segist ætla að stækka upp í F og hefur grínast með að stækka brjóstin upp í stærð H fyrir Heidi. „Ég er þegar byrjuð að skipuleggja næstu aðgerð – ég er staðráðin í að fá mér stærri brjóst,“ sagði Heidi í viðtali við tímaritið People.

Heidi hefur fengið mikla gagnrýni fyrir lýtaaðgerðirnar, enda er hún aðeins 23 ára gömul. Ýmsir telja að hún sé slæm fyrirmynd ungra kvenna, en sjálf segist hún predika að fegurðin komi innan frá. Hún gerir lítið úr gagnrýnisröddunum og segist aðeins vera að betrumbæta sig. Hún segist hafa fengið leyfi frá Guði almáttugum í þokkabót, enda segist hún vera mjög trúuð.


ÚTSALA
25-60%
GERÐU FRÁBÆR KAUP
ÚTSÖLUNNI LÝKUR 7. FEBRÚAR
ILVA kaffi
Smurt Croissant og kaffi 490,-
VISA Lán
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardagur 10-18 sunnudagur 12-18 mánudaga - föstudaga 11-19
ILVA kaffi: laugardaga 10-17 sunnudaga 12-17 mánudaga-föstudaga 11-18
© ILVA Ísland 2010

# MAGNAÐAR TÓNLISTARHÁTÍÐIR Í SUMAR

Íslenska krónan gerir tónleikaþyrstum Íslendingum erfitt fyrir í sumar. Miðar á erlendar tónlistarhátíðir hafa hækkað mikið í kjölfar gengishruns, en hægt er að spara umtalsverðar fjárhæðir með því að panta flug í tíma. Popp fann því skemmtilegustu tónlistarhátíðirnar í Evrópu og reiknaði út miðaverð miðað við dapurt gengi krónunnar.



**G-Festival - Færeyjar 15.-17. júlí**
*Verð:* Óljóst, en örugglega ekki dýrt.
*Hljómsveitir:* Lucy Love, Brandur Enni og Týr.

**Hróarskelda - Danmörk 1.-4. júlí**
*Verð:* 40.000 kr.
*Hljómsveitir:* Muse, Converge, Pavement og íslenska hljómsveitin Sólstafir.

**Wacken - Þýskaland 5.-7. ágúst.**
*Verð:* 62.000 kr.
*Hljómsveitir:* Slayer, Mötley Crüe, Iron Maiden og Gojira.

**Fuji Rock - Japan 30. júlí-1. ágúst**
*Verð:* 56.000 kr.
*Hljómsveitir:* Óljóst.

**Reading - Bretland 27.-29. ágúst**
*Verð:* 32.000 kr.
*Hljómsveitir:* Engar staðfestar, en talið er að Soundgarden, The Strokes og My Chemical Romance láti sjá sig.

**Rock Werchter - Belgía 1.-4. júlí**
*Verð:* 34.000 kr.
*Hljómsveitir:* Pearl Jam, Rammstein, Pink, Muse og Green Day.

**Coachella - Bandaríkin 16.-18. apríl**
*Verð:* 34.000 kr.
*Hljómsveitir:* Jay-Z, Them Crooked Vultures, Muse, Faith no More og Gorillaz.

**Benicassim - Spánn**
*Verð:* 29.000 kr.
*Hljómsveitir:* Ekkert víst en slúðrað er um að Hot Chip, Wolfmother og Pink mæti.

**Glastonbury - Bretland 24.-28. júní**
*Verð:* Uppselt! En þegar fleiri miðar verða í boði láta þeir orðið berast. Engin tilkynning verður send út.
*Hljómsveitir:* U2 er staðfest en sagan segir að Rolling Stones og Bon Jovi mæti.


Muse


U2


Green day






## ÞRÓUNARKENNINGIN

Maðurinn er í stöðugri þróun eins og POPP sýnir á þessari einföldu skýringarmynd. Getur þú bent á sams konar þróun? sendu okkur sms á 696 POPP (696 7677) eða sendu póst á popp@frettabladid.is


API, ATVINNULAUS


TARJA HANONEN, FORSETI FINNLANDS


INGÓ VEÐURGUÐ, TÓNLISTARMAÐUR


CONAN O'BRIEN, FYRRVERANDI SJÓNVARPSMAÐUR

# POPP MOLAR



Tónleikamynd og -plata rokkdúettsins The White Stripes, Under Great White Northern Lights, kemur út 15. mars. Í myndinni er hljómsveitinni fylgt eftir á tónleikaferð hennar um Kanada árið 2007. Sýndar verða upptökur frá tónleikum og einnig verður skyggnst á bak við tjöldin og tekin viðtöl við þau Jack og Meg White.



Oxford-sveitin Radiohead hélt nýverið styrktartónleika í Los Angeles fyrir fórnarlömb jarðskjálftans á Haítí. Sveitin spilaði 24 lög, þar á meðal eitt nýtt sem kallast Lotus Flower. Aðeins hæstbjóðendur gátu tryggt sér miða á tónleikana og talið er að um 72 milljónir króna hafi safnast til Oxfam-samtakanna. Á meðal tónleikagesta voru stjörnurnar Justin Timberlake, Drew Barrymore, Charlize Theron og Daniel Craig.



Poppprinsessan Britney Spears lætur ekki sitt eftir liggja í fjáröflun fyrir fórnarlömbin á Haítí. Hún hefur ákveðið að gefa kjól sem hún klæddist á MTV-verðlaunahátíðinni árið 2008 til góðgerðarsamtaka og rennur allur ágóðinn af sölunni til fórnarlambanna. Britney þurfti reyndar dómsúrskurð til að fá að gefa kjólinn þar sem hún hefur lengur ekki yfirráð yfir fjármálum sínum.

Hljómsveitin The National frá Brooklyn í Bandaríkjunum gefur út sína fimmtu plötu í maí hjá útgáfufyrirtækinu 4AD. Til að fylgja henni eftir fer sveitin í stóra tónleikaferð um heiminn. Fyrst spilar hún á Big Ears-hátíðinni í Tennessee og seint í mars er ferðinni heitið til Evrópu. Túrnum lýkur í Norður-Ameríku í sumar.

# STJARNA EASTWOODS SKÍN SKÆRAST

Clint Eastwood er einn harðasti gaurinn í bransanum. Það má samt ekki gleyma því að hann framleiddi, leikstýrði og lék í tíu klúta myndinni Bridges of Madiosn County.

Eðaltöffarinn og harðjaxlinn Clint Eastwood hefur verið kjörinn uppáhaldskvikmyndastjarna Bandaríkjamanna samkvæmt árlegri skoðanakönnun á vegum markaðsfyrirtækisins Harris. Eastwood hrifsaði efsta sætið af Denzel Washington, sem hafði setið á toppnum í þrjú ár samfleytt. Í þetta sinn nær Denzel aðeins þriðja sæti og Johnny Depp er kominn upp í annað sætið eftir að hafa verið áttundi í fyrra. Varð hann jafnframt efstur hjá fólki á aldrinum 18 til 32 ára sem tók þátt í könnuninni.

Leikkonan Sandra Bullock, sem hefur sópað til sín verðlaunum fyrir leik sinn í The Blind Side, er efsta konan á listanum og skýtur þar bæði Meryl Streep og Juliu Roberts ref fyrir rass. Það var fólk á aldrinum 33 til 44 ára sem var langduglegast við að velja Söndru. Ekki snýst þó allt um vinsældir í kvikmyndahúsum því gamli sjarmörinn John Wayne, kemst í sjöunda sæti á listanum, fyrir ofan bæði Tom Hanks og hjartaknúsarann George Clooney.

Ýmsar frægar kvikmyndastjörnur komust ekki á topp tíu í ár og má þar nefna Will Smith, Harrison Ford og Angelinu Jolie.



CLINT EASTWOOD Töffarinn Clint Eastwood hefur verið kjörinn uppáhalds kvikmyndastjarna Bandaríkjamanna.

**TOPP TÍU:**

1. Clint Eastwood
2. Johnny Depp
3. Denzel Washington
4. Sandra Bullock
5. Tom Hanks
6. George Clooney
7. John Wayne
8. Meryl Streep
9. Morgan Freeman
10. Julia Roberts


# Hljóðupptökunámskeið í Stúdíó Sýrlandi

Vorönn 2010

## Námskeiðin hefjast í mars - skráðu þig!

**1. Pro Tools 1** (fyrir byrjendur) – 12 tímar (4x3klst.)

Farið í upptökur á Pro Tools. Kennt er að klippa saman hljóðbúta. Notkun á einföldum tólum til að eiga við hljóðið (t.d. Compressor, EQ, Reverb, Delay osfv.) Einföld hljóðblöndun. Notkun á „loopum“ og MIDI (Virtual Instruments.)

***Fyrir hverja:***
*Þá sem langar að geta tekið upp einfalt lag eða annað efni og beitt grunnaðferðum til að ganga frá því.*
*Tónlistarmenn sem langar að taka upp eigið efni*
*Byrjendur sem langar að kynnast upptökuheiminum*

**2. Pro Tools 33 1/3** („heldri“ borgarar og popparar) – 15 tímar (5x3klst.)

Sama og námskeið Pro Tools 1, en farið hægar í sakirnar. Farið í upptökur gegn um Pro Tools. Kennt er að klippa saman hljóðbúta. Notkun á einföldum tólum til að eiga við hljóðið (t.d. Compressor, EQ, Reverb, Delay osfv.) Einföld hljóðblöndun. Notkun á „loopum“ og MIDI (Virtual Instruments.)

***Fyrir hverja:***
*Hugsað fyrir „heldri“ poppara og borgara.*

**3. Pro Tools 12-18** (fyrir yngri byrjendur) – 10 tímar (5x2klst.)

Farið í upptökur gegn um Pro Tools. Kennt að klippa saman hljóðbúta. Einföld hljóðblöndun. Áhersla lögð á að leika sér með „LOOP-ur“ og MIDI (Virtual Instruments.)

***Fyrir hverja:***
*Yngri byrjendur, 12 – 18 ára.*

**4. Logic 1** (fyrir byrjendur) – 12 tímar (4x3klst.)

Farið í upptökur á Logic. Kennt er að klippa saman hljóðbúta. Notkun á einföldum tólum til að eiga við hljóðið (t.d. Compressor, EQ, Reverb, Delay osfv.) Einföld hljóðblöndun. Notkun á „loopum“ og MIDI (Virtual Instruments.)

***Fyrir hverja:***
*Þá sem langar að geta tekið upp einfalt lag eða annað efni og beitt grunnaðferðum til að ganga frá því.*
*Tónlistarmenn sem langar að taka upp eigið efni*
*Byrjendur sem langar að kynnast upptökuheiminum*

**5. Pro Tools 2** (fyrir lengra komna) – 15 tímar (5x3klst.)

Ítarleg yfirferð á þeim tólum sem Pro Tools býður uppá. Vinnuaðferðir og flæði. Session Management og backup. Flóknari klippingar. Flóknara MIDI.

***Fyrir hverja:***
*Þeir sem hafa þokkalega grunnkunnáttu í Pro Tools og langar að kafa enn dýpra í möguleikana og tólin á bakvið forritið.*

**6. Almenn hljóðupptökufræði** – 15 tímar (5x3klst.)

Þátttakendur kynnast ýmsum hljóðnema- og formagnarategundum. Fræðst um hljómburð í rýmum og hvernig það hefur áhrif á hljóminn í upptökum. Farið yfir hvernig á að „mæka“ upp hin ýmsu hljóðfæri. Compressor, EQ, Delay og hinir ýmsu effectar skoðaðir. Signalflow (hvaða leiðir hljóðið fer í hljóðveri.)

Blanda af fyrirlestrum og verklegri kennslu.

***Fyrir hverja:***
*Þá sem hafa verið eitthvað í upptökum eða langar að kynnast hvernig tæki og tól virka, hvernig hljóð hegðar sér og hvernig umhverfi hefur áhrif á hljóð. Þá sem eru að taka upp heima eða í æfingahúsnæði. Þá sem hafa almennan áhuga á hljóðupptökum.*

**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á www.syrland.is**

**Skráðu þig á bokanir@syrland.is eða í síma 563-2910**

Frístundakortið







SÝRLAND
HLJÓÐVER · HLJÓÐSETNING · HÖNNUN

Vatnagörðum 4 | Sími: 563 2910 | info@syrland.is | www.syrland.is



Í fremstu röð í framleiðslu á hljóðversbúnaði.


Focus on one thing, and only one thing
and you'll master it. That's our philosophy.
KRK SYSTEMS

APOGEE


duet
gerðu tónlist á makkann þinn

nýtt í Tónastöðinni

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

**POPPGÚRÚ:** ÖRLYGUR SMÁRI OG POPPVÉLIN

# ALLTAF VERIÐ VEIKUR FYRIR BLIKKANDI LJÓSUM

Örlygur Smári er mikill Eurovision-maður. Það vita ekki allir að hann samdi lagið Tell Me sem Einar Ágúst og Telma Ágústsdóttir fluttu í Eurovision árið 2000 og lentu í 12. sæti.

**Örlygur Smári hefur unnið með helstu popptónlistarmönnum þjóðarinnar á síðustu árum og átt fjölmarga smelli. Hann gerir út frá bílskúrnum sínum í Vatnsendahverfinu þar sem hljóðverið hans er. Hann kallar það Poppvélina.**

Örlygur segist reyna að vera með sem einfaldasta uppsetningu í hljóðverinu svo flest af því sem hann þarf sé aðgengilegt á einfaldan hátt. „Hugmyndir koma oft skyndilega og þá finnst mér mikilvægt að geta brugðist skjótt við til að heyra strax hvort þessar hugmyndir virki. Þess vegna vinn ég mikið „in the box“ eins og það er oft kallað. Þá vinn ég hlutina í tölvunni minni og er með forrit sett upp og tilbúin til notkunar, software-synta, samplera og slíkt. Ég nota minna af utanáliggjandi vélbúnaði, sem þarf að tengja og setja upp, til að stöðva ekki vinnuflæðið þegar það kemur. Ég er svo sem ekki mikill græjukarl, og þó. Ég get alveg viðurkennt að ég hef alltaf verið veikur fyrir blikkandi ljósum í hljóðverum, he he he. Græjur búa samt sjaldnast til betri tónlist og þar af leiðandi íhuga ég það alltaf vel áður en ég fæ mér eitthvað nýtt.“

Örlygur var tólf ára þegar áhugi hans á því að skapa eigin tónlist kviknaði. „Ég og bróðir minn, Bergþór Smári, fengum gamlan gítargarm frá ömmu okkar og þannig byrjaði þetta. Þetta var gamall nælonstrengjagítar. Ég varð aldrei sérlega lipur í sólóunum eða að „pikka upp“ lög annarra og fór því frekar að reyna að búa til mín eigin lög. Bróðir minn varð hins vegar strax miklu betri en ég og er það enn þá. Hann er í dag í blúshljómsveitinni Mood. Fyrsti rafmagnsgítarinn sem ég komst í var rauður Hondo sem Beggi bróðir keypti sér á 5.500 krónur. Minn fyrsti rafmagnsgítar var svo amerískur Fender Stratocaster sem ég keypti 1994 þegar ég var að vinna í Hljóðfærahúsinu. Ég á þennan gítar enn í dag og hann er aðal gítarinn minn. Ég sem tónlist ýmist á gítar eða á hljómborð, sem ég kann aðeins að gutla á. Maður nálgast tónlistina með mismunandi hætti eftir því hvort maður er að semja á gítar eða hljómborð.“

Örlygur var í ýmsum ballböndum á 10. áratug síðustu aldar, meðal annars hljómsveitinni Kirsuber sem spilaði „upp í barskuldir á Gauknum“, eins og Örlygur orðar það. Segja má að tónlistarferill Örlygs hafi snúist um 180 gráður þegar hann fór í hljóðupptökunám til Svíþjóðar upp úr aldamótunum. „Þá kynntist ég vinnuferlinu sem ég nota enn þann dag í dag,“ segir hann. „Á þessum tíma var ég svo heppinn að fá tækifæri til að starfa með frábærum lagahöfundum og pródúserum í alls kyns tónlistarverkefnum og svo leiddi bara eitt af öðru. Það má segja að tilviljun hafi ráðið því að þessi poppaða danstónlist varð það sem ég er hvað mest í.“

Örlygur vinnur á Logic Pro-upptökuforritið frá Apple, en hér á landi nota flestir Pro Tools. „Ég tel mig ekki vera góðan hljóðfæraleikara og því hentar það mér vel að geta snurfusað og bætt tónlistina eftir á í tölvunni. Reyndar er í dag nær öll popptónlist löguð eftir á hvort sem hún er leikin á hljóðfæri eða unnin í MIDI.“

Fagmenn hlusta á annan hátt á popptónlist en leikmenn. „Þegar maður er að vinna við þetta hlustar maður kannski meira eftir nýjum sándum og útsetningunum en annað fólk. Maður slítur hlutina kannski í sundur og skoðar þá þannig. Það eru svo margir góðir pródúserar að gera flotta hluti í dag. Má þar til dæmis nefna Timbaland og RedOne sem hafa komið með nýjan hljóm í poppið. Annars finnst mér oft ferlega gott að hlusta á eitthvað gamalt og gott ef ég kemst í öngstræti með mínar lagasmíðar og útsetningar og núllstilla mig svo að segja. Þá leita ég í Bítlana, enda gott að minna sig á hvað hægt var að gera flotta hluti með mjög takmarkaða tækni. Líka sérstaklega þegar mann langar að kaupa sér einhverja nýja græju í stúdíóið. Það sem skiptir mestu máli er það sem þú ert með í kollinum, ekki það sem þú ert með í stúdíóinu.“ *drgunni@frettabladid.is*

### DÓTAKASSINN

Logic Pro (þungamiðjan þar sem allt gerist). RME Fireface 400, Vintagedesign M81Dmk2 formagnari, Focusrite Liquidmix (vintage compressor and eq), TC Powercore plugins. Hinir og þessir mækar, Neumann, Rode og SE. Milli 20 og 30 softsyntar og fleiri hundruð gígabæt af sándum sem ég hef safnað um árin. Nýjasta græjan er UAD-kort frá Universal Audio sem ég fékk mér í Makkann.

### VERKEFNIN FRAM UNDAN

Er að vinna lög á væntanlegar plötur fyrir Haffa Haff og Heru Björk sem að öllum líkindum koma út á árinu. Er einnig að leggja drög að næstu plötu Páls Óskars. Hvenær hún kemur út er óvíst en líklegt er að nokkur ný Palla-lög líti þó dagsins ljós á árinu.

### ÖRLYGUR PRÓDÚSERAÐI

Allt fyrir ástina, International, Ísland er í lagi?, Betra líf, Er þetta ást, TF-Stuð (endurgerð) og Sama hvar þú ert (endurgerð) með Páli Óskari. Give Me Sexy, Control og Jealousy með Haffa Haff. This Is My Life með Eurobandinu og margt fleira. Frekari upplýsingar og hljóðdæmi er hægt að finna á: **www.facebook.com/poppvelin.**


**NÚLLSTILLIR SIG MEÐ BÍTLUNUM** Það sem skiptir mestu máli er það sem þú ert með í kollinum, segir Örlygur Smári.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



IPAD KYNNT Steve Jobs, forstjóri Apple, kynnti iPad á miðvikudag við hátíðlega athöfn.

Talið er að Steve Jobs hafi geymt gamlan BMW í stofu í fjórtán herbergja villu sem hann keypti árið 1984 og seldi tíu árum síðar.

**POPPGRÆJUR:** KOSTIR OG GALLAR IPAD

# ÞUNN, ÖFLUG EN EKKERT MAC OS X

**Apple kynnti á miðvikudaginn nýjustu græjuna sína iPad. iPad er svokölluð töflutölva, lítur út eins og risastór iPhone og virkar á svipaðan hátt. Hún er örþunn, en öflug miðað við það; með 1GHz Apple A4 örgjörva og kemur með 16, 32, 64 gígabæta hörðum diski. Hún vegur aðeins rúmt kíló og er um sentimetri á þykkt.**

Tölvan hefur ýmsa kosti. Eins og iPhone þá styður iPad hugbúnað frá þriðja aðila. Eftir að Apple opnaði App-verslunina hafa forritarar heldur betur tekið við sér og gríðarlegt magn af leikjum og hugbúnaði kemur út á hverjum degi – Apple að kostnaðarlausu. Neytandinn hagnast einnig og þarf ekki að bíða eftir að forritin komi frá Apple. iPad er einnig ódýr og verðið er frá 500 dollurum, eða um 60 þúsund krónum erlendis. Flestir höfðu spáð því að tölvan myndi kosta frá þúsund dollurum. Þá hefur Steve Jobs, forstjóri Apple, lofað að rafhlaðan endist í allt að tíu klukkutíma á meðan fólk horfir á myndbönd og allt að mánuð í bið. Það er fáránlega gott, en það er spurning hvort að það gangi eftir.

En iPad er ekki fullkomin. Ofurrafhlaðan er innbyggð, þannig að það er ekki hægt að skipta henni út ef hún klikkar. Ódýrasta iPad-tölvan styður ekki 3G háhraðanet, þannig að það þarf að borga að minnsta kosti 629 dollara fyrir það. Tölvan keyrir á sama stýrikerfi og iPhone, en einhverjir hefðu viljað sjá tölvuna keyra OS X-stýrikerfi Apple. Stór galli við kerfið er að það styður ekki Flash, en stór hluti Netsins keyrir á því sem þýðir að stóran hluta af Netinu mun hreinlega vanta.

Ljóst er að iPad mun þróast hratt á næstu misserum og þá sjáum við hvernig tölvan kemur út og fyrir hvern hún er í raun og veru. Tölvan er einhvers konar millistig milli síma og fartölvu og menn velta fyrir sér hver á eftir að nota hana. Við spyrjum að leikslokum.



**■ ÍSLENDINGAR BYRJAÐIR AÐ PANTA**

Samkvæmt upplýsingum frá Apple-umboðinu á Íslandi er fólk þegar byrjað að panta iPad. Fjölmargar fyrirspurnir hafa borist umboðinu, en óvíst er hvað tölvan kemur til með að kosta á Íslandi. Þá er óvíst hvenær hún kemur til landsins, en sala í Bandaríkjunum hefst í mars eða apríl. Þá má búast við að sala hefjist á Íslandi um fjórum vikur síðar.




# ÞORIR AÐ VERA LÚMSKT HALLÆRISLEGUR

**Hafnfirðingurinn Friðrik Dór Jónsson átti þriðja vinsælasta íslenska lagið á FM 957 á síðasta ári. Hann er að undirbúa sína fyrstu sólóplötu sem er væntanleg á árinu.**

**ORÐ:** Freyr Bjarnason
**MYND:** Valli

Hafnfirðingurinn Friðrik Dór Jónsson vakti verðskuldaða athygli síðastliðið sumar með laginu Hlið við hlið. Það náði öðru sæti á vinsældarlista FM 957 og var jafnframt þriðja vinsælasta íslenska lag síðasta árs á útvarpsstöðinni, sem hlýtur að teljast góður árangur fyrir tónlistarmann sem er að stíga sín fyrstu skref. Nýjasta lagið hans, Á sama stað, sem hann samdi með Erpi Eyvindarsyni, hefur einnig fengið góðar viðtökur að undanförnu og er til að mynda farið að hljóma á Bylgjunni.

„Það má segja að þetta ævintýri sem er byrjað núna með þessari R&B-tónlist fari í gang í sambandi við Versló. „Við félagarnir settumst niður og skrifuðum drög að söngleik og lögðum fyrir Verslunarskólann. Við ætluðum að selja þeim þetta og það fóru fram einhverjar viðræður en það endaði með því að þeir tóku annað," segir Friðrik Dór. „Þannig að ég tók Hlið við hlið sem ég var búinn að skrifa fyrir þann söngleik og ákvað að taka það upp sjálfur og prófa. Það gekk svona helvíti vel."

Friðrik fékk smjörþefinn af tónlistarbransanum þegar hann var í Versló og hefur ekki litið um öxl síðan. Hann söng í tveimur söngleikjum, Welcome to the Jungle og Á tjá og tundri og fékk þar dýrmæta reynslu á sviði. „Það var ótrúlega fínn stökkpallur að syngja í Versló því þar fær maður að vinna með fagfólki. Ég var að vinna mikið með Jóni Ólafssyni, Gunna Helga og svona gaurum og það var mjög gaman. Maður fær smjörþefinn af því hvernig þetta er og í framhaldi af því þá finnur maður að þetta er eitthvað sem mann langar að gera."

Frumraun Friðriks gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig því titillagið í Welcome to the Jungle hlaut gagnrýni úr óvæntri átt þegar það var tilnefnt til Gullkindarinnar á X-inu 977 sem versta lag ársins. „Sem betur fer vann það ekki en þetta var svo sem ekkert meistaraverk. Það var bara gaman að þessu," segir hann og hlær. „Ég skellti bara skuldinni á alla aðra en sjálfan mig og sagði öllum að þetta væri fyrir eitthvað annað en sönginn."

Friðrik útskrifaðist úr Versló vorið 2008 og haustið eftir ákvað hann að fara í Iðnskólann í Hafnarfirði. „Það hafði lengi blundað í mér draumur um að verða grafískur hönnuður eða arkitekt. Ég ákvað að tékka á því en það fór ekki betur en svo að ég var staddur með tuttugu fertugum konum í tíma. Ég gafst upp eftir eitt ár," segir hann. Eftir þessa lífsreynslu ákvað hann að skrá sig í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands þar sem hann kann betur við sig.

Það er ekki á hverjum degi sem íslenskt R&B-lag lítur dagsins ljós hér á landi. Miðað við vinsældir Friðriks virðist þessi tónlistarstefna loksins eiga möguleika á að festa rætur hér á landi. „Það er ekki oft sem svona tónlist er sungin á íslensku," viðurkennir Friðrik. „Það er svo ótrúlega auðvelt að detta í að vera hálf halllærislegur við að reyna of mikið, sem ég hef haft á tilfinningunni þegar ég hef heyrt svona á Íslandi," segir hann. „Maður verður að þora að vera lúmskt hallærislegur en má samt ekki missa sig. Ég er að reyna að dansa á þessari línu. Einu áhyggjurnar sem ég hafði voru þær hvort fólk myndi bara hlæja að þessu af því að þetta væri á íslensku. En mig langaði að prófa þetta og sjá hvernig það færi í mannskapinn," segir hann. „Ég verð var við það sjálfur að í kjölfarið á þessu lagi eru fleiri sem eru að koma út úr skápnum með svona tónlist. Ég ætla ekki að eigna mér það alveg sjálfur að það sé að kvikna áhugi en það er gaman að það skuli fleiri vera að fikta við þetta."

Friðrik hefur fengið góðan stuðning úr vinahópnum það sem af er tónlistarferlinum og er mjög þakklátur fyrir það. „Það hefur verið þvílíkt gaman að því. Ég hef verið að spila í Keflavík og þeir koma í tugum að fylgjast með manni bæði þar og úti um allt. Þeir eru að taka rosalega vel í þetta," segir hann. Einnig hafa fyrrum félagar hans úr fótboltanum verið duglegir að mæta á tónleikana. „Þeir eru sáttir við að kallinn er ekki alveg glataður þótt hann hafi nú ekki getað neitt í fótbolta."

En hvað með stelpurnar. Eru þær ekki vitlausar í þig? „Það eru einhverjar sem hafa verið að koma og tékka á manni en ég er samt á bullandi föstu."

## ERPUR KLÁRARI EN MARGUR HELDUR

**Friðrik Dór hefur starfað náið með þeim Inga Má Úlfarssyni og Jóhannesi Bjarkasyni úr upptökuteyminu Reddlights. Þeir eru að vinna að fyrstu sólóplötu hans og einnig eru þeir að leggja lokahönd á nýja sólóplötu Erps Eyvindarsonar. Lagið Á sama stað sem Friðrik samdi með Erpi varð einmitt til í gegnum þá. „Hann samdi sín vers og það var virkilega gaman að vinna með honum. Hann er bara flottur gaur og örugglega klárari en margur heldur," segir Friðrik um Erp. Hann bætir við að sólóplata sín sé á réttri leið. „Hún kemur vonandi út í kringum sumarið. Við erum að reyna að búa til gæðapopp og viljum ekki drífa okkur of mikið."**

## Í UPPÁHALDI HJÁ FRIÐRIKI:

- Justin Timberlake
- Neo
- Chris Brown
- Rihanna
- Jay-Z
- Kanye West









Í TOPPFORMI

MEÐ RÉTTU MATARÆÐI




Þorbjörg Ágústsdóttir er margfaldur Íslandsmeistari og fimmfaldur Norðurlandameistari í skylmingum. Hún stefnir á að keppa fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í London 2012.

Þorbjörg undirbýr sig nú að kappi fyrir Ólympíuleikana 2012. Hún velur hollan, ferskan og framandi mat á SAFFRAN til að halda sér í toppformi. Við erum stolt af að styrkja eina af okkar fremstu íþróttakonum.

SAFFRAN

GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 91% lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt. 2009.

HANDBALL EURO·MEN 2010 AUSTRIA

íbs í blíðu og stríðu ICELANDAIR

ALLT UM EM 2010 Í HANDBOLTA Á vísir.is



» VEF TV EM 2010 Í SAMSTARFI VIÐ ICELANDAIR
» SÉRFRÆÐINGAR SPÁ Í SPILIN
» HANDBOLTABLOGG
» BEINAR LÝSINGAR FRÁ LEIKJUM ÍSLANDS
» GETRAUNALEIKUR BETSSON OG VÍSIR.IS

betsson.com POKER · BETTING · CASINO

vísir.is ...ég sá það á vísir.is



**FJÖLMENNI Á ÆFINGU** Þótt ótrúlegt megi virðast þá vantar nokkra meðlimi hljómsveitarinnar á þessa mynd. Fjöldinn er samt eins og í fermingarveislu.

# 12 MANNA

**Hljómsveitin Útidúr er ekki búin að vera til lengi, en hún er stór miðað við aldur. Tólf manns skipa hljómsveitina sem er eins og lítið lýðræðissamfélag. Útidúr tók á dögunum þátt í hljómsveitakeppninni Global Battle of the Bands, komst í úrslit og hafnaði í þriðja sæti.**

Útidúr byrjaði sem þriggja manna hljómsveit í febrúar í fyrra. Síðan þá hefur hún fjölgað sér eins og kanínufjölskylda – þó að það þekkist reyndar ekki í náttúrunni að þrjár kanínur fjölgi sér saman. Í dag skipa hljómsveitina tólf manns, háskóla- og tónlistarnemar og fólk á almennum vinnumarkaði; Gunnar Örn Egilsson syngur og spilar á gítar, Gunnar Gunnsteinsson spilar á kontrabassa, Helga Jónsdóttir, Sigrún Inga Gunnarsdóttir og Mæja Jóhannsdóttir spila á fiðlur, Kristinn Roach Gunnarsson leikur á píanó, Lárus Guðjónsson trommar, Rakel Mjöll Leifsdóttir syngur, Ragnhildur Gunnarsdóttir blæs í trompet, Salka Sól Eyfeld og Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir spila á harmonikkur og fleira og Úlfur A. Einarsson spilar á gítar. Undirritaður skilur ef lesendur vilja standa upp og sækja sér ískaldan svaladrykk eftir þessa mögnuðu lesningu.

Fjórir meðlimir Útidúrs mættu í koníaksstofu Popps í Skaftahlíð á furðulega hlýjum janúardegi. Til að gæta jafnréttis voru kynjahlutföllin hnífjöfn: Salka, Rakel, Kiddi og Gunnar. Kiddi var þreyttastur, byrjaði viðtalið á þreföldum espresso og Gunnar mætti of seint. Þeir höfðu verið að til klukkan fimm um morguninn að taka upp tvö lög, en annað ætti að byrja að óma á öldum ljósvakans innan fárra vikna. Það lá beinast við að byrja á byrjuninni ...

Af hverju eruð þið svona mörg?

*Rakel:* „Af því að það hljómar svo miklu betur."

*Kiddi:* „... og það er miklu skemmtilegra."

*Rakel:* „Eins og á hljómsveitaræfingum, þar sem við erum kannski bara sex – þá er þetta bara flatt."

*Salka:* „Ef allir mæta þá erum við eins og sinfóníuhljómsveit þar sem allir þurfa að stilla sig og svona."

### Plata fyrir Airwaves

Útidúr ætlar að taka upp plötu í sumar og stefnan er að gefa hana út fyrir Iceland Airwaves-hátíðina. Það er stefnan, takið eftir. Meðlimir hljómsveitarinnar eru ekki alveg vissir um hversu yfirlýsingaglaðir þeir mega vera, en eftir hláturblandnar rökræður hefur Kiddi upp raust sína.

*Kiddi:* „Við stefnum á að taka plötuna upp í sumar, en svo kemur bara í ljós hvenær hún kemur út. Við stefnum á að gefa út plötu á árinu."

*Rakel:* „Já ... jei! (hlær)"

Það er tilkomumikil sjón að sjá Útidúr á sviði, enda ungt og fallegt fólk með mörg skemmtileg hljóðfæri. Áhrifin sækja þau víða og ska, sígaunatónlist, reggí og djass eru á meðal tónlistarstefna sem þau nefna þegar blaðamaður krefst svara.

*Kiddi:* „Í rauninni er hægt að lýsa




POPP/VALLI

# SAMFÉLAG

tónlistinni sem þjóðlagaskotnu poppi. Þetta er í rauninni bara popp.“

Oft þegar hljómsveitir verða vinsælar þá opna þær fyrir fleiri hljómsveitir í leiðinni. Á einhverjum tímapunkti þegar ég sá ykkur spila þá hugsaði ég um Hjaltalín. Gerir þeirra árangur fólk móttækilegra fyrir ykkar tónlist?

*Rakel:* „Ég veit það ekki. Ég held að fólk líki okkur bara saman við Hjaltalín út af fjöldanum.“

*Gunnar:* „Mér finnst þetta ekkert rosalega skemmtileg líking þó að ég fíli Hjaltalín. En það er kannski erfitt að forðast þessa líkingu á Íslandi vegna þess að það eru svo fá bönd með svipað „line up“ af hljóðfærum og söngvurum.“

Eru þið hrædd um að vera stimpluð yngri og sætari Hjaltalín?

Rakel: „Það er ekki svo slæmt *(hlær)*.

*Gunnar:* „Dr. Gunni kallaði okkur einhvern tíma Hjaltalín tvö.“

Eftir hressar umræður þar sem ég bíð árangurslaust eftir því að þau hefji opinbert rifrildi við Hjaltalín er komin niðurstaða í málið.

*Rakel:* „Mér finnst Hjaltalín æðisleg hljómsveit, en hún er ekki við. Þetta er bæði popp með fullt af hljóðfærum.“

Þar höfum við það og nú þarf enginn fjölmiðill að líkja þessum hljómsveitum saman framar.

## Hljómsveit eða samfélag?

Við ræðum saman um hvernig það virkar að vera í svona stórri hljómsveit og þau segja að rifrildi séu afar fátíð – þrátt fyrir fjöldann. Spurð hvort harmonikkustelpurnar eigi til að gera uppreisn gegn gítarleikurunum segja þau að það gerist ekki, en ef eitthvað kemur upp er lausnin einfaldlega að hækka í sjálfum sér.

*Kiddi:* „Það heyrist reyndar langmest í strákunum, stelpurnar eru rólegri.“

*Rakel:* „Þessu er skipt þannig, að strákarnir eru grunnurinn – bassi, trommur, gítar og stelpurnar eru skrautið.“

Eins og í lífinu sjálfu?

*(öll hlæja)*

Þau segja að ákvarðanir í hljómsveitinni séu teknar á lýðræðislegan hátt og aðspurð játa þau að hljómsveitin virki eins og lítið samfélag – enda eru meðlimirnir jafn margir og íbúar Eyrarbakka.

Mig langar líka að vita annað. Allir vita að markmið stráka sem byrja í hljómsveitum er að blikka skvísur. Þannig byrjaði allt og breytist jafnvel þegar þeir verða metnaðarfullir – en það er grunnurinn að öllu. Hvernig er að vera í hljómsveit þar sem það eru fleiri stelpur uppi á sviði en úti í sal?

*Kiddi:* „Það er óþægilegt. Maður er horfandi í kringum sig í staðinn fyrir að horfa út í sal.“

*(Öll hlæja)*

*Rakel:* „Vel sagt.“

*Kiddi:* „Það er svo mikið af fallegum stelpum í þessu bandi.“

*Rakel:* „Mér finnst stelpurnar fá meiri athygli, eins og Ragga trompet fær alveg brjálæðislega mikla athygli.“

*Salka:* „Mhm.“

*Kiddi:* „Stelpur eru bara sætari en strákar.“









## SAFNPLATA FRÁ PAVEMENT



STEPHEN MALKMUS
Malkmus og félagar í Pavement ætla í tónleikaferð um heiminn á þessu ári.

Safnplata með hljómsveitinni Pavement er væntanleg í búðir 9. mars. Gripurinn heitir Quarantine the Past: The Best of Pavement og kemur út á vegum plötufyrirtækisins Matador. Alls verða 23 lög á plötunni, þar á meðal hittarar á borð við Stereo, Cut Your Hear og Shady Lane. Engin áður óútgefin lög verða á plötunni en nokkur sjaldheyrð lög fá engu að síður að fljóta með. Má þar nefna lagið Unseen Power of the Picket Fence sem sveitin átti á safnplötunni No Alternative árið 1993 sem var gefin út til styrktar alnæmissamtökunum.

Pavement var stofnuð í Kaliforníu árið 1989 en lagði upp laupana tíu árum síðar eftir að hafa gefið út fimm plötur. Sveitin hyggur á endurkomu á þessu ári og hefst tónleikaferð hennar um heiminn 1. mars. Meðal viðkomustaða á árinu verða tónlistarhátíðirnar Coachella og Hróarskelda.

## ORKURÍKT EN ÓFULLNÆGJANDI DANSPOPP

Hljómsveitin Ok Go var stofnuð í Chicago í Bandaríkjunum árið 1998 af söngvaranum Damian Kulash, Tim Nordwind bassaleikara og þeim Dan Konopka og Andy Duncan, sem núna er hættur. Fyrsta plata sveitarinnar sem hét einfaldlega Ok Go kom út árið 2002 en það var næsta plata, Oh No, sem kom henni á kortið þremur árum síðar. Óvenjuleg tónlistarmyndböndin sem sveitin gerði samhliða útgáfunni átti sinn þátt í því. Myndböndin voru tekin í einni töku og innihéldu undarleg dansatriði með hljómsveitarmeðlimum í aðalhlutverki. Vöktu þau mikla athygli á Youtube og á endanum hlaut eitt þeirra, við lagið Here It Goes Again, Grammy-verðlaunin, sem kemur ekki á óvart enda bráðfyndið. Svo fyndið var það að 45 milljónir manna sáu það á Youtube.

Myndbandið við smáskífulagið This Too Shall Pass af nýju plötunni, Of The Blue Colour Of The Sky, er í svipuðum dúr, bæði skemmtilegt og hugmyndaríkt. Strax í fyrsta lagi plötunnar, WTF, heyrir maður það sem koma skal. Kraftmikið danspopp með sálarívafi þar sem þungur taktur og Prince-áhrif eru áberandi. Bestu lög plötunnar eru hið fyrrnefnda This Too Shall Pass og hið dansvæna White Knuckles. Annað er í meðallagi þar sem litlu er bætt við það sem maður hefur áður heyrt í dansgeiranum. Til dæmis kemst Ok Go ekki með tærnar þar sem Hot Chip hefur haft sína hæla undanfarin ár. Eitthvað segir mér þó að Ok Go sé frábær tónleikasveit og eigi auðvelt með að fá fólk út á dansgólfið í sveittu og trufluðu algleymi.

Ef tónlist sveitarinnar væri samt álíka hugmyndarík og myndböndin væri hún í miklu, miklu betri málum. - *fb*




### OK GO
**OF THE BLUE COLOUR OF THE SKY**

**Halaðu niður:** This Too Shall Pass

**FRUMSÝND Í KVÖLD:** THE BOOK OF ELI

Þegar Denzel Washington var aðeins 14 ára varð hann háður heróíni, eftir að hafa lent í vafasömum félagsskap á götunni. Hann var ekki sendur í meðferð heldur á heimavistarskóla.



**HÆ, ÉG HEITI ELI** Denzel leikur harðjaxl hlaðinn vopnum í The Book of Eli.

# FRÁ HEIMSENDA

**Denzel Washington er í aðalhlutverki í The Book of Eli sem verður frumsýnd í kvöld. Myndin er eftir Hughes-bræður, en Denzel leikur mann sem er knúinn áfram af trú á æðri máttarvöld. Myndin gerist 30 árum eftir síðasta stríðið, en lítið er eftir af heiminum eins og við þekkjum hann.**

### Hughes-bræðurnir



Hughes-bræðurnir sendu síðast frá sér myndina From Hell, sem er að mörgum talin afar vanmetin. Hún er með Johnny Depp og Heather Graham í aðalhlutverkum og er talsvert öðruvísi en ein frægasta mynd bræðranna, Menace II Society, sem er löngu orðin bófaklassík.

### POPPDÓMNEFNDIN

**Mamma**



„Mér hefur nú alltaf fundist hann Denzel óttalega sætur, en mynd um einhvern trúboða sem ferðast um fúll á svip og tekur í lurginn á fólki er ekki fyrir mig. Ég er miklu frekar til í að koma með þér á nýju myndina með Alec Baldwin, Steve Martin og Meryl Streep.“

**Bíónördinn**



„Denzel Washington og Gary Oldman eru frábærir saman í þessari og ef þeir tveir og endurkoma Hughes-bræðranna nægir þér ekki þá ertu ekki mikill kvikmyndaáhugamaður. Myndin er samt því miður ekki alveg eins spennandi eða fyndin eins og hún vill vera.“

**Vinurinn**



„Gaur. Ég er alltaf til í að sjá meistara Denzel, hann er alltaf flottur. Þetta er góð mynd og hrikalega töff. Trúarboðskapurinn er samt kannski einum of, en myndin virkar þó að þú sért ekki strangtrúaður. Hey, já, svo er Mila Kunis góð í myndinni. Hún er líka fáránlega heit.“

**Stelpan**



„Þetta er fín mynd til að bjóða mér á. Á meðan ég dáist að Denzel getur þú dáðst að Milu Kunis. Endirinn var líka flottur vegna þess að hann er svo ófyrirsjáanlegur. Það finnst mér gott vegna þess að ég er alltaf búin að segja sjálfri mér hvernig myndir enda. Mér finnst best að láta koma mér á óvart.“




## POPPLEIKUR: ARMY OF TWO: THE 40TH DAY



**Í SÉRFLOKKI** Army of Two er í algjörum sérflokki sé leikurinn spilaður með félaga.

# TRAUSTUR VINUR...

Army of Two: The 40th Day er ekki leikur sem leikmenn spila einir í dimmu herbergi, þetta er leikur sem hreinlega krefst þess að félagi af holdi og blóði spili með manni.

Stuttur og kjánalegur söguþráður leiksins fjallar um tvo málaliða, Salem og Rios, og sýnir hvernig þeir skjóta sér leið út úr Shanghaí.

Þeim sem freista þess að spila einir í gegnum The 40th Day mun líklega finnast lítið varið í leikinn. Í fyrsta lagi er söguhluti hans óþægilega stuttur, rétt um sex tímar. Grafík leiksins á það til að sýna manni áferðarlitla brúna kassa ásamt því að gervigreind óvina og samherja er alls ekki nógu góð. Sem sagt hálfgerð leikjaútgáfa af B-mynd.

Með raunverulegan félaga sér við hlið er upplifunin allt önnur. Hugsun leikmanna breytist og skipulagning árásarinnar verður lykilatriði í lífsbaráttunni gegn þungvopnuðum morðingjum. Þá er leikurinn ekki lengur í B-klassa heldur í algjörum sérflokki hvað varðar skemmtun sem er ofmettuð af karlhormónum.

*Viggó I. Jónasson*

| SPILUN | GRAFÍK | HLJÓÐ | ENDING | NIÐURSTAÐA |
|---|---|---|---|---|
| 4/5 | 2/5 | 3/5 | 3/5 | |

## POPPLEIKUR: DARKSIDERS



**ÁVANABINDANDI** Darksiders er afar ávanabindandi.

# GÓÐ BYRJUN Á LEIKJAÁRINU

Þegar stríð himins og heljar herjar á jörðina er War einn fjögurra hestamanna á heimsenda sem kallaður er til þess að framfylgja fyrirmælum Guðs. Er hann talinn hafa brotið reglu með móðgandi komu sinni og er dæmdur til dauða. Hann er handviss um að einhver hafi komið sökinni á sig og fær hann tækifæri til þess að finna sökudólginn.

Þeir spilarar sem eru kunnugir God of War-tvíleiknum ættu að þekkja til bæði helstu stjórnareiginleika og útlits í Darksiders. Flestir eiginleikar GoW-tvíleiksins eru til staðar í Darksiders, þótt sagan sé örlítið slakari. Þrátt fyrir það reynist leikurinn vera hinn besti og líkt og með GoW-tvíleikinn, reynist Darksiders vera afar ávanabindandi. Söguþráður leiksins er áhugaverður og eru drýslarnir og englarnir flottir og með áhugaverðum breytingum frá því sem maður hefði talið sér trú um.

Darksiders er góð byrjun á spennandi leikjaári, og ætti að svara blóðþorsta flestra spilara þangað til að þriðji God of War-leikurinn tröllríður öllu innan fáeinna vikna. *Vignir Jón Vignisson*

| SPILUN | GRAFÍK | HLJÓÐ | ENDING | NIÐURSTAÐA |
|---|---|---|---|---|
| 4/5 | 4/5 | 4/5 | 4/5 | |






**ARCTIC MONKEYS** Arctic Monkeys hefur verið tilnefnd til sex NME-tónlistarverðlauna.

# TILNEFND TIL SEX NME-VERÐLAUNA

Hljómsveitin Arctic Monkeys fékk flestar tilnefningar til NME-tónlistarverðlaunanna sem verða afhent í London 24. febrúar. Apadrengirnir fengu sex tilnefningar en Kasabian kom næst á eftir með fimm.

Báðar sveitirnar keppa um titlana besta breska hljómsveitin, besta tónleikabandið, besta platan og besta myndbandið. Þrátt fyrir að hafa hætt störfum í fyrra voru rokkararnir í Oasis tilnefndir til þrennra verðlauna, þar á meðal sem besta hljómsveitin. Tilnefndar sem bestu sveitirnar utan Bretlandseyja voru Green Day, Kings of Leon, Paramore, Vampire Weekend og Yeah Yeah Yeahs.


JEPPARAFGEYMAR



Nýjir og öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

vísir.is

„...ég sá það á vísi"

Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið


# SENDU BETRI SÍMAMYND

**Í hverjum mánuði fáum við fjölmargar skemmtilegast símamyndir sendar. En við miðum alltaf til himins hér á ritstjórn Popps og viljum fá enn þá betri myndir – engin var nógu góð í mánuðinum til að geta talist best! Hvað þarf góð símamynd að hafa?**

- Hún þarf að vera stór og skýr. Flestir símar í dag eru með nokkuð góðum myndavélum sem geta tekið fallegar myndir.
- Hún þarf að vera af einhverju skemmtilegu og/eða skrítnu. Góð símamynd þarf eins og góð mynd að fanga augnablik og ætti helst ekki að vera uppstillt.
- Alls kyns viðburðir sem gerast í kringum okkur eru efni í frábærar símamyndir.
- Frægt fólk. Það er alltaf skemmtilegt að nappa frægt fólk gúffa í sig hamborgara eða hjóla á bláu reiðhjóli. Ef þið sjáið skemmtilegt frægt fólk er alveg málið að smella af því einni góðri mynd.

*Búast má við að vinningarnir verði veglegri á næstunni þannig að við hvetjum ykkur til að vanda ykkur!*



**SÆLL** Enginn vissi hvað átti að skrifa við þessa mynd.



**ÓFÆRT** Hvert var þetta fólk að fara á Toyotunni sinni?



**SPÓLKÓNGURINN** Spurning hversu mikill dekkjakostnaðurinn er hjá þessum.




**JÆJA** Við viljum ekki vita hvað þetta er.



**MÝVATNSSVEIT** Þessi veggur er í raun hvítur. Sönn saga.



**MÓDEL** Þessi fugl hatar ekki athyglina.




**SKEMMTILEGT** Við viljum svipaða mynd frá 10. október á þessu ári!


ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS

SENDU OKKUR ÞÍNA SÍMAMYND Í SÍMA 696 7677 EÐA Á POPP@FRETTABLADID.IS OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS!



# „Turbo Greens er frábært náttúrulegt efni sem færði mér orku, einbeitingu og blóðsykursjafnvægi!“



Ólína Elísabet ásamt syni sínum Stefáni.




**Ólína Elísabet er 31 árs þriggja barna húsmóðir og nemi með meiru sem þurfti aukaþrek til þess að komast í gegnum daginn.**

„Eftir að ég eignaðist mitt annað barn í janúar 2008 var ég lengi að ná mér upp andlega sem líkamlega og þurfti einnig á aukaeinbeitingu að halda til þess að geta stundað fjarnámið sem ég var í. Ég er mjög meðvituð um heilbrigt mataræði en á þessu tímabili vildi ýmislegt sætukennt rata upp í mig sem svo sannarlega bætti ekki ástandið. Mig vantaði verulega eitthvað „auka“ og vildi hafa það sem náttúrulegast. Því valdi ég Turbo Greens og fann strax mun á mér – bæði fann ég fyrir meiri orku og betra andlegu jafnvægi. Áreiti hins daglega amsturs krafðist þess að ég héldi heilsu og einbeitingu og fékk ég svo sannarlega allt þetta „auka“ úr Turbo Greens-duftinu frá Gillian McKeith. Þegar ég svo eignaðist mitt þriðja barn í ágúst 2009 og sömu einkenni gerðu vart við sig var fyrri reynsla mín af Turbo Greens sjálfgefið svar við ástandinu. Sá munur sem ég fann fyrir var óumdeildur. Þegar tíminn er af skornum skammti og fjölbreytnin í matarvali undir sömu sök seld þá var gott til þess að vita að ég var að fá þau næringarefni sem nauðsynleg eru hverri manneskju. Í einni formúlu var ég að fá það sem upp á vantaði.

Í dag er lífið eftir barnsburð að komast í fastar skorður á ný og Turbo Greens hjálpar mér að taka á móti nýjum áskorunum og er ég full af orku og gleði. Ég get með góðri samvisku mælt með Turbo Greens. Ég tel það upplagt fyrir fólk sem er fast í þreytupakka, vantar meiri einbeitingu og þarf að koma reglu á blóðsykurinn því Turbo Greens er verulega öflugt til að stilla af sætuþörfina,“ segir Lína brosandi að lokum.

**Turbo Greens er fáanlegt í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna.**

Turbo Greens er kröftug blanda af náttúrulegri ofurfæðu: SPÍRULÍNU, BYGGGRASI, HVEITIGRASI, AÐALBLÁBERJUM, EPLAPEKTÍNI OG SÍTRÓNUBERKI. Sannkölluð orku- og næringarsprengja, auðmeltanleg, glútenlaus, prótein-, steinefna- og vítamínauðug. Þessi blanda er mjög svo blóðsykursjafnandi og er æskilegt að taka inn 1-2 tsk. á morgnana. Í tveggja teskeiða skammti er nægjanleg dagleg þörf af vítamínum og steinefnum. Hrærið duftinu í vatn eða eplasafa, einnig er gott að blanda því í prótínhristinga.



## ÉG HATA ÞEGAR...

fólk kann ekki að fara í röð.

DANÍEL ÞORSTEINSSON



# 5 GÓÐ RÁÐ

## TIL AÐ HLJÓMA EKKI EINS OG FÍFL ÞEGAR EINHVER TALAR VIÐ ÞIG UM HANDBOLTA

Gylfi Blöndal úr hljómsveitinni Kimono

1. Talaðu um það í hversu slæmu/góðu formi Óli Stefáns er og skiptu helst um skoðun á fimm mínútna fresti.



2. Gerðu grín að Adolfi Inga og vankunnáttu hans á íþróttinni. Það dregur athyglina frá vankunnáttu þinni.



3. Talaðu um hversu mikilvæg vörnin er fyrir markvörsluna. Það hljómar voða gáfulega þó að það ætti að vera frekar augljóst.



4. Taktu umræðuna á allt annað plan og hrósaðu „Bon Iver“-lúkkinu hans Róberts Gunnars. Segðu að það sé fínt að fá mótvægi við geluðu strákana okkar.

5. Kvartaðu yfir lagavali vallar-plötusnúðsins og berðu frammistöðu og leikform hans saman við Alla, plötusnúð Laugardalshallarinnar.





512 50 50
Auglýsingasími




– Mest lesið

# CKSON

### ÚT Í HEIM MEÐ HAUSTINU

Ívar getur andað rólega næstu mánuðina, enda eru plönin fyrir nánustu framtíð óðum að fyllast. Thriller verður í sýningu fram í mars og strax í kjölfar þess fer Ívar að æfa fyrir danssýninguna Bræður, eftir Ástrós Gunnarsdóttur og Láru Stefánsdóttur, en það verður sýnt í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð í vor.

Með haustinu ætlar hann svo með sinni heittelskuðu, Örnu Ösp Guðbrandsdóttur, og börnum þeirra tveimur til útlanda í nám. Hvert ferðinni er heitið vita þau ekki enn, en Arna ætlar í framhaldsnám í arkitektúr. „Við sækjum um á nokkrum stöðum og svo kemur þetta bara í ljós, það verður vonandi bara eitthvert ævintýri," segir Ívar. „Ég gæti sjálfur alveg hugsað mér í eitthvað sem tengist listsköpun, leikstjórn eða kvikmyndagerð. Svo hef ég allt í einu mikinn áhuga á sögu og gæti hugsað mér að taka einhverja kúrsa í því. Fyrir utan að fá hugmyndir út frá mannkynssögunni í listsköpun þá ætti maður vonandi að geta lært sitthvað af því sem áður hefur gerst."

### SKEMMTILEGT LÍF

Þeim Ívari og Örnu finnst ekkert tiltökumál að flytja til útlanda með börnin sín tvö, enda þegar orðin þaulvön. Eftir fæðingu dóttur sinnar eyddu þau til dæmis nokkrum mánuðum fæðingarorlofsins á ferðalagi um Suður- og Norður-Ameríku. „Það var ekki svo mikið mál," segir Ívar. „Það er alltaf mikil vinna að vera með börn, hvort sem þú ert í litlu íbúðinni þinni eða á ferðalagi. Þegar maður eignast börn verður held ég oft minna um svona hluti. Við ákváðum bara að láta það ekkert stöðva okkur. Við höfðum öll mjög gott af þessu að hanga svona saman í nokkra mánuði á ferðalagi um Mexíkó og norður til Kaliforníu. Þetta var kærkomin tilbreyting frá íslenska vetrinum. Við fórum af stað upp úr áramótum 2008, einmitt þegar maður var um það bil að fá nóg af myrkrinu hér," segir Ívar.

Hans lífssýn er nokkuð hrein og bein og henni deilir hann með eiginkonu sinni. „Ég vil hafa gaman að öllu sem ég geri, hvort sem það er að bera út blaðið, vinna í hjólabúð eða vera uppi á sviði að leika eða leikstýra. Lífið á að vera skemmtilegt."





**Brúnir tónar** Nýja línan Warm and Cosy er samsett úr fallegum augnskuggum, ferskjulituðum varalitum og vatnsheldurm augnblýanti.

# Hlýtt og notalegt frá Mac

**Nýjasta línan frá förðunarsnillingunum í Mac heitir Warm and Cosy og er eins og nafnið gefur til kynna alveg einstaklega hlýleg og falleg lína sem er fullkomin að vetrarlagi. Um er að ræða fallega augnskugga í kremlituðum og súkkulaðibrúnum tónum og milda ferskjuliti á kinnar og varir. Augnskuggarnir eru svo náttúrulegir að þeir eru fallegir bæði að degi til og að kvöldlagi en svo er einnig um að ræða frábært augnskuggastifti í bronslituðum tón sem er vatnshelt og er líka frábært undir aðra augnskugga til að halda litnum á augnlokinu. Flott lína fyrir náttúrulega fegurð.** *- amb*




KONUR OG MENN | LAUGAVEGUR 66
Mán. – Fös. 10–18.
Lau. 11–17.

GK REYKJAVÍK

# tíðin
* matur fyrir sælkera

**MEINHOLLT OG DÁSAMLEGT** Byrjaðu morguninn á því að búa til heitt kakó úr lífrænu súkkulaði og matskeið af hunangi. Unaðslega gott toblerone-bragð og svo er þetta gott fyrir kroppinn!





**Finn mikla tengingu við indverskan mat**
Yesmine Olson einkaþjálfariri

Yesmine Olson heldur matreiðslunámskeið í Turninum:

## Hollt og indverskt

Þegar ég fór að keppa í fitness á sínum tíma var maturinn frekar einhæfur og leiðinlegur. Þá fór ég að leika mér með krydd til að gera matinn skemmtilegri og uppgötvaði þá hvað mér finnst gaman að elda," útskýrir Yesmine sem er ættleidd frá Srí Lanka og ólst upp í Svíþjóð. Hún segist snemma hafa fundið fyrir mikilli tengingu við inverskan mat og ferðaðist um Indland við gerð matreiðslubókarinnar. „Þegar ég byrjaði að elda indverskan mat fann ég að réttirnir eru oft mjög flóknir og það getur verið erfitt að finna hráefnin. Ég ákvað því að einfalda réttina og gera þá hollari fyrir bókina," segir Yesmine sem notar til dæmis minna salt, sykur og olíu í uppskriftir sínar.

Í kjölfar útgáfu bókarinnar fékk Yesmine fjölda fyrirspurna um að kenna indverska matargerð og ákvað því að slá til og halda matreiðslunámskeið í Turninum. Á námskeiðinu útskýrir hún bakgrunn og heiti ýmissa indverskra



rétta og kennir alls sex uppskriftir. Þar á meðal er indverskt lambalæri sem Yesmine gaf okkur uppskrift að. Námskeiðsgestir fá svo að bragða á matnum með viðeigandi víni og hjálpa til við eldamennskuna. „Þegar ég er að elda fæ ég fólk til að koma upp og hjálpa mér því ég vil kenna því hvernig á að nota kryddin og fá tilfinningu fyrir því hvernig maturinn er gerður," segir hún.

Verðlaunaafhendingin í keppninni Gourmand World Cookbook Award fer fram á bókamessu í París 11.-14. febrúar. Þar hefur Yesmine verið boðið að sýna hluta af Bollywood-sýningu sinni á opnuninni og elda fyrir gesti hátíðarinnar. Þar að auki hafa aðstandendur keppninnar boðið henni að elda á bókamessu í Abu Dhabi í byrjun mars. „Núna er ég er að vinna með kokkunum uppi í Turni að aðstoða þá við að útfæra heilsusamlegan hádegisverðamatseðil og æfa mig fyrir bókamessuna í París. Ég þarf að skipuleggja mig mjög vel því ég þarf að lýsa öllu sem ég elda á ensku, vita hvað það tekur langan tíma að búa það til og auðvitað kaupa í matinn í Frakklandi," útskýrir hún. „Ég á eftir að æfa mjög stíft því það munu margir virtir og góðir kokkar koma þarna fram. Þetta verður frekar stressandi, en með því að halda matreiðslunámskeiðin finn ég að ég á alveg eftir að þora að gera þetta úti," bætir hún við og brosir.

Nú þegar er uppselt á næsta matreiðslunámskeið Yesmine, en áhugasamir geta skráð sig á námskeið 18. febrúar inn á veisluturninn.is. *– ag*



**Spennandi krydd** Yesmine gæðir lambalærið nýju lífi á indverska vísu.

## Indverskt lamb

2,5 kg lambalæri eða 6-800 g lambakjöt í bitum.
Best er að marinera kjötið og láta standa í ísskáp í 1-2 daga.

**Blanda 1**
5 kardimommur
10 negulnaglar
5 cm löng kanelstöng
1 tsk. túrmerik
2 tsk. cumin
2 stórir laukar skornir í fernt
5 hvítlauksrif
1-2 grænir chili (með eða án fræja)
5 cm af ferskri engiferrót afhýdd, skorin gróft
Safi af 1 sítrónu
Maldon-salt eftir smekk

**Blanda 2**
2 msk. hrein jógúrt
1 msk. hunang
1 msk. pistasíuhnetur
1 msk. rúsínur

*Takið til kryddin á disk*

*Þurristið kardimommur, negulnagla, kanil og cuminfræ, eina tegund í einu.*

*Myljið hvert krydd fyrir sig í mortéli til að ná fram sem mestu bragði.*

*Undirbúið restina af hráefninu í blöndu 1.*

*Setjið blöndu 1 í blandara og maukið. Nuddið maukinu vel í kjötið og látið marinerast í kæli hið minnsta yfir nótt.*

**Samdægurs**
*Takið kjötið úr kælinum og látið það ná stofuhita. Setjið blöndu 2 í blandara og maukið.*

*Hitið ofninn í 180°C. Setjið lærið í steikingarskúffu og hyljið vel með blöndu 2. Setjið álpappír yfir lærið, steikið í 1½-2 tíma. Takið álpappírinn af og steikið áfram í 10-15 mínútur eða þar til kryddmaukið er orðið stökkt og gullinbrúnt.*

*Ef þið notið kjötbita þá er best að hreinsa marineringuna af bitunum og snöggsteikja kjötið á pönnu og síðan setja það í eldfast mót og hylja með blöndu 2.*

*Sett í ofninn og steikt áfram í 15-20 mínútur.*




BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI




BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009. Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN GULL BYLGJAN

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!


Í DAG OG Á MORGUN
LAUGARDAG
ALLT AÐ
FIMMTÍU
PRÓSENTA
AFSLÁTTUR
AF SÝNINGARVÖRUM
epal
Hans J. Wegner
Borge Mogenssen
Arne Jacobsen
Erik Magnussen
Philippe Starck
ofl.
Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Kolbrún Ósk Skaftadóttir bókarýnir á Miðjunni**

**1** **Knús frá syninum í morgunsárið.**




**2** **Kaffitími í vinnunni með kærustunum mínum & lönsj á Pítunni með stelpunum mínum.**

**3** 

**Símhringing frá vinkonu/vini um að Pink sé hætt með manninum sínum og farin að leita sér að konu.**

**4** **Góð bók, góður sjónvarpsþáttur eða góður félagsskapur á kvöldin, nema allt þrennt sé.**



**5** **Skella mér í gervi DJ Dyke ásamt DJ Dick og dansa okkur sveitt alla nóttina á Bleiku Barböru.**







**Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan**

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með



Varðskipið Óðinn er nú hluti af Víkinni, Sjóminjasafni Reykjavíkur. Í ár eru fimmtíu ár síðan skipið lagði fyrst að íslenskri höfn.

# Varðskipið Óðinn sýnt í Víkinni

**Fimmtíu ár eru liðin frá því að varðskipið Óðinn sigldi í fyrsta skipti inn í íslenska höfn. Hollvinasamtök Óðins bjóða því fólki um borð.**

Á morgun og á sunnudag geta gestir og gangandi litið við í Víkinni, Sjóminjasafni Reykjavíkur, og gengið um borð í skipið sér að kostnaðarlausu en skipið er þar orðið hluti af safninu í tilefni afmælisins.

Víkin er orðið eitt stærsta sjóminjasafn landsins og nýtur þeirrar miklu sérstöðu að geta boðið gestum að ganga um borð í varðskipið. Óðinn er varðveittur við sérstaka safnbryggju en auk Óðins er þar varðveittur dráttarbáturinn Magni.

Koma skipsins þykir marka tímamót í sögu Landhelgisgæslunnar en Óðinn var á þeim tíma best útbúna björgunarskipið í Norðurhöfum. Skipið afrekaði meðal annars það að draga fjórtán skip úr strandi, bjarga áhöfnum strandaðra skipa og áhöfnum af sökkvandi skipum auk þess að draga 200 skip til lands vegna bilana. Óðinn tók einnig þátt í þorskastríðinu, eina varðskipið sem það gerði.

Um helgina verða fyrrverandi skipverjar af Óðni einnig staddir í Víkinni, nánar tiltekið um borð í skipinu, og gefst gestum því tækifæri til að hitta þá og ræða við um störfin og veruna á skipinu. *- jma*

## Skoskt ball nýrra Íslendinga

FÉLAG NÝRRA ÍSLENDINGA STENDUR FYRIR SKOSKU BALLI Í HÁTÍÐARSAL ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVARINNAR Á JAÐARSBÖKKUM Á AKRANESI Í KVÖLD.

Félag nýrra Íslendinga hefur fyrir sið að halda mánaðarlega hátíð tileinkaða einhverju landi. Í kvöld er komið að Skotlandi en ball verður haldið í sal íþróttamiðstöðvarinnar á Akranesi.

„Ég er sjálf frá Skotlandi og við höfum ekki verið með skoska hátíð í tíu ár og því var kominn tími á það núna," segir Pauline McCarthy, formaður félagsins á Akranesi. „Við fengum hjálp frá breska sendiráðinu til að flytja inn ekta haggis frá Skotlandi. Svo fór ég til Skotlands fyrir stuttu og kom heim með fullt veski af skosku kexi og nammi auk þess sem á boðstólum verður skoskt viskí," segir Pauline.

Punkturinn yfir i-ið er svo sekkjapípuleikari sem spilar nokkur lög. „Hann er ekki innfluttur heldur íslenskur og heitir Eggert Pálsson."

Dansaður verður skoskur dans og Pauline mun syngja nokkur skosk lög. Hún býst við fólki víða að, frá Ólafsvík, Stykkishólmi, Grundarfirði, Reykjavík og vitaskuld Akranesi.



Pauline og maður hennar í skoskum fötum.










## Húsnæði í boði

2 herb. til leigu á svæði 104. Verð 80 þús pr.mán. 2 room apartment for rent. Price 80 thous pr.month. contact number 698 3211.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

**Ódýrt á Spáni**
Íbúðarhús í Villamartin hverfinu rétt fyrir utan Torrevieja til leigu,gistipláss fyrir 6-8. Stór garður með flottri sundlaug og leiktækjum fyrri börnin, gengið er úr húsinu og beint út í garð. Stutt í alla þjónustu og marga flotta golfvellir , ný íbúð frá árinu 2009. vikuleiga 50.000kr upplýsingar í síma 860-1301 - Villi

## Húsnæði óskast

ALLAR GERÐIR FISKIBÁTA ÓSKAST
***Ókeypis skráning***
SKIPANAUST
SKIPA- OG HÚSANAUST ehf.
SKIPASALA
530-7200

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu. Greiðslugeta 50-60 þús. Uppl 8471022.

4 manna fjölskyldu vantar 3 - 4 herbergja íbúð/hús í vesturbæ Kópavogs í alla vegana 12 mánuði. s: 862-5956.

## Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU NÝL IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ 70M2 3M HURÐ WC V 85ÞÚS LAUST STRAX S 8927858

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Uppl. í síma 8960551.

## Geymsluhúsnæði

**Til leigu - Skjalageymsla**
Rúmgóð, eldvarin skjalageymsla á Stórhöfði 23, 110 Rvk. 55 m2¬ með 4,5 metra háum skjalaskápum á hjólum / 800 - 1.000 hillumetrar. Verð 170.000 + vsk. Uppl. í s. 660 6094 Eyþór.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

**Bílskúrshurð til sölu**
Notuð Héðins bílskúrshurð tilsölu, lokaði hurðargati sem er 225 á hæð og 290 á breidd. Brautir og rafmagnsopnun fylgja. Frekari uppl. og tilboð sendist hah8@hi.is

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

L'ANZA
HEALING HAIRCARE
Hárgreiðslufólk ATH. Stólaleiga - sýningar - sölustörf - utanlandsferðir. Frábært tækifæri. atvinna@lanza.is

**Atvinna**
Óskum eftir 100 einstaklingum við alþj. markaðssetningu. Mikil vinna framundan góð aðstaða, kennsla og stuðningur. www.lifewaveglobal.com/is

samvinnuverkefni sem mögulegt er að vinna heima við www.lifewaveglobal.com/is

Stýrimann vantar á sæfara Á.R. til sæbjúgnaveiða. Báturinn er 103 tonn með 465 kw aðalvél. Uppl. í S. 892 0367.

Vanur eða óvanur handflakari óskast í fiskvinnslu í Þorlákshöfn. Uppl. í S. 892 0367.

## Atvinna óskast

Skipulegur, heiðarlegur, stundvís 28 ára, karlmaður talar ensku, rússnesku, litháensku, íslensku (borgar sig að vinna með tölvunni) með meira prof, leitar fyrir rutu bílstjóri starf Sími: 8465514

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Guðspekifélagið**
**Í kvöld, föstudaginn 29. janúar kl. 20:30** heldur Gunnlaugur Guðmundsson, stjörnuspekingur, erindi: "Örlög og frjáls vilji" í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 30. janúar**
**kl. 14:00** er hugleiðing,
**kl. 14:30:** Farið yfir fræðsluefni Sigvalda. **Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30:** Erindi Guðbjargar Hafsteinsdóttur, fótaað - gerðafræðings: "Höfuðbeina- og spjald-hryggjameðferð á fótum og umhirða fóta."
**Á fimmtudögum** kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.gudspekifelagid.is**

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!**

**Halla er ný.**

**Opið þegar þér hentar 908 1616.**



Til sölu Toyota Land Cruiser 90 35" ekinn 173.000 Upplýsingar í síma 898 7780.

38 ára karlmaður, er bæði tpr og btn, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu og ævintýri í huga. Auglýsingu hans má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8901.

Karlmaður utan af landi sem verður í Reykjavík á næstunni, með aðstöðu, vill kynnast karlmanni með góða skemmtun í huga. Auglýsingu hans má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920(kreditkort), augl.nr. 8828.

**Strákar spjallið við Evu**
S. 908 1010

23 ára ævintýragjörn kona í Reykjavík vill kynnast karlmanni til að skemmta sér með. Auglýsingu hennar má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8679.

## Skemmtanir

**Cafe Catalina**

**Í kvöld spilar Hermann Ingi**

***Kíkjið á www.catalina.is***

**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**

**Hádegismatur alla virka daga**

Boltinn í beinni!

**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

## Tilkynningar

### Efnistaka í landi Hvamms, Sveitarfélagið Ölfus

**Kynning á tillögu að matsáætlun**

Hér er auglýst tillaga að matsáætlun vegna efnistöku í landi Hvamms, Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdaraðili er Pétur Guðmundsson. Bölti ehf. hefur umsjón með mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Hægt er að skoða tillöguna á heimasíðu Bölta ehf. www.bölti.is. Almenningi gefst kostur á að senda athugasemdir við tillöguna til Bölta ehf, á netfang sigjak@simnet.is , eða á heimilisfangið: Lyngheiði 23, 810 Hveragerði, eigi síðar en 14. febrúar 2010.



# Ríkisútvarp á krossgötum


PÉTUR GUNNARSSON

**UMRÆÐAN**
Pétur Gunnarsson skrifar um Ríkisútvarpið

Um þessar mundir eru 80 ár síðan Ríkisútvarpið hóf að senda út dagskrá til allra landsmanna. Í fyrstunni var það eins og hver annar gestur, kærkominn, en utan við „alvöru lífsins“. Dagskráin að deginum var mestan part veðurfregnir og síðan kvölddagskrá sem samanstóð af hljómplötuspili, erindi og/eða upplestri.

Við vitum hvernig fór: útvarpið tók yfir samfélagið, gesturinn tók sæti húsbóndans. Og líku gegndi með sjónvarpið sem hóf göngu sína fyrir 44 árum. Í fyrstunni rétt tyllti það niður annarri rasskinninni eins og hæverskur gestkomandi og lagði fátt til mála utan almennar athugasemdir um veðrið og gamanmál. En tók síðan yfir samfélagið allt.

*Vel mætti hugsa sér að dagskrá sjónvarps tæki breytingum, minnkaði að magni en ykist að gæðum. Það er sama hvaða upphæð er nefnd í því skyni, hún skreppur saman hjá þeim milljörðum sem daglega berst vitneskja um að hafi farið í súginn – á kostnað almennings.*

Það skal hafa verið kostnaðarauki að fara úr hinum ríkjandi miðli: ritmálinu yfir í útvarp með öllum þeim tækjabúnaði sem til þurfti vítt um land og mannskap til að halda úti dagskrá árið um kring. Með sjónvarpi verður kostnaðurinn svo himinhár að íslensk stjórnvöld leiddu hann hjá sér, horfðust aldrei í augu við hann, námunduðu aldrei að greiða hann og kusu að líta á sjónvarpið sem einberan afþreyingarmiðil. Sem það óvart ekki var, það var Miðillinn. Þetta er svona álíka og ef íslensk stjórnvöld hefðu ekki treyst sér til að koma hér á skólakerfi en reitt sig á að börnin fengju nauðsynlega fræðslu með því að lesa utan á mjólkurfernur og kornflexpakka. Afleiðingarnar eru hrikalegar, rúmlega einni kynslóð síðar eru Íslendingar ekki aðeins á góðri leið með að flosna upp frá eigin menningu, þeir hafa flosnað upp frá veruleika eigin lífs og svífa um í tómarúmi innan um aðþrengdar eiginkonur í bandarískum úthverfum og öfugsnúin morð í breskum smábæjum og úrslitum í öllum keppnisgreinum karla og kvenna hérlendis sem erlendis. Vita aftur á móti varla hvað snýr upp né niður í eigin tilveru. Þessa sér ekki einasta stað í umgengni þeirra hverjir við aðra og umhverfi sitt, þær yfirstandandi ógöngur sem við höfum ratað í má hreint og beint rekja til þess hve illa upplýst við erum um það samfélag sem við lifum og hrærumst í. Því fullburða sjónvarp er jafn mikilvægt á hraðferð nútímasamfélags og siglingatæki í flugvél. Án þess vitum við ekki hvar við erum stödd né hvert stefnir.

Það er því býsna hart undir tönn að á þessum örlagatímum skuli RÚV ætla að rifa seglin og bakka enn frekar út úr þjóðlífsmyndinni. Við gerum engar kröfur til Stöðvar 2, Skjás eins eða Omega og ekki heldur til Ingva Hrafns. En við hljótum að gera þá kröfu til sjónvarps/útvarps allra landsmanna að það lifi og hrærist í því samfélagi sem það á að þjóna. Sú breyting sem varð á stofnuninni við hlutafélagavæðinguna virðist síður en svo hafa orðið til batnaðar. Án þess að nokkur maður sakni þess flokkspólitíska útvarpsráðs sem var við lýði í gamla fyrirkomulaginu, vaknar spurningin um aðhald og eftirfylgni innan stofnunarinnar. Ef hún sinnir ekki því hlutverki sem hún er lögskyld til að gegna, hver gengur þá eftir efndum?

RÚV er á krossgötum af því við erum á krossgötum. Aðstæður knýja okkur til að gera upp á milli hins nauðsynlega og ónauðsynlega. Vel mætti hugsa sér að dagskrá sjónvarps tæki breytingum, minnkaði að magni en ykist að gæðum. Það er sama hvaða upphæð er nefnd í því skyni, hún skreppur saman hjá þeim milljörðum sem daglega berst vitneskja um að hafi farið í súginn – á kostnað almennings. Meðal annars af því við áttum ekki fjölmiðil sem gat staðsett okkur og upplýst. Það er vissulega dýrt að vera fátækur, en það kostar morðfjár að vera án fullburða útvarps/sjónvarps.

*Höfundur er rithöfundur.*

# Falinn fjársjóður

**UMRÆÐAN**
Jóhann J. Ólafsson skrifar um óperuupptökur


JÓHANN J. ÓLAFSSON

Nýlega uppgötvaði ég fyrir tilviljun geisladisk með söng hins ástsæla óperusöngvara okkar Íslendinga, Stefáns Íslandi. Hljómplötur með honum eru ekki allt of margar og því mikill fengur að þessum upptökum. Um er að ræða hljómupptöku sem gerð var í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn 22. febrúar 1950 af flutningi óperunnar La Bohème eftir Puccini. Ástæðan fyrir þessum geisladiski er þó ekki söngur Stefáns heldur Victoriu de los Ángeles, sem á þessum tíma var orðin heimsfræg óperusöngkona 26 ára gömul. Söngkonan kom til Kaupmannahafnar til að flytja nokkra konserta og menn notuðu tækifærið og fengu hana til að syngja sem gestur í óperu í Konunglega.

Líklegt er að La Bohème hafi þegar verið þar á fjölunum og Victoria tekið að sér hlutverk Mímíar þetta kvöld. Allir aðrir söngvarar voru danskir m.a. Henry Skjær í hlutverki Marcellos og Ruth Guldbæk í hlutverki Musettu. Ekki er öll óperan á diskinum.

Stefán Íslandi syngur fyrstur með aríu Rudolfos „Che gelida manina“ Ekki er þó hér um að ræða söng Stefáns frá þessari sýningu heldur upptöku frá 2.9.1940. Þá kemur aría Mímíar „Mi chiamano Mimi“. Fyrsta þætti óperunnar lýkur svo með hinum gullfallega dúett Stefáns og Victoriu „O suave fanciulla“. Það er mikill ávinningur fyrir íslenskar tónmenntir að eiga þennan dúett með Stefáni. Victoria söng þennan dúett oft inn á plötur síðar, m.a. með Jussi Björling. Flestir tenórar ljúka þessum dúetti með sama háa tóninum og sópransöngkonan en Stefán líkur honum með lægri tóni, þar sem ljómandi raddfegurð hans nýtur sín einkar vel.

Annar þáttur er ekki heldur allur á diskinum en þriðji og fjórði þáttur eru það. Stefán syngur í þriðja þætti með miklum tilþrifum og af innlifun. Sama er að segja um fjórða þáttinn, sem byrjar með dúettinum „In un coupé“ á móti Henry Skjær. Þar bætist enn einn dúett með þeim félögum við hina tvo, sem þeir sungu inn á plötur 1942, úr Perluköfurunum eftir Bizet og Valdi örlaganna eftir Verdi.

Stefán Íslandi, sem á þessum tíma stóð á hátindi söngferils síns 42ja ára gamall, hafði oft sungið í La Bohème frá 1939. Hann var í essinu sínu þetta kvöld , brilljant og öruggur. Hann var verðugur mótsöngvari Victoriu de los Ángeles skrifuðu dönsku blöðin um sýninguna.

Vegna þess að gestasöngur Victoriu var í danskri uppfærslu (þá var ekki farið að syngja allar óperur á frummálinu) sungu allir söngvararnir á dönsku nema hún, sem söng á ítölsku. Undantekningin var þó Stefán, sem söng alltaf á móti gestinum á ítölsku en öðrum söngvurum á dönsku. Þannig er dúettinn „O suave fanciulla“ á ítölsku en dúettinn „In un coupé“ á móti Henry Skjær á dönsku. Þessa er getið í ævisögu Stefáns „Áfram veginn“ eftir Indriða G. Þorsteinsson. Ber þetta glöggan vott um tungumálafærni Stefáns. Hann var einn örfárra Íslendinga í Danmörku, sem talaði svo lýtalausa dönsku að danskir viðmælendur hans héldu að hann væri danskur.

Geisladiskur þessi er gefinn út af Naxos útgáfufyrirtækinu og er nr. 8.112010.

*Höfundur er kaupmaður.*



**OPRAH WINFREY ER 56 ÁRA Í DAG.**

*„Ég hugsa ekki um sjálfa mig sem fátæka, bágstadda stúlku úr gettóinu sem gerði það gott. Ég hugsa um mig sem stúlku sem frá unga aldri vissi að hún væri ábyrg fyrir sjálfri sér og varð að gera það gott.“*

***Oprah Winfrey er ein þekktasta sjónvarpskona heims. Hún hefur séð um þáttinn The Oprah Winfrey Show frá árinu 1986.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. JANÚAR 1958

## *Newman kvænist Woodward*



Á þessum degi árið 1958 gengu leikararnir Paul Newman og Joanne Woodward í hjónaband sem varð eitt það langlífasta í Hollywood.

Newman hafði áður verið giftur Jackie Witte og átti með henni þrjú börn, Scott, Susan og Stephanie. Newman og Woodward eignuðust síðan þrjár dætur, Elinor, Melissu og Claire. Þau héldu verndarhendi yfir einkalífinu og voru lítið fyrir að bera líf sitt á torg. Þau bjuggu lengst af í Westport í Connecticut og var Newman þekktur fyrir hollustu sína við fjölskylduna. Um það vitnar frægt tilsvar hans þegar hann var spurður út í framhjáhald.

„Af hverju að fara út og fá sér hamborgara þegar steikin bíður heima?“

Newman og Woodward voru virk í pólitík og studdu demókrata með ýmsum ráðum.

Þau léku saman í tíu kvikmyndum. Meðal annars The Long, Hot summer árið 1958 og Mr. and Mrs. Bridge árið 1990. Bæði hlutu þau Óskarsverðlaun á ferlinum, Woodward árið 1957 fyrir The Three Faces of Eve og Newman árið 1986 fyrir The Color of Money.

Paul Newman lést úr krabbameini í september 2008, þá 83 ára.

## MERKISATBURÐIR

- **1845** Ljóðið Hrafninn eftir Edgar Allan Poe kemur fyrst út á prenti í dagblaðinu New York Evening Mirror.
- **1886** Karl Benz fær einkaleyfi fyrir fyrsta bensíndrifna bílnum.
- **1891** Liliuokalani verður drottning Havaí-eyja eftir lát bróður síns. Hún er síðasti einvaldur á eyjunum.
- **1905** Jarðskjálfti verður á Suðvesturlandi, upptök við Kleifarvatn, 5,5 á Richter.
- **1928** Slysavarnafélag Íslands er stofnað. Fyrsti forseti þess er Guðmundur Björnsson.
- **1961** Körfuknattleikssamband Íslands er stofnað.
- **1964** Kvikmynd Stanley Kubrick, Dr. Strangelove, er frumsýnd.



## 100 ára afmæli

**Anna Pálmey Hjartardóttir**

verður 100 ára 29. janúar. Hún tekur á móti gestum í safnaðarheimili Kópavogskirkju laugardaginn 30. janúar kl. 16.00.



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðríður O. Egilsdóttir**

kennari, Austurströnd 12, Seltjarnarnesi,

sem andaðist á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 20. janúar, verður jarðsungin frá Neskirkju, í dag, föstudaginn 29. janúar kl. 15.

**Þórður Adolfsson**
**Sigrún Haraldsdóttir**
**Agla Jael Friðriksdóttir**
**Kjartan Jónatan Friðriksson**
**Egill Moran Friðriksson**
**Soffía Kristín Þórðardóttir**
**Þórdís Ögn Þórðardóttir**
**Sölvi Þórðarson**
**og langömmubörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingigerður Eiríksdóttir**

Skipum, Stokkseyrarhreppi,

lést á hjúkrunardeild Kumbaravogs föstudaginn 22. janúar. Útför hennar fer fram frá Stokkseyrarkirkju, laugardaginn 30. janúar og hefst athöfnin kl. 11.

**Gísli V. Jónsson**
**Herdís J. Hermannsdóttir**
**Móeiður Jónsdóttir**
**Ólafur Benediktsson**
**Ragnheiður Jónsdóttir**
**Vilhjálmur Vilmundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alda Stefánsdóttir**

Arnarhvoli, Dalvík,

sem lést mánudaginn 25. janúar sl., verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 30. janúar nk. kl. 13.30.

**Stefán Steinsson**
**Símon Páll Steinsson**
**Sigurlaug Stefánsdóttir**
**Sigurlína Steinsdóttir**
**Samúel M. Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**VÍSINDAVEFURINN:** HELDUR UPP Á TÍU ÁRA AFMÆLI MEÐ MÁLÞINGI

# Hver stal kökunni úr krúsinni?

Vísindavefurinn var stofnaður árið 2000 sem verkefni Háskóla Íslands í tilefni af því að Reykjavík var menningarborg. „Þetta átti upphaflega að vera tímabundið verkefni en áhuginn var meiri en menn áttu von á og því var þessu haldið áfram,“ segir Jón Gunnar Þorsteinsson, aðstoðarritstjóri Vísindavefsins, en í dag starfa um þrír við Vísindavefinn auk þess sem um 800 fræðimenn svara spurningum sem berast vefnum. Kjarninn í hópi höfunda eru kennarar, fræðimenn og vísindamenn við HÍ en einnig sérfræðingar um allt land og jafnvel utan landsteina.

Langflestar spurningarnar koma frá unglingum á aldrinum 14 til 15 ára. „Þeir vita nógu mikið til að spyrja, eru ekki feimnir og þora að spyrja,“ segir Jón Gunnar en bendir á að mun breiðari aldurshópur skoði vefinn enda var ein milljón heimsókna á síðuna á síðasta ári. „Notendur eru fjölbreyttir en skólafólk notar síðuna mjög mikið enda sjáum við mikinn topp í aðsókn á haustin þegar skólar hefjast,“ segir hann.

Reynt er að svara sem flestum spurningum sem berast og snúa að vísindum. „Við svörum því ekki hvort Angelina og Brad séu enn þá saman, en við svörum því hvað sé ást,“ útskýrir Jón Gunnar en viðurkennir að mun fleiri spurningar berist en hægt sé að svara.

Oft á tíðum eru sendar inn furðulegar spurningar. „Við höfum sérstakan flokk fyrir þær sem við köllum föstudagssvör,“ segir Jón Gunnar og eru þau svör á léttari nótum. Hann gefur dæmi um slíkar spurningar: „Hvað eru ráðin undir rifjunum mörg? Hver stal kökunni úr krúsinni í gær? Hvar er þessi Stökustaður sem er talað um í veðurfréttum? Hvað er að vera alveg kexruglaður? Hvað þýðir orðið montrass?“

Á afmælisárinu er ætlunin að koma með nokkrar nýjungar á vefnum. Þannig verður hægt að skoða myndbönd á youtube og vefnum, einnig verður hægt að skoða svör í hlaðvarpi auk þess sem þriggja ára Evrópuverkefni Vísindavefsins lýkur á árinu.

Í tilefni afmælisdagsins verður í dag haldið málþing um vísindamiðlun. Þar verður fjallað um nám í vísindamiðlun, útgáfu fræðirita fyrir almenning, vísindamiðlun í fjölmiðlum og vísindamiðlun til ungs fólks. Málþingið verður haldið í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins klukkan 14 til 16.

Sömuleiðis verður haldin fyrirlestraröð næstu fjóra laugardaga um vísindi handa almenningi. Á morgun verður fyrsti fyrirlesturinn sem Orri Vésteinsson lektor í fornleifafræði mun halda um landnám jarðar. Fyrirlestrarnir verða í sal 132 í Öskju frá klukkan 13 til 14.30. Þá verður í framhaldinu fyrirlestrarröð í samstarfi við Orkuveituna og endurmenntun sem kölluð er Vísindi á verði bíómiða. „Þar er tækifæri fyrir fjölskyldur að koma saman og fræðast um vísindi,“ segir Jón Gunnar og býður alla áhugasama velkomna. **solveig@frettabladid.is**




**JÓN GUNNAR ÞORSTEINSSON** Veit ekki hver stal kökunni eða hvar Stökustaður er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, fyrrv. eiginmaður og afi,*

**Magnús Guðjónsson**

Hamravík 36, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu 25. janúar sl. Útför hans verður gerð frá Lágafellskirkju þriðjudaginn 2. febrúar kl. 13.00.

**Katrín Þ. Magnússon**
**Magnús Kristinsson**
**Guðjón H. Magnússon**
**Ágústa S. Magnúsdóttir**
**Hafsteinn Kristjánsson**
**Guðrún Ágústsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, afa og langafa,*

**Péturs Sigurðssonar**

fyrrv. framkvæmdastjóra, Breiðdalsvík.

Bestu þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilis aldraðra að Skjólgarði, Höfn Hornafirði.

**Bergþóra Sigurðardóttir**
**Arnleif Pétursdóttir**
**Manfred Kleindienst**
**Jóhanna Pétursdóttir**
**Sveinn F. Jóhannsson**
**Sigurður Pétursson**
**Ólöf Kristjánsdóttir**
**Hreinn Pétursson**
**Linda H. Guðmundsdóttir**
**Pétur Pétursson**
**Ingunn H. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



skemmtilegri
PÁSKADAGSKRÁ STÖÐVAR 2
RÉTTUR OG WIPEOUT
FYRIR AÐEINS 6.760 KR. Á MÁNUÐI Í ÞRJÁ MÁNUÐI
FULLT AF FJÖRI Í FEBRÚAR
MÁNUDAGAR
AMERICAN IDOL
K-VILLE
SUPERNATURAL
IT'S ALWAYS SUNNY IN PHILADELPHIA
ÞRIÐJUDAGAR
MODERN FAMILY
HOW I MET YOUR MOTHER
BONES
HUNG
ENTOURAGE
DAILY SHOW: GLOBAL EDITION
MIÐVIKUDAGAR
OPRAH'S BIG GIVE
MERCY
GREY'S ANATOMY
GHOST WHISPERER
TELL ME YOU LOVE ME
FIMMTUDAGAR
AMAZING RACE
NCIS
FRINGE
BREAKING BAD
FÖSTUDAGAR
AUDDI OG SVEPPI
WIPEOUT ÍSLAND
LOGI Í BEINNI
BESTU GRÍNMYNDIR SÖGUNNAR
LAUGARDAGAR
BOLT
MARIE ANTOINETTE
HOT ROD
CONFESSIONS OF A SHOPAHOLIC
SUNNUDAGAR
SJÁLFSTÆTT FÓLK
COLD CASE
THE MENTALIST
24
JOHN ADAMS
ÁSKRIFENDUR Í STÖÐ 2 VILD GREIÐA EKKI AÐEINS ÓDÝRARA ÁSKRIFTARVERÐ HELDUR NJÓTA EINNIG ÚRVALSBÍÓMYNDA ALLAN SÓLARHRINGINN Á STÖÐ 2 BÍÓ, SKEMMTILEGRA ÞÁTTA Á STÖÐ 2 EXTRA OG MEÐ PLÚSÞJÓNUSTUNNI GETA ÞEIR HORFT Á DAGSKRÁ VIÐKOMANDI STÖÐVA MEÐ KLUKKUTÍMA SEINKUN. EF ÞÚ MISSIR AF ÞÍNUM UPPÁHALDSÞÆTTI ÞÁ GETURÐU HORFT Á HANN HVENÆR SEM ÞÉR HENTAR MEÐ STÖÐ 2 FRELSI*. AUK ÞESS BJÓÐAST ÁSKRIFENDUM Í STÖÐ 2 VILD REGLULEGA ÝMIS TILBOÐ Á VÖRUM OG ÞJÓNUSTU.
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
*STÖÐ 2 FRELSI ER EINGÖNGU AÐGENGILEGT MEÐ VODAFONE DIGITAL PLÚS
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




# Alltaf í boltanum

**BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur**



Ég geysist inn á leikskóla á slaginu hálffimm núll þrjú, parkera barnavagninum beint fyrir útgönguleiðinni, velti fyrir mér fjölda afa og amma í forstofunni á meðan ég hraðsigli inn á deild og man skyndilega að í dag var afa- og ömmukaffi. Sem ég var náttúrulega búin að steingleyma. Enda annað parið úr bænum og ekkert víst að hinn afinn hefði fengist til að koma í dag, þó að hann vilji annars allt fyrir afastelpuna gera og rúmlega það. Um leið og ég birtist í gættinni, sakbitin og enn með heyrnartappa í eyrunum, spyr kennarinn: hvernig fór leikurinn?

**ÉG** stend í miðjum óvenju fákvennum leikfimitíma og við sem þar erum lyftum lærum og ímyndum okkur að við séum svanir. Ein er með farsímann sinn í óðaönn að senda skilaboðin: Hvernig fór leikurinn? Og engin okkar trúir því að fjögurra marka forskot hafi glutrast niður í jafntefli á meðan við dönsuðum ýmist samba eða ballett í fimmtán mínútur.

**ÞAÐ** er allt að verða vitlaust. Borgarumferðin í Reykjavík þessa dagana minnir á Eurovisionkvöldið 1986 en það var einmitt árið þegar ég byrjaði að halda með landsliðinu í handbolta eftir að hafa séð Þorgils Óttar með rauða dulu um fótinn skjóta okkur í sjötta sæti á HM í Sviss. Ekki köttur á kreiki.

**HVAR** sem einn maður talar við sjálfan sig, hvað þá fleiri, er hann að tala um handbolta. Sem er dásamleg tilbreyting frá því sem hefur verið í umræðunni síðustu vikurnar, mánuðina, árin eiginlega, allt frá því að silfurstrákarnir okkar komu heim á Arnarhól í ágúst 2008.

**ÉG** held að þetta sé meðal annars vegna þess að tölfræði handboltans er slík að þó að við töpum eða gerum jafntefli getur það samt nægt okkur til sigurs ef ytri aðstæður, hæfni og heppni einhverra annarra leyfa.

**STRÍÐIÐ** er aldrei tapað. Nema auðvitað hjá Rússunum um daginn sem voru svo elskulegir að gefa ungu strákunum okkar bráðnauðsynlegan æfingaleik í miðju móti.

**ANNARS** er handboltalandsliðið ekkert hollt fyrir okkur Íslendinga þessa dagana. Það fær okkur til að trúa að við séum ævintýrahetjur, fámenn þjóð snillinga sem standa uppi í hárinu á stórþjóðum, vinna þær og fá kóngsríkið og hálfa prinsessuna, niðurfellingu skulda og velvild í alþjóðasamfélaginu að launum. Bara af því að við erum dugleg. Og heppin.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚTSALA

ÚTSÖLU LÝKUR Á LAUGARDAG

Ofnar, helluborð og háfar með allt að 47% afsl.

Sjálfvirkar kaffivélar frá Saeco með miklum afslætti

Severin kæliskápar á mjög góðu verði – verð frá kr. 34.990

KitchenAid blandarar – valdir litir kr. 29.990

Kaffivélar, samlokujárn, hraðsuðukatlar, safapressur, brauðvélar ofl.

Severin smátæki með allt að 45% afslætti

Örbylgjuofnar frá kr. 9.990

TOSHIBA · Panasonic · Bauknecht · KitchenAid · GAGGIA · Silit

SEVERIN · Amana · De Dietrich · Brandt · Blomberg · Saeco

caffè KIMBO · WilliamBounds · ibili · LACOR · danesi caffè

ÚTSÖLU LÝKUR Á LAUGARDAG

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

**! Iðnó í kvöld kl. 20**

*Leikverkið Tilbrigði við stef eftir Þór Rögnvaldsson í leikstjórn Ingu Bjarnason er nú sýnt í Iðnó. Verkið hefst á örleikriti Strindbergs, Hin sterkari (Den starkere), en síðan prjónar Þór aftan við verk Strindbergs fjögur ólík en samtvinnuð tilbrigði. Leikarar eru þau Valgeir Skagfjörð, Gunnar Gunnsteinsson, Lilja Þórisdóttir og Guðrún Þórðardóttir.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Borgin styrkir listina

Styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar voru tilkynntar í gær. Til ráðstöfunar voru 62 milljónir króna, sem deilast á 91 umsækjanda. Alls bárust 177 umsóknir.

Stórsveit Reykjavíkur var valin Tónlistarhópur Reykjavíkur 2010 og hlýtur styrk upp á tvær milljónir. Sveitin hefur á undanförnum átján árum haldið á annað hundrað tónleika og mun í ár halda áfram að flytja nýja og gamla tónlist með innlendum og erlendum gestum í fremstu röð.



**STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR** Tónlistarhópur Reykjavíkur 2010.

Hæsta styrkinn, 4,5 milljónir, hlaut Nýlistasafnið. Safnið stendur nú á tímamótum, er að flytja í stærra og ódýrara húsnæði að Skúlagötu 28. Í tilefni af því verða haldnar nokkrar athyglisverðar sýningar og sú fyrsta á erindi við skólabörn í borginni: Barnasviðið – skapandi endurnýtingastöð.

Næsthæsta styrkinn, 2,3 milljónir, hlaut Möguleikhúsið sem hefur starfað samfellt frá árinu 1990 og lengi verið eina barnaleikhúsið í höfuðborginni. Á döfinni eru nýjar leiksýningar unnar upp úr íslenskum þjóðararfi.

Styrk upp á tvær milljónir hlutu m.a Íslenski dansflokkurinn, Vesturport og Caput-hópurinn.

**> Ekki missa af**

Fram undan er síðasta sýningarhelgin á tveimur sýningum í Listasafni ASÍ við Freyjugötu. Þar lýkur málverkasýningu Þorra Hringssonar og ljósmynda- og myndbandssýningu Jóhannesar Dagssonar, Firnindi. Á Kjarvalsstöðum lýkur svo sýningu Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar. Sýningin hefur notið mikilla vinsælda því hátt í tíu þúsund gestir hafa séð hana.



**FÓLK FRAMTÍÐARINNAR** Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna og stjórnandinn Daníel Bjarnason.

# Ungir sýna sig

Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna er samstarfsverkefni tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á morgun kl. 16 heldur hljómsveitin tónleika í Langholtskirkju þar sem unga kynslóðin sýnir hvað í henni býr.

Ungur trompetleikari, Baldvin Oddsson, verður einleikari með sveitinni. Þótt Baldvin sé aðeins fimmtán ára hefur hann þegar vakið athygli fyrir fágaðan trompetleik. Nú verður hann í aðalhlutverki í hinum goðsögulega trompetkonsert eftir Joseph Haydn.

Þrjú önnur verk verða flutt á tónleikunum. Geimskot, „Lift off“, eftir Russell Peck fyrir þrjá slagverksleikara og níu bassatrommur líkja eftir hljóðheimi geimskips í flugtaki. Ævintýri eitt ég veit eftir Snorra Sigfús Birgisson er samið að beiðni Sinfóníuhljómsveitar tónlistarskólanna fyrir slagverk og þrjú laglínuhljóðfæri. Sinfónía nr. 5 eftir Felix Mendelssohn (Reformation) er samin 1830 í tilefni þess að 300 ár voru liðin frá stofnun mótmælendakirkjunnar í Evrópu. Stjórnandi er Daníel Bjarnason. Á tónleikunum kemur einnig fram sex manna hópur hljóðfæraleikara úr hljómsveitinni og flytur tvö kammerverk undir stjórn Péturs Grétarssonar.


**IÐNÓ**

**TILBRIGÐI VIÐ STEF**

Nýtt íslenskt leikrit
eftir Þór Rögnvaldsson

Stef: Hin sterkari
eftir Strindberg

Næstu sýningar: 29/1, 31/1, 4/2, 6/2, 11/2

Sími 562 9700 kl. 11–16
www.midi.is


# RÖKKUR OG RAFTÓNVERK

**Þrennir tónleikar eru haldnir á vegum Myrkra músíkdaga í dag. Þessari stórglæsilegu tónlistarveislu lýkur á sunnudaginn.**



**RÖKKUR ANDAR HLJÓÐI** Verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur verða flutt í kvöld.

Á Batteríinu, Hafnarstræti 1-3, verða frumflutt sex ný raftónverk eftir þau Ríkharð H. Friðriksson, Ragnhildi Gísladóttur, Kolbein Einarsson, Lýdíu Grétarsdóttur, Wayne Siegel og Kjartan Ólafsson. Tónleikarnir hefjast kl. 20.

Á Kjarvalsstöðum leika Auður Hafsteinsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir íslenska tónlist fyrir fiðlu og píanó. Verkin eru þrjú: G-Svíta eftir Þorkel Sigurbjörnsson, sónata eftir Jón Nordal og sónata fyrir fiðlu og píanó op. 14 eftir Karl O. Runólfsson. Þetta eru hádegistónleikar og hefjast kl. 12.10.

Í Sölvhóli, sal Listaháskóla Íslands, Sölvhólsgötu 13, verða flutt níu verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, á tónleikum sem ganga undir nafninu Rökkur andar hljóði. Verk Önnu eru flutt reglulega um alla Evrópu og í Bandaríkjunum af íslenskum sem erlendum flytjendum. Verk hennar hafa hljómað á hátíðum á borð við Nordic Music Days, Prague Premieres, Festival Nordischer Klang, Sumartónleika í Skálholti og Ung Nordisk Musik svo fátt eitt sé nefnt.

Anna stundar nú doktorsnám við University of California í San Diego í Bandaríkjunum í samstarfi við Rand Steiger, tónskáld og hljómsveitarstjórnanda. Meðal þess sem er á döfinni hjá henni er vinna við tónlist fyrir útvarpsleikrit á vegum Ríkisútvarpsins, ritun hljómsveitarverks sem er pöntun frá Sinfóníuhljómsveit Íslands vegna verks sem frumflytja á í nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík og kammerhljómsveitarverk fyrir UCSD New Music Ensemble sem verður frumflutt í San Diego, Kaliforníu, í mars 2010.

Þeir sem koma fram auk Önnu sjálfrar á þessum tónleikum eru Daniel Shapira, sem sér um hljóð- og tæknivinnslu, Frank Aarnink, sem leikur á slagverk og flygil, Katie Buckley, sem leikur á hörpu, og Hjörtur Jóhann Jónsson sem beitir fyrir sig röddinni. Tónleikarnir hefjast kl. 22. **drgunni@frettabladid.is**


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Brennuvargarnir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 5/2 kl. 20:00 U | Fim 18/2 kl. 20:00 Síðasta sýn. Ö | |
| Mið 17/2 kl. 20:00 U | | |

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Síðasta sýning 18. febrúar.



**Oliver!** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 29/1 kl. 19:00 U | Sun 21/2 kl. 15:00 U | Sun 14/3 kl. 19:00 Ö |
| Lau 30/1 kl. 15:00 U | Sun 21/2 kl. 19:00 Ö | Sun 21/3 kl. 15:00 Ö |
| Lau 30/1 kl. 19:00 U | Sun 28/2 kl. 15:00 Ö | Sun 21/3 kl. 19:00 |
| Lau 6/2 kl. 15:00 U | Sun 28/2 kl. 19:00 Ö | Lau 27/3 kl. 15:00 Ö |
| Lau 6/2 kl. 19:00 U | Sun 7/3 kl. 15:00 Ö | Lau 27/3 kl. 19:00 |
| Sun 14/2 kl. 15:00 U | Sun 7/3 kl. 19:00 Ö | Sun 28/3 kl. 15:00 |
| Sun 14/2 kl. 19:00 Ö | Sun 14/3 kl. 15:00 U | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 30/1 kl. 15:00 Ö | Sun 31/1 kl. 16:30 Síðasta sýn. Ö | |
| Sun 31/1 kl. 15:00 U | | |

Allra síðustu sýningar 31. janúar!



**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. U | Lau 20/2 kl. 20:00 4. K Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. U | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K Ö | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K Ö |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!



**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U | Sun 21/3 kl. 13:00 U | Sun 28/3 kl 15:00 U |
| Sun 14/3 kl. 13:00 U | Sun 21/3 kl. 15:00 U | Lau 10/4 kl 13:00 Ö |
| Sun 14/3 kl. 15:00 U | Lau 27/3 kl. 13:00 U | Lau 10/4 kl 15:00 Ö |
| Lau 20/3 kl. 13:00 U | Lau 27/3 kl. 15:00 U | Sun 11/4 kl 13:00 Ö |
| Lau 20/3 kl. 15:00 U | Sun 28/3 kl. 13:00 U | Sun 11/4 kl 15:00 Ö |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 29. janúar 2010**

### → Tónleikar

**20.00** **Óp-hópurinn** stendur fyrir tónleikum í **Selinu** að Stokkalæk á Rangárvöllum. Á efnisskránni verða Vínar- og óperettulög. Nánari upplýsingar á www.op-hopurinn.is.



**22.00** **Magni Ásgeirsson** og félagar í hljómsveitinni **Killer Queen** verða með tónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

**22.00** Hljómsveitin **Gæðablóð** heldur tónleika á **Bar og gallerí 46** við Hverfisgötu 46.

**23.00** **Úlpa** og **Hudson Wayne** koma fram á tónleikum á **Grand Rokki** við Smiðjustíg.

### → Sýningar

Í **Skotinu**, sýningarými **Ljósmyndasafns Reykjavíkur** við Tryggvagötu (6. hæð), hefur verið opnuð sýning á ljósmyndum **Laurent Friob**. Opið virka daga kl. 12-19, og helgar kl. 13-17.

**Inger Helene Bóasson** sýnir ljósmyndir á stigapalli 3ju og 4ðu hæðar **Landakotsspítala** í Landakoti. Opið alla daga kl. 09-21.

### → Síðustu forvöð

Í **Artóteki**, 1. hæð **Borgarbókasafns Reykjavíkur** við Tryggvagötu, lýkur sýningu **Sari Maarit Cedergren** á sunnudaginn. Opið fös. kl. 10-19, lau. og sun kl. 13-17.

Sýningu **Steinunnar Sigurðardóttur** fatahönnuðar á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu, lýkur á sunnudag. Opið alla daga frá kl. 10-17.

### → Myrkir músikdagar

**12.10** **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanóleikari og **Auður Hafsteinsdóttir** fiðluleikari flytja verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Jón Nordal og Karl O. Runólfsson á Kjarvalsstöðum við Flókagötu.

**20.00** Á **Batteríinu** við Hafnarstræti 1-3 verða flutt raftónverk eftir **Ríkharð H. Friðriksson**, **Ragnhildi Gísladóttur**, **Kolbein Einarsson**, **Lýdíu Grétarsdóttur**, **Wayne Siegel** og **Kjartan Ólafsson**.



**22.00** **Anna Þorvaldsdóttir** flytur eigin verk á tónleikum í **Sölvhóli**, sal Listaháskólans við Sölvhólsgötu. Einnig koma fram Daniel Shapira, Frank Aarnink, Katie Buckley, Hjörtur Jóhann Jónsson og Ólöf Halldórsdóttir.

**Myrkir músíkdagar** standa yfir til 31. jan. Nánari upplýsingar á www.listir. is/myrkir/.

### → Dansleikir

**Dj. Örlygur Smári** sér um tónlistina á Skemmtistaðunum **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

### → Leikrit

**20.00** Leikverkið **„Tilbrigði við stef“** eftir Þór Rögnvaldsson í leikstjórn Ingu Bjarnason verður flutt í **Iðnó** við Vonarstræti. Leikarar: Valgeir Skagfjörð og Gunnar Gunnsteinsson, Lilja Þórisdóttir og Guðrún Þórðardóttir. Nánari upplýsingar á www.leikhopar.is.

**20.00** **Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands** sýnir **„Bráðum hata ég þig“** eftir Sigtrygg Magnason í **Smiðjunni** við Sölvhólsgötu. Nánari upplýsingar á www.lhi.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Hveragerði í bók

**Út er að koma bókin Hveragerði, búsetusaga eftir Þorstein Antonsson og Normu E. Samúelsdóttur.**

**Þorsteinn leggur til form og efnisfrágang sögunnar en hughrif og jarðsamband er komið frá Normu. Hún á ættir að rekja vestur á firði og á ljúfsárar endurminningar frá Hnífsdal við vestanvert Djúp. Í bókinni segir af mannlífi í Hveragerði, bæ listafólks, sumars og grósku en einnig vetrarnæðings og fólks sem lifir þar haust- og vetrartíð ævi sinnar vegna aldurs eða sjúkdóma. Bókina prýða teikningar Braga Einarssonar í Eden.**



// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

VERÐHRUN!

# RISA LAGER SALA FORLAGANNA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**

Allir sem versla fá bók að gjöf!

NÝIR TITLAR DAGLEGA!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

**GLÆSILEGAR BÆKUR - 2000 TITLAR!**

// ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR //




~~1.490,-~~
790,- stk.



~~2.490,-~~
790,-




~~2.490,-~~
990,-




ÓKEYPIS! Ef þú kaupir fyrir 10.000 kr. eða meira!




~~1.980,-~~
690,-




~~2.490,-~~
990,-




~~3.490,-~~
1.390,-




~~1.990,-~~
495,-

Hljóðbók




~~2.190,-~~
1.290,-

málstaður ehf · Tindur · Bókafélagið Ugla · Óðinsauga · JENTAS · Bókafélagið · ÚTKALL · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan · UPPHEIMAR · Sögur útgáfa · ORMSTUNGA · heimur · VERÖLD · SKRUDDA · Salka · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · BJARTUR

> SLÆMUR FAÐIR

Leikarinn **Michael Douglas** hefur tjáð sig um son sinn, Cameron Douglas, sem afplánar fangelsisdóm fyrir ýmis lögbrot. Leikarinn segist ekki hafa verið syni sínum góður faðir. „Ég tek ábyrgð þar sem það á við. Ég hefði getað verið meira til staðar fyrir son minn. Ég var mikið fjarverandi og enginn engill.“



Fólk

folk@fretta

# Engin plata frá Sigur Rós

Söngvarinn Jón Þór Birgisson hefur látið hafa eftir sér í erlendum fréttamiðlum að Sigur Rós sé á leiðinni í frí um óákveðinn tíma. Ástæðurnar eru tvær: annars vegar barneignir trommarans Orra Páls Dýrasonar og bassaleikarans Georgs Holms og hins vegar sólóplata Jónsa, sem hann ætlar að fylgja eftir með tónleikaferð um heiminn.

Georg staðfestir í samtali við Fréttablaðið að ný plata frá sveitinni komi ekki út á þessu ári. „Við erum alveg í rólegheitum enda allir uppteknir. Þegar við höfum tíma hittumst við og semjum og gerum eitthvað,“ segir bassaleikarinn sem eignaðist sína þriðju dóttur í október. Orri Páll eignaðist aftur á móti strák síðastliðinn laugardag.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós ætlar ekki að gefa út nýja plötu á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Georg segir lítið vera af fullkláruðum Sigur Rósarlögum á lager. „Við erum í því ferli að semja í rólegheitunum. Við erum komnir með hugmyndir og grunna en í rauninni erum við ekkert að flýta okkur að klára, enda ætlum við ekkert að taka upp strax. Jónsi er upptekinn núna með sitt verkefni. Við ætlum að leyfa honum að gera það og svo förum við í einhvern gír eftir það.“

Hvernig líkar þér við nýju lögin hans Jónsa? „Ég er reyndar bara búinn að heyra þetta lag sem er búið að spila í útvarpinu. Hann hefur ekki enn þá leyft mér að heyra hitt. Ég veit ekki hvort hann er spéhræddur og þorir ekki að leyfa okkur að heyra,“ segir hann og hlær. „En lagið sem ég hef heyrt er rosaflott og mjög mikið hann. Það fer ekki á milli mála að þetta lag er eftir hann.“ **- fb**

# Góðgerðarplata fór á toppinn

*Ný góðgerðarplata til styrktar fórnarlömbum jarðskjálftans á Haítí fór beint í efsta sæti bandaríska vinsældalistans eftir að hún kom út.* Platan er jafnframt sú fyrsta sem er aðeins gefin út í stafrænu formi sem kemst í efsta sæti listans.



**COLDPLAY** Hljómsveitin Coldplay er ein þeirra sem á lag á góðgerðarplötunni vinsælu.

Platan hefur selst í 171 þúsund eintökum og hefur að geyma tónlist sem var flutt í sjónvarpssöfnun sem var sýnd í beinni útsendingu á dögunum, þar sem um sjö milljarðar króna söfnuðust. Þar stigu á svið flytjendur á borð við Jay-Z, Madonna, Coldplay, Beyonce og U2. Söfnunin var sýnd víða um heim og voru áhorfendur um 83 milljónir. Aðrir sem sungu til styrktar fórnarlömbunum voru Wyclef Jean, sem er frá Haítí, Bruce Springsteen, Jennifer Hudson, Rihanna og Stevie Wonder.

Fleiri vilja leggja sitt af mörkum til söfnunarinnar. Upptökustjórinn Quincy Jones ætlar að gera nýja útgáfu af laginu We Are The World sem var tekið upp árið 1985 í baráttunni gegn hungursneyð í Afríku. Lagið var samið af Michael Jackson og Lionel Richie og á meðal þeirra sem sungu voru Billy Joel, Tina Turner og Bono. Ekki hefur verið ákveðið hverjir syngja í nýju útgáfunni, sem verður tekin upp í Los Angeles á mánudag.

Talið er að hátt í 200 þúsund manns hafi farist í jarðskjálftanum í Haítí og skiptir hver króna miklu máli í björgunarstarfinu.








**SKEMMTIR SÉR VEL** Adolf Ingi Erlingsson hefur skemmt sér vel á EM í handbolta, enda árangurinn verið frábær. FRÉTTABLAÐIÐ/EÁS

# Æðislega gaman á Evrópumótinu

**Íþróttafréttamaðurinn Adolf Ingi Erlingsson lýsir á laugardaginn sínum öðrum undanúrslitaleik á skömmum tíma í EM-keppninni í handbolta. Hann er að vonum í skýjunum yfir góðum árangri strákanna okkar.**

Síðast lýsti Adolf Ingi undanúrslitaleik Íslendinga á móti Spánverjum á Ólympíuleikunum sællar minninga. Vonandi verða heilladísirnar aftur með okkur Íslendingum á laugardaginn.

„Þetta er búið að vera æðislega skemmtilegt eins og alltaf þegar liðinu gengur vel. En þetta fer voðalega mikið eftir gengi liðsins. Þegar það gengur illa er erfitt að taka viðtölin við þá og allir eru svolítið súrir. Svo þegar það gengur vel er þetta bara óendanlega gaman,“ segir Adolf Ingi, sem var í essinu sínu í sigurleiknum á móti Norðmönnum.

Almenningur virðist skiptast dálítið í tvo hópa þegar Adolf er annars vegar. Margir eru mjög ánægðir með hann en aðrir finna honum flest til foráttu. Adolf kippir sér lítið upp við það. „Mér finnst sorglegt að fólk geti ekki fundið sér eitthvað annað til að dunda sér við,“ segir hann. „Þetta er bara vinnan mín og maður reynir að gera þetta eins vel og maður getur. Maður getur ekkert verið að velta sér upp úr því hvort maður pirri einhverja. Þegar þú ert með um og yfir áttatíu prósent af þjóðinni að fylgjast með er hætt við að ekki séu allir sáttir.“

Adolf er sannfærður um að Íslendingar geti komist alla leið á EM, sérstaklega eftir sigurinn frábæra gegn Noregi. „Það sem er svo gaman að sjá er sjálfstraustið og tiltrúin sem er komin í þennan hóp. Þeir búa svo ofboðslega mikið að þessum árangri á Ólympíuleikunum. Núna vita þeir hvað þeir eru góðir. Ef allt gengur upp geta þeir unnið öll liðin í þessu móti. Þeir eru svakalega vel innstilltir og góðir þessir drengir.“ **freyr@frettabladid.is**

# Horfir ekki á Bond

Pierce Brosnan hefur aldrei horft á Daniel Craig leika James Bond. Brosnan var á sínum tíma sparkað af framleiðendum Bond og í staðinn tók Craig við keflinu. Hefur hann skilað hlutverkinu með miklum sóma. Þrátt fyrir það hefur Brosnan aldrei séð eftirmann sinn í hlutverkinu, sem var honum mjög kærkomið. „Ég hef ekki séð Daniel í hlutverkinu. Ég reyndi að horfa á Casino Royale í flugvél. Ég hélt að 37 þúsund fet væru góð fjarlægð frá hlutverkinu en myndin bilaði strax í byrjun. Flugfreyjan kom og lagaði myndina en hún bilaði strax aftur. Ég hugsaði með mér að guðirnir hljóti að vera að segja mér eitthvað. Síðan þá ákvað ég bara að láta málið kyrrt liggja,“ sagði Brosnan. Synir hans tveir sáu hina Bond-myndina, Quantum of Solace, en Brosnan ákvað að halda sig fjarri henni.



**PIERCE BROSNAN** Brosnan hefur aldrei horft á Daniel Craig í hlutverki James Bond.

Veitingastaðurinn Caruso kynnir:

# Kósýkvöld með Eyfa





***Eftir frábærar móttökur á árinu 2009 höfum við ákveðið að halda áfram með kósýkvöldin, þar sem Eyjólfur „Eyfi" Kristjánsson flytur öll sín þekktustu lög í bland við aðrar íslenskar og erlendar dægurperlur yfir þriggja rétta gómsætri máltíð að hætti Caruso á hinni notalegu 3. hæð okkar.***

## Janúar:
Fimmtudagskvöld klukkan 20.30 - þann 21. og 28.

## Febrúar:
Fimmtudagskvöld klukkan 20.30 - þann 4. – 18. og 25.

## Mars:
Fimmtudagskvöld klukkan 20.30 - þann 4. - 11. - 18. og 25.

## Matseðill
Val um 3 forrétti, aðalrétti og eftirrétti

### Forréttir
Humarsúpa að hætti Caruso
Sveppahattar fylltir með gráðaosti og hvítlauk
Grillað rækju- og hörpuskeljaspjót

### Aðalréttir
Nautalundir Bérnaise
Grilluð lúða með hvítvínssítrónusósu
Kjúklingabringa með rauðvínssósu

*Ath. Öllum aðalréttum fylgja Portobello sveppir, grænmeti og bökuð kartafla*

### Eftirréttir
Fljótandi súkkulaðikaka Caruso með ís
Créme Brûlée
Ítalskur krapís með ávöxtum

***Verð fyrir kvöldverð og tónleika 6.290- pr. mann***
Borðapantanir: 562-7335 www.caruso.is – www.carusospain.com

RISTORANTE Caruso

*Þingholtsstræti 1 • 101 Reykjavík • Sími 562 7335*

INNNES EHF. · Bodegas Faustino · BODEGAS VALCARLOS · Sælkeradreifing ehf. Gourmet Distribution · Grand Marnier® · BAKKUS WINE & SPIRIT

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 | SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 5.50 | L |
| IT´S COMPLICATED LÚXUS | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 | IT´S COMPLICATED | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L | MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 3.40 - 5.50 | L | AVATAR 3D | kl. 8 | 10 |
| DYHAT MORGANS | kl. 8 - 10.20 | 7 | NIKULÁS LITLI www.graenaljosid.is | kl. 6 - 8 - 10 Íslenskur texti | L |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L | | | |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 8 | 10 | | | |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.50 | L | | | |

facebook.com / smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| CLOUDY WITH MEATBALLS 2D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 enskt tal | L | SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 6 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 5.50 íslenskt tal | L | IT´S COMPLICATED | kl. 10.10 | 12 |
| HARRY BROWN | kl. 8 - 10.20 | 16 | MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | 7 |
| THE ROAD | kl. 8 - 10.20 | 16 | AVATAR 2D | kl. 8 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L | | | L |
| JULIE & JULIA | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | L | | | |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| SKÝAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D | kl. 3.50 - Ísl. tal | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 7 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 4 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 6 og 9 | 10 |



Denzel Washington og Gary Oldman eru frábærir í þessari mögnuðu spennumynd í anda I Am Legend og Mad Max

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 8D - 10:30D | 16 |
| WHERE THE WILD THINGS ARE | 3:40-5:50 -8-10:30 | 7 |
| UP IN THE AIR | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 3:40D - 5:50D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 5:50D - 8:10D - 10:40D | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 3:40D | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 - 10 | 16 |
| BJARNFREÐARSON | kl 5:40 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 8 | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:10 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

# Dúett Elton og Gaga í bígerð



Talið er að popparinn Elton John og Lady Gaga ætli að syngja dúett á bandarísku Grammy-verðlaunahátíðinni á sunnudaginn. Ekki er vitað hvaða lag þau ætla að syngja saman. Engu að síður bíða margir spenntir eftir þessu óvænta samstarfi þessara tveggja vinsælu tónlistarmanna.

„Það verður sannkölluð flugeldasýning að sjá Elton og Lady Gaga saman á sviði. Þetta gæti orðið ein eftirminnilegasta frammistaðan í sögu Grammy-hátíðarinnar,“ sagði heimildarmaður. Verði dúettinn að veruleika verður hann ekki sá fyrsti hjá Elton á Grammy-hátíðinni. Síðast flutti hann dúett með rapparanum Eminem árið 2001 við góðar undirtektir. Á meðal þeirra tónlistarmanna sem staðfest er að komi fram á hátíðinni eru Pink, Beyonce, Black Eyed Peas og Taylor Swift.



**ELTON JOHN** Popparinn litríki syngur líklega dúett með **Lady Gaga** á Grammy-verðlaunahátíðinni. Búast má við litríku samstarfi enda bæði tvö miklir skrautfuglar.

# MIKIL ÁSKORUN FYRIR MIG

**Jón Gnarr var í gær útnefndur sem leikskáld Leikritunarsjóðs við Borgarleikhúsið og tekur við þeirri stöðu af Auði Jónsdóttur sem nú er að ljúka störfum. Hann segir þetta vera mikla áskorun fyrir sig.**

Jón Gnarr var valinn úr stórum hópi umsækjanda en í umsögn dómefndar segir meðal annars: „Jón Gnarr hefur sýnt það og sannað með verkum sínum að hann er snjall penni sem hefur gott næmi fyrir samtalsforminu og persónusköpun. Þó húmorinn sé gjarnan í forgrunni er alvaran aldrei langt undan. Það er mikill fengur að fá þennan reynda listamann til liðs við leikhúsið.“

Jón er ekki ókunnugur leikhúsi að einhverju leyti. Hann þýddi meðal annars Play it Again Sam eftir Woddy Allen sem sett var upp í Loftkastalanum fyrir heilum áratug og lék þá sjálfur aðalhlutverkið á móti Kötlu Margréti í leikstjórn Halls Helgasonar. Þá hefur hann samið tvö útvarpsleiksrit sem bæði hafa verið flutt á Rás 1. „Ég lít fyrst og fremst á þetta sem viðurkenningu fyrir mig. Og þetta hefur engin áhrif á stjórnmálaþáttöku mína, ég mun rækja þetta starf eins og hvert annað starf,“ segir Jón en hann stofnaði sem kunnugt er Besta flokkinn fyrir skömmu og hyggst ná sæti í borgastjórn.

Jón er fyrst og fremst upp með sér yfir þessari útnefningu og þykir þetta mjög spennandi og skemmtilegt. „Ég hlakka ákaflega mikið til að takast á við þetta og ætla að reyna skrifa að minnsta kosti eitt skemmtilegt leikrit. Þetta er áskorun fyrir mig,“ segir Jón sem hefur hingað til aðallega unnið í heimi sjónvarps. „Þetta er tvennt algjörlega ólíkt. Ég verð þarna í heilt ár og það verður gaman fyrir mig að vera þarna í leikhúsinu og heyra hvað fólkið á fjölunum hefur að segja.“ Jón segist vera með nokkrar hugmyndir í kollinum en hann hafi alltaf verið hrifinn af leikritum Samuel Beckett. „Eitthvað sem er nógu absúrd,“ segir Jón.

freyrgigja@frettabladid.is





**LEIKSKÁLD LEIKRITUNARSJÓÐS**
**Jón Gnarr** tekur við útnefningunni úr hendi **Vigdísar Finnbogadóttur.** Hann verður leikskáld Leikritunarsjóðs við Borgarleikhúsið árið 2010 og tekur við því starfi af Auði Jónsdóttur sem nú er að ljúka störfum. Jón var í góðum hópi þegar þetta var tilkynnt og var með Vaktar-félaga sínum, **Jörundi Ragnarssyni,** á borði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvikmyndir: ★★★★

**Harry Brown**

Leikstjóri: Daniel Barber

**Aðalhlutverk:** Michael Caine

## Eðalkrimmi



Þegar vinur Harry Brown er myrtur hrottalega af ótíndum smáglæpamönnum, ákveður hann að taka lögin í eigin hendur, og ná fram réttlæti á morðingjunum.

Harry Brown er fantagóð frumraun leikstjórans Daniels Barber, sem áður fékk Óskarsverðlaun fyrir bestu stuttmynd frá 2008. Eflaust eru margir sem sjá líkingu milli þessarar myndar og Gran Torino, en þær eiga lítið meira sameiginlegt en að fjalla um eldri mann sem vill ná fram hefndum. Þar að auki er Harry Brown mun áhugaverðari og dýpri persóna en sú sem Clint Eastwood lék í Gran Torino.

Caine (sem er á áttræðisaldri) sýnir kraftmikinn leik sem Brown, sem fyrst tekur eftir hraðri hnignun þjóðfélagsins í kjölfarið á andláti eiginkonu sinnar. Það er afar ánægjulegt að Caine hafi treyst jafn óreyndum kvikmyndagerðamanni og Barber, og þykir mér myndin virkilega aðdáunarvert verk. Barber er án efa einn af þeim sem maður á eftir að fylgjast náið með í framtíðinni.

Vignir Jón Vignisson

**Niðurstaða:** Frábær breskur krimmi

# Losar sig við skartgripina

**Rapparinn Curtis Jackson, betur þekktur sem 50 Cent, er hættur að koma opinberlega fram með skartgripi. Klæðskerasniðin jakkaföt eru núna aðalmálið og „blingið“ kemst hvergi að. „Ég var að reyna að senda út ákveðin skilaboð með skartgripunum en núna hef ég ekki lengur þörf fyrir þá,“ sagði rapparinn. Hann hefur á undanförnu reynt fyrir sér í fatahönnun og leiklist með ágætum árangri og þess vegna er ímynd hans sem bófarappari ekki eins mikilvæg og áður.**



**NÝR STÍLL** Rapparinn 50 Cent hefur breytt um fatastíl og losað sig við skartgripina.

## > Arnór hefur bætt sig um 30-40 prósent

Steinar Ege, markvörður norska landsliðsins og liðsfélagi Arnórs Atlasonar hjá FCK, lenti í miklum vandræðum með þann síðarnefnda í gær. Arnór skoraði tíu mörk úr tólf skotum í leik Íslands og Noregs á EM. „Arnór hefur verið frábær á mótinu. Hann hefur átt við meiðsli að stríða en notaði þann tíma mjög vel til að bæta skotin sín og styrkja sig. Ég tel að hann hafi bætt sig um 30-40 prósent á síðasta eina og hálfa ári," sagði Ege við Fréttablaðið. Um leikinn sagði hann að Norðmenn hefðu gefið allt sem þeir áttu. „Það var þó ekki nógu mikill stöðugleiki í vörninni og Ísland átti skilið að vinna."



**sport**

sport@frettabla-

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: HUGSAR TIL FÉLAGA SEM Á UM SÁRT AÐ BINDA

# *Þessi sigur er tileinkaður góðum félaga okkar*

Guðmundur Guðmundsson var greinilega hrærður eftir sigur Íslands á Noregi á EM í handbolta í gær. Með sigri tókst Íslandi að tryggja sér sæti í undanúrslitum keppninnar en liðið er enn taplaust eftir sex leiki.

„Þessi leikur var eins og að hann hefði verið í átta liða úrslitum þó svo að hann hefði verið í milliriðlakeppninni," sagði Guðmundur eftir leikinn. „Það var bara allt eða ekkert – inni eða úti."

Guðmundur segir að þessi sigur sé tileinkaður Gunnari Magnússyni handknattleiksþjálfara sem hefur starfað náið með Guðmundi og Óskari Bjarna Óskarssyni aðstoðarlandsliðsþjálfara í kringum landsliðið. „Okkur hefur ekki liðið vel því að félagi okkar hefur átt um sárt að binda. Við hugsum mikið til hans og ákváðum að tileinka honum þennan leik og sigur. Þetta var táknrænn sigur fyrir hann og hans fjölskyldu."



Hann segir að allir í kringum landsliðið hafi hugsað mikið til hans á síðustu dögum. „Það hafa verið erfiðar tilfinningar hjá mörgum í liðinu vegna þessa. Ég var því afskaplega ánægður með liðið og hvernig þeir kláruðu þetta verkefni. Þeir hafa staðið sig stórkostlega." Um leikinn segir hann að það hafi verið afar erfitt að ráða við norska liðið. „Þetta er líklega besta norska landslið sem ég hef séð og mátti ekki miklu muna hjá okkur, en það tókst."

Íslenska liðið hefur spilað mjög grimman varnarleik til þessa á mótinu en leyfði sér þó ekki að ganga jafn langt og í öðrum leikjum. „Norðmenn eru með afar öfluga línumenn. Svo þarf að fara út í skytturnar og því kemur upp erfið staða. Við fundum ekki nógu gott jafnvægi þarna á milli en samt nógu mikið svo að það dugði til."

Oft dugði ekkert annað en að sleppa línumönnunum þegar þeir fengu boltann. „Það er betra en að fá á sig bæði mark og tveggja mínútna brottvísun. Það þýðir ekki að eiga við það." Enn og aftur var Guðmundur skiljanlega óánægður með dómgæsluna á mótinu. „Eitt dæmi er að Róbert var tvisvar dæmdur brotlegur þegar hann stóð kyrr á vellinum - grafkyrr. Ef það er ólögleg hindrun þá er það ný regla. Það er alveg hrikalega erfitt að þurfa að eiga við svona lagað og ég vona innilega að þetta verði ekki svona í undanúrslitunum."

## ÚRSLIT

*EM í handbolta:*

**Ísland-Noregur** **35-34 (18-16)**

Mörk Íslands: (skot): Arnór Atlason 10 (12), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (7), Snorri Steinn Guðjónsson 4/3 (7/4), Róbert Gunnarsson 4 (7), Ólafur Stefánsson 4 (8), Alexander Petersson 3 (5), Vignir Svavarsson 2 (2), Aron Pálmarsson 2 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2).

Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 9/1 (25/2, 36%), Björgvin Páll Gústavsson 8 (26/5, 31%).

Hraðaupphlaup: 14 (Guðjón 4, Alexander 3, Vignir 2, Róbert 2, Ásgeir 1, Arnór 1, Ólafur 1).

Fiskuð víti: 4 (Ólafur 2, Snorri Steinn 1, Róbert 1).

Utan vallar: 10 mínútur.

Mörk Noregs (skot): Håvard Tvedten 8/6 (10/6), Bjarte Myrhol 5 (6), Kristian Kjelling 5 (8), Lars Erik Björnsen 4 (6), Börge Lund 4 (6), Kjetil Strand 4 (10), Erlend Mamelund 2 (4/1), Frank Löke 2 (5).

Varin skot: Steinar Ege 8 (43/3, 19%).

Hraðaupphlaup: 9 (Myrhol 4, Björnsen 2, Strand 1, Lund 1, Mamelund 1).

Fiskuð víti: 7 (Löke 4, Tvedten 2, Björnsen 1).

Utan vallar: 10 mínútur.

Rússland-Austurríki 30-31

Króatía-Danmörk 27-23

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Króatía** | **5** | **4** | **1** | **0** | **134-123** | **9** |
| Ísland | 5 | 3 | 2 | 0 | 163-149 | 8 |
| **Danmörk** | **5** | **3** | **0** | **2** | **136-134** | **6** |
| Noregur | 5 | 2 | 0 | 3 | 138-135 | 4 |
| **Austurríki** | **5** | **1** | **1** | **3** | **148-156** | **3** |
| Rússland | 5 | 0 | 0 | 5 | 140-161 | 0 |



**MAGNAÐUR** Guðjón Valur hefur látið til sín taka á EM. MYND/DIENER

Guðjón Valur Sigurðsson:

# Nú byrjar nýtt mót hjá okkur

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson segir að nú hefjist nýtt mót hjá íslenska landsliðinu eftir að það tryggði sér sæti í undanúrslitum á EM í handbolta með sigri á Noregi í gær.

„Við lögðum leikinn þannig upp að hann væri eins og Póllandsleikurinn á Ólympíuleikunum. Þetta var í raun eins og leikur í 8-liða úrslitum," segir Guðjón Valur.

„Við vildum ekki treysta á neina aðra og það er gott að geta verið í bílstjórasætinu. Við getum leyft okkur að vera ánægðir eftir þennan sigur en nú hefst hjá okkur í raun nýtt mót með undanúrslitunum um helgina." - esá



# Veisla í Vínarborg um helgina

## Ísland vann í gær sigur á Noregi, 35-34, og tryggði sér þar með sæti í undanúrslitum á EM í handbolta. Ísland mætir Frakklandi í undanúrslitum en óhætt er að segja að strákarnir okkar séu sjóðandi heitir.

**HANDBOLTI** Ísland keppir til verðlauna á Evrópumeistaramótinu í handbolta sem haldið er í Austurríki. Þetta varð ljóst eftir að Ísland vann magnaðan sigur á Noregi í lokaumferð milliriðlakeppninnar, 35-34.

Arnór Atlason var frábær í leiknum í gær og skoraði alls tíu mörk úr tólf skotum. Steinar Ege, sem er af mörgum talinn einn besti markvörður heims, átti ekkert svar við honum né öðrum tilburðum íslensku sóknarmannanna lengst af í leiknum.

Ísland hafði forystu nánast allan leikinn og fékk ótal tækifæri til að stinga Norðmennina af. Það er í raun ótrúlegt og til marks um magnaðan sóknarleik liðsins að það hafi skorað átján mörk í fyrri hálfleik þó svo að liðið hafi þá misnotað fimm dauðafæri, ýmist af línu eða úr hraðaupphlaupi.

Ísland náði forystunni eftir fyrsta stundarfjórðunginn og hélt henni þar til rúmar ellefu mínútur voru til leiksloka. Þá tókst Noregi að komast yfir, 28-27, en Ísland svaraði með þremur mörkum í röð og sex af næstu átta. Liðið lét forystuna aldrei af hendi eftir það, þrátt fyrir að að Norðmenn hafi gert allt sem þeir gátu til að koma sér inn í leikinn á síðustu tíu mínútunum tókst það ekki.

Það var fyrst og fremst tveimur mönnum að þakka. Annars vegar Björgvini Páli Gústavssyni sem varði fjögur skot á síðustu mínútunum, hvert öðru mikilvægara, og hins vegar Arnóri Atlasyni sem skoraði fjögur af síðustu fimm mörkum Íslands í leiknum.



**EINLÆGUR FÖGNUÐUR** Róbert Gunnarsson og Arnór Atlason fagna hér hreint ógurlega þegar ljóst var að Ísland var komið í undanúrslit á Evrópumeistaramótinu í Austurríki. MYND/DIENER



**FAÐMLAG** Guðmundur faðmaði strákana sína eftir leikinn. MYND/DIENER

En það kom vitanlega meira til en aðeins framlag þeirra tveggja í þessum erfiða leik.

Vignir Svavarsson átti afar góða innkomu í íslensku vörnina eftir að Ingimundur Ingimundarson hafði fengið tvær tveggja mínútna brottvísanir með skömmu millibili í fyrri hálfleik. Aron Pálmarsson átti sem fyrr fína spretti í sókninni þegar hann fékk tækifærið og þá varði Hreiðar Guðmundsson nokkur mjög mikilvæg skot. Róbert, Snorri Steinn, Guðjón Valur, Alexander, Sverre, Ingimundur, Ásgeir Örn og ekki síst Ólafur - allir skiluðu þeir sínu í leiknum og gott betur.

Eins og við var að búast voru línumennirnir Frank Löke og Bjarte Myrhol afar erfiðir viðureignar og baráttan við þá setti svip á allan varnarleik íslenska liðsins. Það gerði það að verkum að skytturnar fengu mun meira frelsi hjá íslensku varnarmönnunum en hjá fyrri andstæðingum Íslands á mótinu. Engu að síður leystu íslensku varnarmennirnir þetta erfiða verkefni vel.

Liðið fær fyrst og fremst mikið hrós fyrir að gefast aldrei upp. Það var við það að stinga Norðmennina af í nokkur skipti en þó svo að það hefði gengið á ýmsu héldu strákarnir sínu striki og kláruðu verkefnið með miklum sóma.

Enn og aftur var dómgæslan í allt of stóru hlutverki í leiknum og hlýtur það að teljast mikið áhyggjuefni að nánast allir leikir Íslands einkennast af afar furðulegri dómgæslu.

Ísland mætir Frakklandi í undanúrslitum á laugardaginn og fær þá tækifæri til að hefna fyrir ófarirnar í úrslitaleik Ólympíuleikanna í Peking.



EM Í AUSTURRÍKI

**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**

skrifar frá Vín

eirikur@frettabladid.is

Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði var manna rólegastur í fagnaðarlátunum eftir sigurinn á Noregi:

# Þetta er bara eitt skref og ekki lokaskrefið

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði var vitanlega himinlifandi yfir árangri landsliðsins á EM í Austurríki. Liðið er þar komið í undanúrslit eftir sigur á Noregi í gær, 35-34.

„Mér líður ágætlega," sagði hann í samtali við Fréttablaðið eftir leik. „Það eina sem er skrítið er að maður er svolítið hrokafullur og ekki að missa sig í einhverju gleðikasti. Ég er bara glaður en veit að þetta er ekki nema eitt skref og ekki lokaskrefið."

Hann segir að nú taki við enn á ný sama ferlið þegar liðið hefur undirbúning fyrir næsta leik.

„Við fáum að slaka á í kvöld og svo byrjum við að leikgreina aftur á morgun. Þannig er þetta bara. Við viljum ekki eitthvað sem er ásættanlegt og þau tækifæri sem gefast á maður að grípa."

Hann segir að liðið hafi ekki enn toppað á mótinu.

„Við getum spilað enn betur. Við vorum klaufar í þessum leik að hafa ekki náð að hrista þá af okkur. Við vorum oft þremur mörkum yfir og misstum forystuna oft niður í 1-2 mörk. Þeir náðu meira að segja að komast yfir í seinni hálfleik. Það vantaði alltaf herslumuninn hjá okkur."

En tækifærin voru til staðar, segir Ólafur.

„Það voru fjölmargir sénsar sem við hefðum átt að nýta betur og koma okkur í 4-5 marka forystu. Dómararnir byrjuðu reyndar að tína okkur út af eftir að þeir norsku fóru að henda sér í gólfið og fiska sóknarbrot á okkur. Það var vissulega dýrt en við sýndum mikinn karakter að koma okkur aftur inn í leikinn, sérstaklega þar sem þeir voru að komast á fínt skrið."

Ólafur sagði frammistöðu Arnórs Atlasonar í leiknum hafa verið frábæra. „Þetta voru gullin mörk sem hann skoraði. Allt óvænt mörk og nánast allt hafnaði í netinu hjá honum. Það var líka frábært að við skyldum hafa klárað [Steinar] Ege eins og við gerðum. Það er sjaldan sem hann er í eins stafa tölu í vörðum skotum. Það var lykillinn að þessum árangri hjá okkur." - esá



**FYRIRLIÐINN YFIRVEGAÐUR** Ólafur Stefánsson var ekki að missa sig í gleðinni í gær. MYND/DIENER


NÚ MÆTAST STÁLIN STINN
NÝ TREFJARÍK PRÓTEINSTÖNG MEÐ SÚKKULAÐIBRAGÐI
ÖFLUGUR MEÐLIMUR Í
PRÓTEINLÍNUNNI FRÁ FREYJU
STYRKUR
10g prótein - trefjaríkt - með súkkulaðibragði
KÝLDÁÐA!
KRAFTUR
HREYSTI
FREYJA


**BJÖRGVIN PÁLL** Hefur reynst betri en enginn á EM í Austurríki. MYND/DIENER

Björgvin Páll Gústavsson:

## Vorkenni næsta andstæðingi

**HANDBOLTI** „Við erum það klikkaðir að ég vorkenni því liði sem þarf að mæta okkur næst," sagði Björgvin Gústavsson, hæstánægður eftir sigur Íslands á Noregi í gær.

„Við sýndum það í dag og höfum gert það áður á þessu móti að við erum með hungrið og sigurviljann í lagi," bætti hann við. Björgvin átti magnaðan kafla undir lok leiksins í gær og ríkan þátt í sigri Íslands gegn Noregi

„Ég komst ekki í takt við leikinn í byrjun en Hreiðar átti þá frábæra innkomu. Ég fékk svo aftur tækifæri undir lokin og næ upp góðri einbeitingu sem skilaði sér í nokkrum vörðum boltum. Aðalatriðið er þó að við erum komnir áfram í undanúrslitin." - esá

# Eiður Smári gæti spilað á miðjunni

**Harry Redknapp, stjóri Tottenham, sagði í gær að Eiður Smári Guðjohnsen yrði lánaður til félagsins frá Monaco út leiktíðina. Eiður Smári Guðjohnsen kunni vel við sig á heimavelli félagsins þegar hann lék með Chelsea. Hann skoraði eftir aðeins tólf mínútur í fyrsta leiknum á White Hart Lane fyrir tæpum níu árum.**

**FÓTBOLTI** Hlutirnir hafa gerst hratt hjá Eiði Smára Guðjohnsen síðustu daga. Á þriðjudag var hann í læknisskoðun hjá West Ham og ætlaði að gera samning við félagið. Þá stökk Tottenham í leikinn og símtal Daniels Levy stjórnarformanns virðist hafa hreyft við Eiði.

Hann var nefnilega staddur í herbúðum Tottenham í gær þar sem hann gekkst undir aðra læknisskoðun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var lítið annað eftir en að skrifa undir samning við félagið ef skoðunin gengi vel. Harry Redknapp, stjóri félagsins, sagði síðan í gær að Eiður væri kominn til félagsins.

„Mér finnst Eiður vera góður leikmaður og hann getur leikið margar stöður fyrir okkur. Hann getur spilað á miðjunni sem og í sókninni," sagði Redknapp.

„Við vorum að missa Aaron Lennon í meiðsli og því vantar dýpt á miðjuna. Við gætum spilað demantamiðju og Eiður myndi henta frábærlega í það kerfi."

Eiður Smári Guðjohnsen á góðar minningar frá tveimur leikjum sínum á White Hart Lane á sínum fyrstu árum með Chelsea en sá völlur verður einmitt heimavöllur Eiðs Smára fram á vor hið minnsta.

Eiður Smári lék alls ellefu leiki í deild og bikar með Chelsea á móti Tottenham og öll þrjú mörkin hans í þessum leikjum komu á White Hart Lane.

Eiður átti mjög eftirminnilega innkomu í sínum fyrsta leik á White Hart Lane, heimavelli, Tottenham, fyrir tæpum níu árum. Það tók Eið Smára aðeins tólf mínútur að skora í sínum fyrsta leik á White Hart Lane en Eiður kom þá inn á sem varamaður á 78. mínútu í deildarleik liðanna 17. apríl 2001. Eiður skoraði síðan markið sitt á 90. mínútu eftir frábæra samvinnu við Hollendinginn Jimmy Floyd Hasselbaink.

Eiður fékk boltann úti á kanti, lék inn að miðju, fór í þríhyrningaspil við Hasselbaink og afgreiddi boltann síðan af mikilli yfirvegun einn á móti Neil Sullivan markverði Tottenham.

Ári síðar átti Eiður Smári síðan einn sinn besta leik í enska boltanum þegar hann skoraði tvö mörk í 4-0 sigri Chelsea á White Hart Lane í átta liða úrslitum enska bikarsins. Eiður Smári var valinn maður leiksins á Sky-sjónvarpsstöðunni.

Mörk Eiðs Smára í leiknum voru keimlík en hann slapp í bæði skiptin inn fyrir vörn Tottenham og skoraði ískaldur framhjá Neil Sullivan. Fyrra markið kom á 48. mínútu eftir stungusendingu Graeme Le Saux og það síðara skoraði Eiður Smári á 66. mínútu eftir að hafa sloppið í gegnum Tottenhamvörnina.

Eiður Smári náði ekki að skora í síðustu sex leikjum sínum á móti Tottenham og á síðasta tímabili sínu með Chelsea, 2005-06, kom hann ekkert við sögu í leikjum liðanna. - hbg, óój


**FANN SIG VEL** Eiður Smári Guðjohnsen var í essinu sínu á White Hart Lane fyrir tæpum átta árum. NORDICPHOTOS/GETTY





## Hófst þú nám í pípulögnum, húsasmíði eða málaraiðn en laukst því ekki?

**Hefur þú starfað í greininni í fimm ár eða lengur og getur staðfest það með opinberum gögnum?**

Ef þú vilt ljúka námi í pípulögnum, húsasmíði eða málaraiðn þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig.

Raunfærnimat er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590-6400, jafnframt er hægt að skoða **www.idan.is** eða senda tölvupóst á netfangið **radgjof@idan.is**.

**Kynningarfundur verður haldinn um verkefnið fimmtudaginn 4. febrúar, kl.17:00 í Skúlatúni 2, 1. hæð (gengið inn vestan megin).**

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS


Arnór Atlason sýndi frammistöðu í heimsklassa gegn Noregi í gær:

## Staðfestir að við erum á meðal bestu þjóða heims

**HANDBOLTI** Arnór Atlason átti stórbrotinn leik með Íslandi gegn Noregi í gær. Hann skoraði tíu glæsileg mörk úr aðeins tólf skotum og gaf þess utan sjö glæsilegar stoðsendingar á félaga sína. Sérstaklega dýrmætur var hann í lokakafla leiksins en hann skoraði síðustu tvö mörk Íslands í leiknum.

„Þetta var auðvitað alveg frábært. Mér líður nú eins og við höfum sannað að árangur okkar á Ólympíuleikunum var engin tilviljun. Við erum komnir í hóp bestu handboltaþjóða í heimi og höfum nú staðfest það," sagði Arnór brosmildur við Fréttablaðið eftir leikinn í gær.

Hann segir þó að baráttunni sé ekki lokið enn. Þvert á móti.

„Það er ömurlegt að lenda í fjórða sæti og þá væri bara alveg eins gott að fara heim núna. Við erum því ekki hættir – langt frá því."

Arnór segist njóta þess að spila með Ólafi Stefánssyni landsliðsfyrirliði.

„Hann er einn besti handboltamaður í heimi og því vill það oft verða þannig að andstæðingurinn vill frekar fara út á móti honum. Þar af leiðandi skapast oft mikið pláss hjá mér. Mér var því í raun leyft að skjóta á markið."

Hann segir enga töfraformúlu fyrir góðri frammistöðu. „Ég byrjaði vel, skoraði úr fyrstu skotunum mínum og um leið jókst sjálfstraustið jafnt og þétt. Það var frábært að sjá þetta allt hafna í netinu og eiga það góðan þátt í að tryggja okkur sæti í úrslitunum."

Arnór er liðsfélagi Steinar Ege hjá FCK í Danmörku en sá síðarnefndi náði sér ekki á strik í norska markinu í gær og virtist ekkert vita hvernig Arnór myndi skjóta á markið.

„Ég hef skotið á hann á nánast hverjum degi í fjögur ár og þekki hann því vel. Hann þekkir mig líka vel. En þetta varð niðurstaðan að þessu sinni og ekkert nema gott um það að segja."

Arnór segir liðið ekki komið á endastöð. „Alls ekki. Við verðum að fylgja þessu eftir. Við höfum ekki enn náð þeim markmiðum sem við settum okkur fyrir mót," segir Arnór Atlason. - esá


**ÓTRÚLEG FRAMMISTAÐA** Frammistaða Arnórs gegn Noregi í gær er ein sú besta í sögu landsliðsins. Norðmenn réðu ekkert við hann. MYND/DIENER

## ÚRSLIT

*EM í handbolta:*

| | |
|---|---|
| Þýskaland-Tékkland | 26-26 |
| Slóvenía-Spánn | 32-40 |
| Pólland-Frakkland | 24-29 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frakkland | 5 | 4 | 1 | 0 | 135-118 | 9 |
| **Pólland** | **5** | **3** | **1** | **1** | **148-144** | **7** |
| Spánn | 5 | 3 | 1 | 1 | 162-133 | 7 |
| **Tékkland** | **5** | **1** | **1** | **3** | **142-154** | **3** |
| Slóvenía | 5 | 0 | 2 | 23 | 159-178 | 2 |
| **Þýskaland** | **5** | **0** | **2** | **3** | **127-136** | **2** |



**VONBRIGÐALIÐ** Danir stóðu ekki undir eigin væntingum á EM og áttu aldrei möguleika gegn Króatíu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Milliriðill 2:

# Frakkar skelltu Pólverjum

**HANDBOLTI** Spánverjar sátu eftir með sárt ennið þegar Frakkar lögðu Pólverja, 29-24, í síðasta leik milliriðils 2.

Talsverð pressa var á Frökkum fyrir leikinn þar sem tap í honum hefði fleytt Spánverjum áfram. Spánverjar kláruðu sitt verkefni vel gegn Slóveníu og vonuðu hið besta.

Frakkarnir stigu aftur á móti upp þegar á þurfti að halda og lönduðu öruggum sigri á Pólverjum sem voru eflaust ekki að keyra á fullu gasi þar sem liðið hafði þegar tryggt sig áfram í undanúrslit fyrir leikinn.

Það verða því Danir og Spánverjar sem leika um 5.-6 sætið á mótinu að þessu sinni. - hbg

Vináttulandsleikur í fótbolta:

# Ísland mætir Mexíkó

**KNATTSPYRNA Íslenska landsliðið fær spennandi vináttulandsleik gegn landsliði Mexíkó þann 24. mars.**

**Leikurinn mun fara fram í Charlotte í Bandaríkjunum þar sem landslið Mexíkó verður á æfingaferðalagi fyrir HM.**

**Þetta er annar vináttulandsleikurinn sem næst í hús á stuttum tíma en fyrr í vikunni var tilkynnt að Ísland myndi mæta Liechtenstein á Laugardalsvelli þann 11. ágúst.** - hbg



**RÓBERT** Hefur átt frábæra leiki á EM. MYND/DIENER

Róbert Gunnarsson:

# Héldum haus

**HANDBOLTI** Róbert Gunnarsson sagði leikinn við Noreg í gær hafa verið mjög furðulegan.

„Þetta var fáránlegur leikur,“ sagði Róbert. „Norðmennirnir grýttu sér í jörðina hvað eftir annað og við vorum alltaf að fá dæmdar á okkur ólöglegar hindranir. En svo gerðist það hinum megin líka.“

Hann segir þó að dómararnir hafi ekki hallað meira á annað liðið.

„Nei, alls ekki. En þetta var skrýtinn leikur og því var það svo gott hjá okkur að halda haus. Þetta var erfiður leikur og við tileinkum allir Gunnari Magnússyni sigurinn.“ - esá

Viktor Bjarki Arnarsson samdi við KR í gær:

# Ætla mér aftur út

**FÓTBOLTI** Viktor Bjarki Arnarsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við KR. Þetta er í annað sinn sem hann kemur til KR en hann lék þar sem lánsmaður hjá félaginu sumarið 2008.

„Þetta er þriggja ára samningur en ég ætla mér aftur út eftir eitt ár,“ segir Viktor Bjarki léttur og ákveðinn. Hann lék með Nybergsund í fyrra en var ekki spenntur fyrir að vera þar áfram. „Þetta var ekkert til að hrópa húrra fyrir. Þessi bolti hentaði mér ekki vel. Langar spyrnur í stað þess að spila fótbolta.“

Viktor fór upphaflega til Lilleström en þjálfarinn sem keypti hann þangað var rekinn viku eftir að hann kom til félagsins. „Svo meiddist ég og fékk engin tækifæri hjá nýja þjálfaranum. Þetta gekk ekki alveg upp en ég sé samt alls ekkert eftir tímanum í Noregi,“ segir Viktor Bjarki sem segist vera sáttur við samninginn við KR.

„Ég á bestu árin eftir og efsta deild hér heima er betri gluggi en neðri deild í Noregi,“ segir Viktor en af hverju KR? „KR var áhugaverðasti kosturinn. Það vantar mann fyrir Gumma Ben. sem vill spila fótbolta. Svo þekki ég félagið vel og mér líkar einnig vel við Loga þjálfara.“ - hbg



**AFTUR Í RÖNDÓTT** Viktor Bjarki er hér í leik með KR árið 2008. MYND/VALLI





## > Ryan Reynolds

„Áhugamál mín snúast aðallega um mótorhjól. Þau eru ekki hættulaus en það eru til hættulegri áhugamál. Til dæmis rússnesk rúlletta.“

***Reynolds fer með aðalhlutverkið í myndinni Waiting sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.50.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON GETUR EKKI ANNAÐ EN SKRIFAÐ UM HANDBOLTA**

## *Silfurdrengirnir sem sameina þjóðina*

Auðvitað mun þessi fjölmiðlapistill fjalla um handbolta, hvað annað getur maður skrifað um á tímum sem þessum?

Handboltinn hefur verið nefndur þjóðaríþrótt okkar Íslendinga og réttilega svo, enda eina íþróttin sem við erum virkilega góð í. Handboltinn er einnig eina boltaíþróttin sem ég og vinkonur mínar höfum gaman af að horfa á. Hraðinn og spennan sem honum fylgir er eitthvað sem við vinkonurnar getum sameinast yfir án þess að því fylgi nokkur tilgerð. Nokkrar þeirra æfðu meira að segja handbolta í æsku og kunna því allar reglurnar í þaula, líka rétta lingóið, og geta útskýrt leikinn fyrir þeim sem aldrei hafa sjálfar æft.

Í stað saumaklúbba hittumst við nú yfir handbolta, bökum flatbökur, drekkum bjór og ræðum fyrri leiki áður en dómarinn loks flautar til leiks. Og þá hefst gamanið, öskrin, stappið og dónalegur talsmáti þegar verið er að blóta góðu gengi andstæðingsins eða ömurlegri dómgæslu erlendra dómara.



Mitt í kreppunni hafa landsmenn nú eitthvað til að gleðjast yfir, og það er gott gengi íslenska handboltalandsliðsins á EM. Þjóðin hefur sameinast enn og aftur yfir boltaleik. Vinnustaðir sýna beint frá leikjum, menn hittast til að horfa saman á beina útsendingu frá Vínarborg og sögur herma að framhaldsskóli nokkur hafi meira að segja varpað leiknum á tjald í miðjum matsalnum fyrir nemendur sína. Það er kannski engin furða því sumir leikjanna eru svo spennandi að engin Hollywood-kvikmynd gæti nokkurn tíman komist með tærnar þar sem handboltinn hefur hælana. Áfram Ísland.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.30 Daily Show: Global Edition** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.20 Auddi og Sveppi** STÖÐ 2



▶ **19.25 Atvinnumennirnir okkar** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10 Dirty Dancing 2: Havana Nights** SKJÁREINN

### SJÓNVARPIÐ

**16.45 Leiðarljós** (e)

**17.30 Táknmálsfréttir**

**17.40 Bjargvætturinn** (22:26)

**18.05 Tóta trúður** (9:26)

**18.30 Galdrakrakkar** (7:13)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Hornafjörður og Skagafjörður eigast við í 16 liða úrslitum. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.

**21.05 Lögin í söngvakeppninni** Leikin verða lögin tvö úr síðasta þætti sem komust í úrslit.

**21.20 Stúlkan sem stafaði rétt** (The Girl Who Spelled Freedom) Bandarísk bíómynd frá 1986. Kambódísk hjón flytjast með börn sín til Bandaríkjanna og dóttir þeirra verður meistari í því að stafa orð.

**22.55 Taggart - Líflína** (Taggart: Lifeline) Skosk sakamálamynd. Bóksalinn Derek McGrath finnst látinn í bíl sínum og virðist hafa stytt sér aldur. Það þykir einkennilegt vegna þess að hann vann sem sjálfboðaliði hjá hjálparsamtökum en ýmislegt bendir til þess að hann hafi haldið fram hjá eiginkonunni með samstarfskonu sinni þar.

**00.05 Falsararnir** (Die Fälscher) Austurrísk bíómynd frá 2007 byggð á sannri sögu Salomons Sorowitsch sem nasistar handtóku árið 1936 og létu taka þátt í mestu peningafölsun sögunnar. (e)

**01.40 Lögin í söngvakeppninni** Leikin verða lögin tvö úr síðasta þætti sem komust í úrslit.

**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Gridiron Gang**

**08.15 A Good Year**

**10.10 Leatherheads**

**12.00 Firehouse Dog**

**14.00 A Good Year**

**16.00 Leatherheads**

**20.00 Gridiron Gang**

**22.00 The Last King of Scotland**

**00.00 The Man**

**02.00 The Squid and the Whale**

**04.00 The Last King of Scotland**

**06.00 Köld slóð**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Ruff's Patch, Kalli litli kanína og vinir.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.10 The Apprentice** (11:14)

**10.55 America's Got Talent** (17:20)

**12.10 America's Got Talent** (18:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (117:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (118:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (119:300)

**15.15 Identity** (11:12)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli kanína og vinir, Aðalkötturinn

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

▶**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**20.00 Wipeout - Ísland** Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða braut á sem stystum tíma. Hér reynir á á líkamlegan styrk, kænsku, jafnvægi, snerpu og heppni.

**21.00 Logi í beinni** Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmann.

**21.50 Waiting** Kolsvört gamanmynd með Ryan Reynolds og Justin Long í aðalhlutverkum. Myndin segir frá þjónum og kokkum sem bera litla virðingu fyrir viðskiptavinunum. Ef þú móðgar þennan hóp getur þú átt von á viðbjóðslegum hefndaraðgerðum.

**23.20 The Fountain** Epísk stórmynd frá Darren Aronovsky með Hugh Jackman og Rachel Weisz í aðalhlutverkum. Elskendur leita út fyrir öll mörk tímans að ódauðleikanum til þess að geta verið saman og varðveitt ástina að eilífu.

**00.55 Drumline**

**02.50 Flight 93**

**04.20 Wipeout - Ísland**

**05.10 Friends**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.05 Bob Hope Classic** Sýnt frá hápunktunum á Bob Hope Classic-mótinu í golfi.

**19.00 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.

▶**19.25 Atvinnumennirnir okkar: Grétar Rafn Steinsson** Skyggnst verður bak við tjöldin hjá Grétari Rafni Steinssyni sem leikur með Bolton á Englandi.

**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**20.30 NBA - Bestu leikirnir: Chicago Bulls - Phoenix, 1993** Chicago Bulls og Phoenix Suns mættust í úrslitum NBA árið 1993. Þriðji leikurinn í úrslitaeinvíginu verður lengi í minnum hafður en þríframlengja þurfti til að knýja fram úrslit.

**22.10 Champions Invitational** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**23.00 Poker After Dark**

**23.45 Poker After Dark**

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.35 Chelsea - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.15 Wolves - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.55 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.25 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**21.20 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**21.50 PL Classic Matches** West Ham - Bradford, 1999.

**22.20 PL Classic Matches** Leeds - Liverpool, 2000.

**22.50 Premier League Preview 2009/10**

**23.20 Tottenham - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (1:17) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (1:17) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.25 What I Like About You** (e)

**16.50 7th Heaven** (10:22) Bandarísk unglingasería þar sem Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt.

**17.35 Dr. Phil**

**18.20 One Tree Hill** (4:22) (e)

**19.05 Still Standing** (8:20) Bandarísk gamansería.

**19.30 Fréttir**

**19.45 King of Queens** (23:25) (e)

▶**20.10 Dirty Dancing 2: Havana Nights** Rómantísk dansamynd frá 2004. Myndin gerist á Kúbu rétt fyrir stjórnarbyltinguna og fjallar um unga barndaríska konu sem finnur ástríðuna fyrir dansi með kúbverskum dansfélaga. Aðalhlutverk: Romola Garai, Diego Luna, Jonathan Jackson og Sela Ward.

**21.40 30 Rock** (15:22) (e)

**22.05 High School Reunion** (4:8) (e)

**22.50 Leverage** (1:15) (e)

**23.40 The L Word** (1:12) (e)

**00.30 Saturday Night Live** (3:24) (e)

**01.20 Fréttir** (e)

**01.35 King of Queens** (23:25) (e)

**02.00 Premier League Poker** (4:15)

**03.40 Girlfriends** (10:23) (e)

**04.05 The Jay Leno Show** (e)

**04.50 The Jay Leno Show** (e)

**05.35 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimsstjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.

**21.00 Mannamál** Sigmundur Ernir Rúnarsson alþingismaður fjallar um þingstörfin framundan.

**21.30 Grínland** Alvöru íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




OG SVARAÐU NÚ!

HEMMI Á SUNNUDÖGUM FRÁ KL. 16-18:30

- Björn Ingi Hilmarsson leikari í viðtali.
- Sérfræðingur um Mancester United etur kappi við sérfræðing um hljómsveitina Blur í spurningakeppni.
- Fréttakonan fríða, Guðný Helga Herbertsdóttir fer yfir léttar og skemmtilegar fréttir vikunnar.

Góða skemmtun!

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### Wipeout - Ísland



Hér er á ferðinni bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma og reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni. Meðal þátttakenda sem spreyta sig á rauðu boltunum í kvöld er Hrafna Idol-stjarna, Hansi íþróttafréttamaður, skáti sem æfir Lindy hop, hressasta amma Íslands og tölvusérfræðingur sem gekk á 100 hæstu fjöll Íslands á tíu mánuðum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Logi í beinni**

### Stöð 2 kl. 21.00



Líkt og önnur föstudagskvöld mun Logi Bergmann taka á móti gestum í sjónvarpssal. Að þessu sinni á hann von á leikaranum Kjartani Guðjónssyni (Dadda), skemmtikraftinum Sveppa og söngkonunni Jóhönnu Guðrúnu. Þá ætlar Jóhann Mið-Íslendingur að vera með uppistand og hljómsveitin Morðingjarnir flytur tónlistaratriði.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
**15.25** Líf, en aðallega dauði - Fyrr á öldum
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngfuglar
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Supernanny** (17:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð sem skila árangri.

**▶18.30 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Supernanny** (17:20)

**20.30 Daily Show. Global Edition**

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS** (4:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**22.35 Fringe** (8:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

**23.20 Five Days** (4:5) Áhrifamikil og vönduð framhaldsmynd frá HBO og BBC í fimm þáttum sem fjallar um leyndardómsfullt hvarf móður og barna hennar.

**00.20 Auddi og Sveppi**

**00.55 Logi í beinni**

**01.40 Fréttir Stöðvar 2**

**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.30** Hustle **11.20** Only Fools and Horses **11.50** After You've Gone **12.20** Blackadder Goes Forth **12.50** Absolutely Fabulous **13.20** Robin Hood **14.05** Robin Hood **14.50** Sensitive Skin **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** Hustle **17.00** Robin Hood **17.45** The Weakest Link **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** Sensitive Skin **19.30** New Tricks **20.20** Marc Wootton Exposed **20.50** The Jonathan Ross Show **21.40** Sensitive Skin **22.10** Only Fools and Horses **22.40** After You've Gone **23.10** Blackadder Goes Forth **23.40** Absolutely Fabulous

## DR 1

**10.00** Undercover chef - ISS **10.30** Solens mad **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **13.00** Rabatten **13.30** Danmarks Indsamling - Hjælpen er nået frem **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Sigurd og Symfoniorkesteret **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** 16 Blocks **22.05** Ryggen mod muren **23.35** Boogie Mix

## NRK 1

**10.20** Forkveld **11.00** NRK nyheter **11.10** Ut i nærturen **11.40** V-cup alpint **12.30** Norge rundt **12.55** V-cup hopp **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Kvitt eller dobbelt **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporlost forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Etter katastrofen **23.20** Coldplay - store oyeblikk

## SVT 1

**10.15** Landet runt **11.00** Rapport **11.20** Alpint. Världscupen **12.20** Alpint. Världscupen **13.30** Jordbävningar **14.00** Antikrundan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Små grytor har också öron **16.25** Nio mil i blindo **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Legenden om Zorro **23.05** Sverige! **23.35** Solens mat


SÝRLAND NÁMSKEIÐ




Langar þig að talsetja teiknimyndir?



Námskeið fyrir börn og unglinga
Námskeið fyrir fullorðna

Hefur þig alltaf langað að sýna hvað í þér býr? Nú er tækifærið því við erum að fara af stað með námskeið í talsetningu teiknimynda. Mörg þeirra barna og unglinga sem sótt hafa námskeið hjá okkur í talsetningu hafa fengið tækifæri til að tala inn á alvöru teiknimyndir, bæði fyrir sjónvarp og kvikmyndahús.

10 vikna námskeið fyrir börn og unglinga hefjast 9. febrúar.*
Aldurstakmark: Börn fædd 2002 og eldri.
4 vikna námskeið fyrir fullorðna hefjast í febrúar.
**NÝTT! Bjóðum nú upp á framhaldsnámskeið.****

Kennd eru undirstöðuatriði í
- Framsögn
- Raddbeitingu
- Upplestri
- Túlkun
- Talsetningu á myndefni

* tímasetning gæti breyst
** tímasetning er háð þátttöku




***Verð 29.900 kr.***

**Nánari upplýsingar á heimasíðu Sýrlands, www.syrland.is eða í síma 563-2910.**

**Skráning er hafin og er hægt að senda tölvupóst á bokanir@syrland.is, eða hringja í síma 563-2910**

SÝRLAND
HLJÓÐVER · HLJÓÐSETNING · HÖNNUN

Vatnagörðum 4 | Sími: 563 2910 | info@syrland.is | www.syrland.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er búinn að vera að hlusta á Hawk is Howling með Mogwai og Howl með BRMC er enn þá á fóninum frá því ég keypti hana fyrir fjórum árum. Annars bý ég með músík-skinku sem mengar eyru mín alla daga með sorpi sem ég er farinn að kunna betur og betur að meta því ég er svo þróuð mannvera og get aðlagast öllu.“*

Gaukur Úlfarsson kvikmyndagerðarmaður.

# Organisti vann bretti af græjum

Steingrímur Þórhallsson, organisti og kórstjóri í Neskirkju, leynir á sér því hann sigraði nýlega í mikilli dægurlagakeppni á vefsíðunni Broadjam.com. Síðan er ætluð ungum tónlistarmönnum til að koma sér á framfæri.

„Þetta er þeirra aðalkeppni sem heitir 6-pack og gengur út á að þú átt að senda inn lög í sex flokkum, meðal annars ósungið lag, andlegt lag og ástarlag,“ segir Steingrímur – eða Stein Thor eins og hann kallar sig í útlöndum. „Svo kusu innskráðir notendur milli laganna. Maður gat bæði unnið í hverjum flokki fyrir sig og svo alla keppnina ef maður safnaði nógu mörgum stigum í heildina. Ég sigraði í ósungna flokknum og svo alla keppnina því ég var nógu ofarlega í mörgum flokkum. Sigurinn kom mjög á óvart því ég nennti eiginlega ekki að taka þátt í ástarlagaflokknum. Svo í vikunni sem keppnin var að klárast var ég bara allt í einu orðinn efstur. Ég svaf ekkert í 3-4 daga. Stigatalan breyttist á nóttunni því þetta er bandarísk keppni og átta tíma mismunur.“

Verðlaunin, sem nú eru á leiðinni til landsins, eru ekkert slor. „Þetta er heilt bretti af græjum að verðmæti 30.000 dollarar og allt dót sem kemur manni vel,“ segir Steingrímur. „Einhver þrjú hljómborð, tveir gítarar, hljóðkort, mækar, mixerar og svo framvegis. Ég veit ekki hvernig maður verður þegar þetta kemur til landsins. Verðlaunin eru þó ákveðinn bjarngreiði við mig því ætli ég þurfi ekki að borga mörg hundruð þúsund krónur í aðflutningsgjöld. Ég verð að fara að vara þá í tollinum við að þetta sé á leiðinni.“

Steingrímur stundar nám í tónsmíðum í Listaháskólanum auk þess að starfa í Neskirkju. Hann segir verðlaunin mikla hvatningu fyrir sig og hefur síður en svo sagt sitt síðasta á þessum vettvangi. - drg



SVAF EKKERT AF SPENNINGI Steingrímur Þórhallsson sigraði í tónsmíðakeppni á vefsíðunni Broadjam.com. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** báru að, **6.** mannþyrping, **8.** málmur, **9.** pili, **11.** vörumerki, **12.** tíðindi, **14.** langt op, **16.** ekki, **17.** dýrahljóð, **18.** angan, **20.** ætíð, **21.** skarpur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurft, **3.** pot, **4.** móðu, **5.** þangað til, **7.** áhald, **10.** duft, **13.** þvottur, **15.** frjáls, **16.** trjátegund, **19.** hef leyfi.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** komu, **6.** ös, **8.** tin, **9.** rim, **11.** ss, **12.** frétt, **14.** klauf, **16.** ei, **17.** urr, **18.** ilm, **20.** sí, **21.** klár.
**LÓÐRÉTT: 1.** þörf, **3.** ot, **4.** mistur, **5.** uns, **7.** sirkill, **10.** mél, **13.** tau, **15.** frír, **16.** eik, **19.** má.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. iPad.
2. Ásbjörn Óttarsson.
3. 95 milljarðar.

Auglýsingasími 512 5050

RAGNAR BRAGASON: MEIRI KEYRSLA Í AMERÍSKU SERÍUNNI

# GEORG BJARNFREÐARSON SVEITALÚÐI Í AMERÍKU

Ragnar Bragason, leikstjóri Vaktar-þáttanna, hefur selt handritið að amerísku útgáfunni af Næturvaktinni sem handritshöfundurinn Adam Barr hefur unnið en Barr skrifaði handrit fyrir þætti á borð við Desperate Housewives og Will & Grace. Ekki liggur enn fyrir hvort farið verður í gerð pilotþáttar eftir handritinu en að sögn Kjartans Þórs Þórðarsonar, framkvæmdastjóra Saga Film, ætti það að skýrast á næstunni.

Örlitlar breytingar hafa verið gerðar á persónum þáttanna eins og gefur að skilja fyrir bandaríska sjónvarpið. Þannig hefur nafni Ólafs Ragnars verið breytt í Tommy en að sögn Ragnars verður sú persóna að mestu leyti óbreytt. „Hann er umboðsmaður einhverrar hljómsveitar og það kemur mér í sjálfu sér ekkert á óvart að hann skuli hafa farið „ómengaður“ inn í handritið, hann er svona amerískі draumurinn holdi klæddur.“ Daníel, sem Íslendingar myndu seint kvitta upp á að væri eitthvert kyntröll, er hins vegar orðinn mikill kvennaljómi í bandarísku útgáfunni og segir Ragnar hafa lesið það út úr handritinu að hann eigi eftir að vera í tygjum við nokkra kvenmenn og að í uppsiglingu sé hugsanlegur ástarþríhyrningur. Þess ber þó að geta að Daníel mun eftir sem áður heita Daniel.

Mesta breytingin verður hins vegar á Georg Bjarnfreðarsyni. Ragnar segir það ekki hafa komið sér á óvart. „Georg er náttúrlega kommúnisti í íslensku þáttaröðunum og slíkt er dauðasök í Ameríku, að vera kommi er næstum verra en að vera morðingi. Þannig að hann er gerður að svokölluðum „survivalist“,“ útskýrir Ragnar en slíkir menn eru náskyldir „rednecks“ eða sveitalúðum. „Hann á allavega einhverja þannig vini og hreykir sér af því að geta lifað einn af úti í villtri náttúrunni með einn hníf að vopni,“ segir Ragnar og bendir á að þetta sé nokkuð skondið. „Georg og Ólafur voru náttúrlega andstæður, hin gömlu stórveldi, Sovétríkin og Ameríka.“

Þá segir Ragnar að miklar breytingar hafi verið gerðar á andrúmslofti þáttanna. Í frumútgáfunni hafi þeir leyft sér að hafa langar þagnir og atriði þar sem lítið var að gerast í raun og veru. „Bandaríkjamenn hafa ekki alveg þolinmæði fyrir slíku, þeir vilja meiri keyrslu og meiri hraða, svona svipað og var gert með amerísku útgáfuna af The Office,“ segir Ragnar og bætir loks við að bandaríska útgáfan gerist á bensínstöð í úthverfi Los Angeles.

freyrgigja@frettabladid.is



### ÁHERSLUBREYTINGAR

**Ólafur Ragnar** heitir Tommy í bandarísku útgáfunni af Næturvaktinni. Handritið er klárt og talið er nánast öruggt að prufuþáttur eða „pilot“ verði gerður eftir því. **Daníel** mun eftir sem áður heita Daniel en er í handritinu lýst sem kvennaljóma og **Georg** verður að sjálfsögðu ekki kommúnisti, enda slíkt bannorð í Ameríku. Í stað þess verður hann hálfgerður „redneck“ eða sveitalúði. **Ragnar Bragason** leikstýrði íslensku þáttaröðinni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Erlendar vefsíður á borð við Indian Express greindu frá því í gær að **Kate Winslet** myndi tala inn á Sólskinsdrenginn, heimildarmynd Friðriks Þór Friðrikssonar um einhverfa strákinn Kela. Þetta eru engar nýjar fréttir fyrir Íslendinga. Það sem hins vegar vakti mestu athyglina hjá erlendu fréttasíðunum er sú staðreynd að Kate gerir þetta frítt og var það talið til marks um gott hjartalag leikkonunnar. Athygli vekur að sama orðalag var að finna í öllum fréttunum og því ljóst að einhver úr innsta hring Winslet hefur ákveðið að koma þessu á framfæri við heimspressuna.

Og meira af kvikmyndum. Óvænt samstaða hefur myndast meðal kvikmyndagerðarmanna sem hingað til hafa verið fremur höfuðlaus her. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur niðurskurður menntamálaráðherra og yfirlýsingar **Páls Magnússonar** útvarpsstjóra farið illa í íslenska kvikmyndagerðarmenn. Hátt í þrjú hundruð mættu á baráttufund á Hótel Borg og segja gárungarnir að það hafi hreinlega aldrei gerst að jafnmargir kvikmyndaleikstjórar hafi mætt á einn stað og verið sammála í meginatriðum.



Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vinna nú margir að því að gera myndbönd og kynningarefni sem á að sýna hversu mikilvægur kvikmyndaiðnaðurinn er fyrir íslenskan efnahag. Einn þeirra er Ólafur Jóhannesson sem hefur þegar birt sitt myndband á vefsíðunni Videmo. Myndbandið heitir Borgríki og skartar **Birni Thors**, Ólafi Darra, Ingvar E. Sigurðssyni og Ágústu Evu í aðalhlutverkum. Í fyrstu virðist þetta vera ramm-íslensk hasarmynd en svo allt í einu er klippt og greint frá því að þetta sé myndin sem aldrei verður vegna fyrirhugaðrar niðurskurðar. - fgg



HAFBERG
fiskbúð sælkerans
SÚRT HVALSRENGI
HÁKARL FRÁ BJARNARHÖFN
HARÐFISKUR FRÁ GRENIVÍK
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Mamma stolt af Arnóri

„Auðvitað vona ég að honum gangi vel og bara öllu liðinu. Það skiptir ekki máli hver skorar þessi mörk. Liðsheildin skiptir gífurlegu máli og er að fleyta þessu liði áfram, en auðvitað er gott að hafa einhverja sem taka á skarið,“ segir Hildur Arnardóttir, stolt móðir Arnórs Atlasonar, hægrihandarskyttu íslensa landsliðsins í handbolta.

Ísland tryggði sér sæti í undanúrslitun Evrópumótsins í Austurríki í gær með sigri á Noregi. Arnór skoraði 10 mörk í leiknum ásamt því að gefa nokkrar frábærar stoðsendingar. Arnór er sonur Hildar og Atla Hilmarssonar handboltahetju. Hann hefur leikið frábærlega á mótinu og er markahæsti maður liðsins. „Það er náttúrulega frábært að horfa á leikina, það er ekkert öðruvísi. Bara æðislegt,“ segir Hildur og játar að stressið geri vart við sig þegar leikirnir ná hámarki. „...En ég hafði alltaf trú á því að við myndum vinna Noreg. Ég var ákveðin í því.“

Samfélagið leggst í dvala á meðan leikir íslenska landsliðsins eru í gangi og eins og margir aðrir þá horfði Hildur á leikinn í gær í vinnunni. Hún íhugar nú að skella sér til Austurríkis og ná undanúrslitunum. En hvernig metur hún möguleika íslenska landsliðsins? „Þeir fara alla leið - ekki spurning!“ -afb



FRÁBÆR Arnór Atlason hefur leikið frábærlega á EM og mamma er að sjálfsögðu stolt.

# Útsalan í fullum gangi

**30-50% afsláttur**



HEIMA HÚSIÐ

heima mood lifum

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jogastudio.org
JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekki aðgerðalausir

Poppsveitin Á móti sól tekur því rólega þessa dagana eftir mikl- ar annir undanfarin ár. Annað spilar inn í því gítarleikarinn Sævar Helgason gengst undir mjaðm- askiptaaðgerð í mars en óvíst er hvort söngvarinn **Magni Ásgeirs- son** þarf að fara í aðgerð vegna bakflæðis. Sveitin hefur ekki tekið ákvörðun um hvenær hún ætlar að skemmta landsmönnum á nýjan leik en aðdáendur hennar vonast til að það verði síðar á þessu ári. Síðasta plata Á móti sól, 8, seldist í tæplega þrjú þúsund ein- tökum fyrir jólin sem er nokkuð undir vænting- um og má því búast við því að sveitin mæti tvíefld til leiks næst þegar hún lætur að sér kveða.



### Páll hættur að lesa?

Starfshópur menntamálaráðherra um ríkisútvarpið skilaði af sér skýrslu sem við sögðum frá á for- síðu. Meðal þess sem gagnrýnt var í skýrslunni er að Páll Magnússon útvarpsstjóri skuli lesa fréttir. Páll virðist hafa brugðist fljótt við þeirri gagnrýni, því síðustu tvö kvöld hefur María Sigrún Hilmarsdóttir séð um fréttalesturinn, en hún er ný í þessu hlutverki.

### Aðstoð frá aðstoðarmanni

Sverrir Þór Sverrisson, betur þekkt- ur sem Sveppi, fer með aðalhlut- verkið í leikritinu Algjör Sveppur – dagur í líf stráks, sem frumsýnt verður í Íslensku óperunni á morgun. Stífar æfingar hafa staðið yfir síðustu vikur en verkið byggir á leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar og er í leikstjórn Felix Bergsson- ar. Sveppi hefur notið aðstoðar bróður síns, Ingvars Sverrissonar, en sá er þaulvanur því hlutverki enda sérlegur aðstoðarmaður Kristjáns L. Möll- er samgöngu- ráðherra.



### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Mikil leynd hvílir yfir fundinum í Haag
2. Miskabætur vegna barnaníðs lækkaðar
3. Barn fékk stíflueyði á sig
4. Ákærður fyrir að klæðast lögreglufötum
5. Prestur iðrast prófkjörssynda







